**TRYGGVI ÁKI PÉTURSSON**

*Til Kína til að æfa og keppa í borðtennis*

• ferðir • bílar • heimili

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**BÖRN**

*Hressir, skapandi og fróðleiksfúsir krakkar*

Sérblað um börn

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**HALLDÓR ÞORGEIRSSON**

*Fékk hjartaáfall við garðsláttinn*

Gat ekki fylgt Veðramótum á kvikmyndahátíðina í Moskvu

**FÓLK 34**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. júní 2008 — 171. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Spilar á Hróarskeldu

Andri Freyr Viðarsson er farinn að æfa sig fyrir neðanvatnstónleika á tónlistarhátíðinni.

**FÓLK 26**



### Blóminn fagur

Einar Már Jónsson fjallar um hvernig það getur komið Frakklandsforseta í bobba að geta ekki sagt nei við konur.

**Í DAG 18**

### Viðrar vel á Sigur Rós



Haraldur Ólafsson spáir þokkalegu veðri fyrir Náttúru-tónleikana.

**FÓLK 34**

### Vítaspyrna réði úrslitum

Arnar Gunnlaugsson tryggði FH sigur á Val í uppbótartíma.

**ÍÞRÓTTIR 30**



## VEÐRIÐ Í DAG




**SÍÐDEGISSKÚRIR** Í dag verða norðlægar áttir, 3-8 m/s. Bjart með köflum en hætt við síðdegisskúrum, einkum norðaustan og austan til. Hiti 10-17 stig, hlýjast til landsins á landinu sunnan- og vestanverðu.

**VEÐUR 4**

# Stjórnvöld rannsaki veikingu krónunnar

**Gengi krónunnar hefur lækkað um ríflega tíu prósent í mánuðinum, en um fjörutíu prósent frá áramótum. Aftur mikil gengislækkun í lok ársfjórðungs. Kemur bönkunum ekki vel, segir Ingólfur Bender. Lektor við HR vill rannsókn.**

**EFNAHAGSMÁL** „Stjórnvöld hljóta fyrir sitt leyti að grennslast fyrir um rætur þessarar veikingar krónunnar. Á svona grunnum markaði er ekki fráleitt að ímynda sér að bankarnir geti haft töluverð áhrif á gengið ef þeir kæra sig um,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Ólafur bendir á að gengi krónunnar hafi veikst töluvert í lok fyrstu tveggja ársfjórðunganna og veltir upp þeirri spurningu hvort framvegis verði um að ræða ársfjórðungslegan atburð.

„Þetta minnir mig á stöðuna í mars,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands. Hann segist þó ekkert hafa í höndunum til að fullyrða að bankarnir þrýsti genginu niður nú.

**ÞRÓUN GENGISVÍSITÖLU**




**GENGI KRÓNUNNAR** Krónan veiktist umtalsvert í lok mars þegar fyrsta ársfjórðungi lauk. Nú virðist sama uppi á tengingnum við lok annars ársfjórðungs.

Gengi krónunnar hefur lækkað um ríflega tíu prósent í mánuðinum. Frá áramótum hefur gengið lækkað um fjörutíu prósent. Það hrundi í mars og hefur svo tekið skarpa dýfu niður á við undanfarið.

„Gjaldeyrisstaða bankanna skýrist af vörnum þeirra fyrir gengisbreytingum og áhrifum þeirra á eigið fé. Bankarnir eru að verja fjármálalegan stöðugleika sem hér þarf að vera. Gengislækkun er ekki að hjálpa hagkerfinu né stórum hluta viðskiptavina bankanna sem kemur bönkunum ekki vel,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis.

„Með því að hafa eigin gjaldmiðil búum við yfir sveigjanleika,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í ávarpi á málþingi fjárfesta í Lundúnum í gær.

-bþa/ sjá Markaðinn



**VEIÐIMENN FRAMTÍÐARINNAR** Ungir veiðimenn hópuðust niður á Flensborgarbryggju í gær þar sem dorgveiðimót Hafnarfjarðar fór fram. Þessar þrjár hressu stelpur höfðu ekki mikla reynslu af veiði fyrir keppnina. Lovísa og Heiða höfðu aldrei áður dregið fisk úr sjó. Hlökk hafði þó náð sínum jómfrúrfiski í veiðiferð með föður sínum. „Pabbi er ekki góður að veiða,“ sagði Hlökk. Ég veiddi einn krossfisk en hann veiddi ekki neitt.“ Sjá síðu 14

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Byggingafélag námsmanna bregst við rekstrarvanda með því að hækka leiguna:

# Hækkar um fimmtán prósent

**HÚSNÆÐI** Byggingafélag námsmanna hefur hækkað húsaleigu á meirihluta íbúða félagsins um 15 prósent frá næstu mánaðamótum.

Kemur þetta til vegna óvænts rekstrarvanda sem bregðast þurfi við að því er fram kemur í bréfi sem íbúum barst í gær.

„Við erum að styrkja rekstur félagsins og þetta er einn liður í því,“ segir Sigurður Páll Harðarson, framkvæmdastjóri félagsins en einnig stendur til að leita leiða til endurfjármögnunar og lækkunar rekstrarkostnaðar.

Sigurður Páll neitar að tjá sig um það hvort hækkunin hafi komið til vegna fjártjóns sem fyrirtækið hefur orðið fyrir vegna umsvifa fyrri stjórnarformanns og framkvæmdastjóra félagsins. Þeir sæta nú rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra vegna gruns um að þeir hafi hagnast verulega á félaginu eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu.

„Málið er í rannsókn og í eðlilegum farvegi, við getum ekkert sagt á þessu stigi málsins,“ segir Sigurður.

Bygging stúdentagarða á vegum félagsins við Einholt og Þverholt liggur enn niðri vegna rannsóknarinnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði húsaleigan í íbúðum félagsins við Háteigsveg þegar hækkað um 12 prósent um síðustu mánaðamót.

- ht



**STÓRFRAMKVÆMDIR** Stokkurinn fer niður við hringtorgið sunnan Tónlistar- og ráðstefnuhússins og kemur upp við Tollhúsið.

Stokkur við tónlistarhús:

# Kostar fjóra og hálfan milljarð

**SKIPULAGSMÁL** Það mun kosta fjóra og hálfan milljarð að setja Sæbraut og Geirsgötu í stokk við Tónlistar- og ráðstefnuhúsið samkvæmt frumkostnaðaráætlun. Ekki er ljóst hver hlutdeild Reykjavíkurborgar yrði, en þess er vænst að kostnaður skiptist á milli ríkis, borgar og eigenda lóðanna tveggja við húsið; Portusar og Landsbankans.

Hugmyndir eru um að tengja þann stokk við annan stokk við Mýrargötu sem mun ná að Ánanaustum. Óljóst er hver kostnaður við það yrði.

Málið verður tekið fyrir í fagráðum borgarinnar á næstu vikum.

- kóp

FME ákveður um rannsókn:

# Eimskip skoðað

**VIÐSKIPTI** **Eimskipafélagið er nú til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu (FME). Þetta staðfestir Íris Björk Hreinsdóttir, upplýsingafulltrúi FME. Málið snýst hugsanlega um upplýsingaskyldu vegna afskriftar á dótturfélaginu Innovate. Eimskip er skráð félag og eru hluthafar þess um tuttugu þúsund. Stjórn félagsins hafði vitneskju um erfiðleika dótturfélagsins þegar í febrúar og vissi fyrir víst í maí að félagið þyrfti að afskrifa. Þar með fóru níu milljarðar króna auk tugmilljarða áætlaðra tekna. Hins vegar fréttist ekkert af málinu fyrr en í þessum mánuði.**

- ikh / sjá Markaðinn


13 HÓTEL ALLAN HRINGINN



1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn
3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal
5 Nesjaskóli • 6 Neskaupstaður
7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir
10 Akureyri • 11 Laugarbakki
12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á hoteledda.is eða í síma 444 4000

SHIMANO
hjól
HYPERLOOP



Þú færð Shimano í næstu sportvöruverslun

## SPURNING DAGSINS



*Guðmundur Ingi, mótmælti Helgi ekkert?*

„Nei, hann mótmælir með okkur.“

Hljómsveitin Atómstöðin fékk Helga Hóseasson, sem er oft kallaður mótmælandi Íslands, til að sitja fyrir á umslagi nýrrar plötu. Guðmundur Ingi Þorvaldsson er söngvari Atómstöðvarinnar.

Fór fram á að nágranninn yrði fangelsaður fyrir að impra á gluggagægjum:

# Rifist um rifrildi fyrir dómi

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í gær sýknaður af ákæru fyrrverandi nágranna síns um ærumeiðingar. Maðurinn hafði spurt nágrannann undir fjögur augu hvort hann hefði gægst á glugga sinn. Granninn brást illa við því og fór fram á háar miskabætur og að maðurinn yrði fangelsaður fyrir vikið.

Stefndi lýsti málavöxtum þannig að hann hafi nótt eina í júní í fyrra sofið á gólfinu fyrir sjónvarpið ásamt sambýliskonu sinni. Konan hafi þá rekið augun í nágrannann, þar sem hann hafi setið á hækjum sér og horft inn um gluggann.



**GLUGGI** Gægðist granninn eða ekki? Úr því var ekki skorið.

Skömmu síðar hafi mennirnir hist. Granninn hafi kastað á stefnda kveðju, en stefndi ekki ansað og granninn því kallað hann dóna. Stefndi hafi þá spurt hvort nágranninn hafi legið á glugga þeirra umrædda nótt. Granninn bar hins vegar að stefndi hefði fullyrt um gluggagægjurnar, en alls ekki spurt. Hugsanlegt væri að hann hefði setið á hækjum sér fyrir utan gluggann þegar hann var að hreinsa innkeyrsluna.

Nágranninn taldi verulega að sér vegið með ásökuninni, sem hann sagði alls ósanna, og dró manninn fyrir dóm. Hann krafðist þess að ummælin yrðu dæmd dauð og ómerk, að stefndi yrði fangelsaður, hálfrar milljónar í miskabætur og 110 þúsund króna til að geta afritað dómsorðið og dreift til þeirra sem kynnu að hafa heyrt söguna.

Dómurinn féllst ekki á rökin og gerði grannanum að greiða 290 þúsund krónur í málskostnað. **- sh**

Íransforesti svarar fyrir sig:

# Rétta ber yfir Vesturlöndum

**ÍRAN, AP Írönsk stjórnvöld sögðu í gær að auknar refsiaðgerðir Evrópusambandsins muni ekki hindra kjarnorkuáætlun landsins.**

**Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, lagði til að sérstakur dómstóll yrði myndaður sem „reyndi að refsa öllum heimsglæpamönnum sem réðust gegn réttindum írönsku þjóðarinnar.“**

**Evrópusambandið tilkynnti í fyrradag auknar refsiaðgerðir gegn Írönum til að reyna að fá þá ofan af kjarnorkuáætlun sinni, en Vesturlönd telja að Íranar ætli að koma sér upp kjarnorkuvopnum. - gh**

Glingursalar í Hveragerði:

# Seldur glingur sem skíragull

**SAKAMÁL** Fjórir karlmenn og tvær konur voru handtekin í Hveragerði í dag. Lögreglunni á Selfossi barst tilkynning frá manni sem keypt hafði glingur af þeim í Reykjavík, á þeim forsendum að um gæða skartgripi voru að ræða. Viðkomandi vissi af fólkinu í Hveragerði og vísaði lögreglu á það.

Fólkið var enn í yfirheyrslu þegar blaðið fór í prentun. Það hafði meðferðis tvö ung börn sem dvöldu með mæðrum sínum á lögreglustöðinni; þó ekki í klefum. Fólkið hafði ekki leyfi fyrir að selja á götum úti og er þar að auki grunað um að gabba kaupendur. **- kóp**

Kaupþing tekur milljarðalán:

# Stórt lán á hagstæðum kjörum

**VIÐSKIPTI** Kaupþing tók í gær 275 milljóna evra sambankalán eða sem nemur tæplega 36 milljörðum króna. Lánið er til tveggja ára og ber 1,5 prósenta álag á millibankavexti, sem eru mun hagstæðari kjör en núverandi skuldatryggingaálag bankans segir til um.



**GUÐNI AÐALSTEINSSON**

Guðni Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri fjárstýringar hjá Kaupþingi, segir bankann mjög ánægðan með þetta lán. „Þetta sýnir að það er hægt að fjármagna banka á öðrum kjörum en skuldatryggingarálagið gefur til kynna,“ segir Guðni.

Lánið fer til fjármögnunar á hefðbundinni starfsemi bankans, segir í tilkynningu. **- as**

# Gjörhreinsuðu bónstöð í skjóli nætur

## Þjófar brutust inn á bónstöð um nótt og stálu öllu steini léttara. Kaffi, bókhald og snyrtibudda eigandans er meðal þess sem stolið var. Eigandinn er ótryggður.

**LÖGREGLUMÁL** Agnari Hólm Jóhannessyni, sem rekur bónstöðina Dekurstöðina á Fosshálsi, var heldur betur brugðið þegar hann mætti til vinnu snemma síðasta laugardagsmorgun og uppgötvaði að bókstaflega öllu hafði verið stolið úr stöðinni í skjóli nætur. Hann heitir þeim lífstíðarbóni sem veitt getur vísbendingar sem leiða til þess að hann endurheimti góssið.

„Í dag er maður eiginlega bara orðinn atvinnulaus,“ segir Agnar, greinilega enn steinhissa á bíræfninni. „Ég hef aldrei upplifað neitt þessu líkt í lífi mínu. Það er búið að kippa undan mér öllum grundvelli til að draga fram lífið og sjá fyrir mér og mínum.“

Þegar Agnar mætti til vinnu eldsnemma á laugardagsmorgun sá hann að verkstæðishurðin hafði verið brotin upp. Þegar inn var komið blasti svo við auðnin ein. „Það var öllu stolið,“ segir Agnar.

„Það var ekki einu sinni kaffikanna eftir. Þeir tóku öll tæki til að vinna með, djúphreinsivélar, ryksugur, massavélar og bónvélar og allt sem nöfnum tjáir að nefna, nánast frá hnífapörum og niður úr. Allur lagerinn af bóni, símar, tölvur, prentarar, hátalarar, bókhaldið, pöntunarbók, lyftingabekkur og níðþung lóð. Þetta er allt farið. Þeir tóku meira að segja kaffið og snyrtibudduna mína,“ segir Agnar. Auk alls þessa var um hundrað þúsund krónum í reiðufé stolið af verkstæðinu.

Til að bæta gráu ofan á svart var Agnar ótryggður og því krossleggur hann nú fingur í von um að þýfið komi í leitirnar.



**TÓMLEGT** Agnar segir augljóst að þjófarnir hafi þurft stóran sendiferðabíl til að komast á brott með allt þýfið. FRÉTTABLAÐIÐ / ARNÞÓR

Eftirlitsmyndavélar á vegum annarra fyrirtækja eru á húsinu en það var ekki kveikt á þeim umrætt kvöld. Svo virðist sem þjófarnir hafi hundsað merkingar sem vöruðu við myndavélunum. Agnar veltir fyrir sér hvort þeir hafi vitað að augu vélanna fylgdust ekki með þeim. „Kannski er þetta bara öfundsýki. Ég er búinn að vera að velta því fyrir mér hvort ég eigi einhverja óvini sem vildu gera mér illt,“ segir hann.

Agnar segir tjónið hlaupa á milljónum, fyrir utan vinnutapið sem af þjófnaðinum hlýst. Hann hefur fengið tæki lánuð hjá vinum og vandamönnum til að geta haldið starfseminni áfram í smærri mynd en áður. **stigur@frettabladid.is**

### MEÐAL ÞESS SEM ÞJÓFARNIR STÁLU

100.000 krónur
Borðsímar
Bókhaldið
Bón (heill lager)
Bónvélar
Djúphreinsivélar
Hátalarar
Kaffi
Kaffivél
Lóð
Lyftingabekkur
Massavélar
Prentarar
Pöntunarbók
Ryksugur
Snyrtibudda
Tölvur



**ÖLMÓÐSEY Í ÞJÓRSÁ** Vatnið úr Hvammsvirkjun rennur út í Þjórsá í opnum skurði neðan Ölmóðseyjar. MYND/LOFTMYNDIR

Tvær virkjanir í Þjórsá:

# Þjórsárvirkjanir á aðalskipulag

**VIRKJANIR Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti samhljóða á fundi sínum tillögu um breytingu á aðalskipulagi sem gerir ráð fyrir Holtavirkjun og Hvammsvirkjun í aðalskipulagi.**

**Tillagan fer fyrir Skipulagsstofnun sem tekur afstöðu til nýs aðalskipulags. Holtavirkjun er 50 MW og veitumannvirki hennar verða við Búðafoss ofan Árness. Hvammsvirkjun verður um 80MW en stöðvarhús hennar verður við norðurenda Skarðsfjalls í landi Hvamms. - kóp**

Verkföll flugumferðarstjóra:

# Ráðherra vill ekki tjá sig

**VERKFALL** Kristján Möller samgönguráðherra, vill ekki tjá sig um fyrirhuguð verkföll flugumferðarstjóra. Náist ekki samningar skellur fyrsta verkfallið á á föstudag.

Róbert Marshall, aðstoðarmaður ráðherra, segir að ráðherra muni ekki tjá sig á þessu stigi málsins. Það sé í samningum deiluaðila; Félags flugumferðarstjóra og Samtaka atvinnulífsins fyrir hönd Flugstoða.

Næsti samningafundur er boðaður á fimmtudagskvöld og náist ekki samningar þá verða flugumferðarstjórar í verkfalli á föstudag frá sjö til ellefu. **- kóp**






Sjávarúrgangur látinn úldna í kerum fyrir utan fiskvinnslufyrirtæki í Eyjum:

# Nágrannar kvarta yfir ólykt

**UMHVERFISMÁL** „Við höfum náð góðum árangri í því að nota úrganginn til áburðargerðar og bera á tún,“ segir Hallgrímur Rögnvaldsson, framleiðslustjóri hjá fiskvinnslufyrirtækinu Eyjaberg í Vestmannaeyjum.

Heilbrigðiseftirliti Suðurlands hefur borist ábending um lélega umgengni og geymslu á úrgangi við fiskvinnslufyrirtæki í Eyjum, staðfestir Elsa Ingjaldsdóttir framkvæmdastjóri. Farið hefur verið fram á úrbætur hið fyrsta.

Hallgrímur viðurkennir að lyktin sem leggur af úrganginum sé ekki góð og sérstaklega ekki nú þegar sólin skín upp á hvern dag. „Við erum að finna betri leiðir til geymslu og höfum þegar fengið til okkar tanka til að taka við úrganginum,“ segir Hallgrímur.

Nágrannar hafa gert athugasemdir vegna sjávarúrgangsins en að sögn Hallgríms hafa þó hvorki skapast vandamál né mikið ónæði verið vegna þess.

„Úrgangur er hluti fiskvinnslunnar og við höfum ekki mörg úrræði til þess að koma honum í lóg,“ segir Hallgrímur. „Við megum ekki sturta honum fram af hömrunum í sjóinn en grasspretta hefur verið góð þegar við höfum borið hann á túnin.“ **- ht**



**ROTNANDI SJÁVARÚRGANGUR** Nágrannar hafa kvartað undan ólykt vegna sjávarúrgangs sem rotnar í kerum fyrir utan fiskvinnslufyrirtæki í Vestmannaeyjum. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON




**Laugardaginn 28. júní bjóða SPRON og Ferðafélag Íslands þér og fjölskyldunni að taka þátt í fjölskylduhátíð við Esjurætur frá kl. 13 til 15.**

Fjölmargt verður til skemmtunar:
Euróbandið, Karíus og Baktus, Jónsi, Esjukapphlaup upp á Þverfellshorn, skipulagðar gönguferðir, hoppukastali, blöðrur, ís, spennandi ratleikur fyrir alla fjölskylduna, Skógræktarfélag Reykjavíkur gefur plöntur og margt fleira skemmtilegt.

**Komdu á fjölskylduhátíðina og njóttu útiverunnar – hlökkum til að sjá þig**

## Dagskrá Esjudagsins 28. júní

**12:30 – 13:00** Skráning í Esjukapphlaup
**13:00** Esjudagur settur
**13:05** Esjukapphlaupið ræst
**13:10** Kynning á ratleiknum
**13:15** Ganga á Þverfellshorn í umsjón fararstjóra frá Ferðafélagi Íslands
Gönguferð um skóginn á Mógilsá í umsjón Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Reykjavíkur
**13:20** Jónsi tekur lagið
**13:50** Karíus og Baktus bregða á leik
**14:20** Euróbandið skemmtir
**14:55** Verðlaunaafhending fyrir Esjukapphlaupið
**15:00** Dagskrá lýkur

Kynnir verður Bergur Þór Ingólfsson.




FÍ   MÓGILSÁ   Skógræktarfélag Reykjavíkur

spron

ARGUS 08-0257

## GENGIÐ 24.06.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 84,25 | 84,65 |
| Sterlingspund | 165,51 | 166,31 |
| Evra | 131,07 | 131,81 |
| Dönsk króna | 17,569 | 17,671 |
| Norsk króna | 16,43 | 16,526 |
| Sænsk króna | 13,939 | 14,021 |
| Japanskt jen | 0,7799 | 0,7845 |
| SDR | 136,23 | 137,05 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
168,8934

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Golfmót presta og útfararstjóra var haldið í gær á Hamarsvelli í Borgarnesi:

# Önundur sigraði Gröfin Open

**GOLF** „Þetta er mitt helsta tómstundagaman,“ segir Önundur Björnsson, sóknarprestur á Breiðabólsstað í Fljótshlíð og sigurvegari golfmótsins Gröfin Open.

„Þetta er bæði góð útivist, hreyfing og nákvæmni. Ekki skemmir þessi góði félagsskapur fyrir heldur,“ bætir Önundur við.

Á mánudaginn var fór hið árlega golfmót Gröfin Open fram á Hamarsvelli í Borgarnesi. Golfmótið er árleg keppni sem haldin er af prestum og útfararstjórum.

Vegleg verðlaun voru veitt að lokinni keppni að sögn Önundar en hann sigraði bæði í höggleiknum og punktakeppninni.



**GRÖFIN OPEN** Hér sjást frá vinstri prestarnir Hans Guðberg Alfreðsson, Jón Helgi Þórarinsson og Pálmi Matthíasson sem skartaði fullum golfskrúða. MYND/SKESSUHORN

„Ég fékk veglegan farandbikar og annan bikar til eigu, flotta peysu frá Herrafataverslun Birgis og gistingu á Hótel Glymi með öllu tilheyrandi,“ segir Önundur.

Meðal keppenda mátti sjá nokkur þekkt andlit. Þar voru til dæmis Pálmi Matthíasson, prestur í Bústaðakirkju, sem sigraði á mótinu í fyrra, og Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur.

Haft var á orði á vellinum að högg prestanna hefðu borið hátt við himin en högg útfararstjóranna llegið meira með jörðinni í grafarhæð.

Mótið var haldið í annað sinn og mun vera árlegur viðburður upp frá þessu að sögn aðstandenda. **- vsp**

Tveir dæmdir fyrir fjölda brota:

## Með sýru og stjörnusjónauka

**DÓMSMÁL** Tveir menn um tvítugt hafa verið dæmdir í fimm mánaða fangelsi hvor fyrir fjölda brota. Ákæran á hendur mönnunum var í átta liðum og játuðu þeir allar sakir.

Flest brotin voru fíkniefna- og þjófnaðarbrot. Á sameiginlegu heimili mannanna fannst í eitt skipti mikið magn af þýfi, meðal annars tvær tölvur, heimabíó, kvikmyndatökuvél, tvær ljósmyndavélar, sjónauki og stjörnusjónauki. Þá fundust í eitt skipti 35 skammtar af LSD í fórum mannanna.

Mennirnir hafa báðir margsinnis komist í kast við lögin. **- sh**



**Á VETTVANGI** Fjöldi slökkviliðs- og lögreglumanna var kallaður til vegna slyssins. MYND / VÍKURFRÉTTIR

Framúrakstur endaði illa:

## Þrír á slysadeild eftir árekstur

**LÖGREGLUMÁL** Þrír voru fluttir á slysadeild eftir tveggja bíla árekstur við Grindavíkurafleggjara síðdegis í gær. Enginn þeirra var alvarlega slasaður að sögn lögreglu.

Slysið varð með þeim hætti að annar bíllinn var að taka fram úr hinum með kerru í eftirdragi, þeir rákust saman og höfnuðu báðir utan vegar.

Bílarnir voru báðir óökufærir og kalla þurfti á dráttarbíl til að fjarlægja þá. **- sh**

Formaður BHM:

## Aðkoma félaganna samræmd

**VINNUMARKAÐUR Fulltrúar Bandalags háskólamanna, BHM, hitta samninganefnd ríkisins hjá ríkissáttasemjara í dag. Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, segir að samningamenn BHM-félaganna hafi hist í gær til að samræma aðkomu félaganna og finna snertifleti.**

**„Þetta er komið á það stig að við þurfum að skoða allar mögulegar leiðir,“ segir Guðlaug. „Fundurinn á föstudag var langur og endaði með því að samninganefnd ríkisins sendi viðræðurnar til ríkissáttasemjara. Þar voru viðraðar ýmsar hugmyndir og því þarf að skilgreina hvaða afstöðu félögin hafa til þessara hugmynda.“ - ghs**

# Verkfallið kostar fjölskyldu tugi þúsunda

**Kona með tvö börn á leið til Kristiansand í Noregi þarf að greiða ríflega 92 þúsund krónur til að breyta flugi. Verkfall flugumferðarstjóra orsakavaldurinn.**

**VERKFALL** Kalína Klopova tapar um tíu þúsund krónum vegna fyrirhugaðs verkfalls flugumferðarstjóra á föstudag. Hún þarf að breyta flugi til Noregs og tengiflugi og greiða að auki kostnað vegna hótels sem hún ekki kemst til í tæka tíð.

Kalína átti bókað flug með Flugleiðum til Óslóar á föstudagsmorgun ásamt börnum sínum tveimur, og þaðan tengiflug til Kristiansand þar sem hún átti að bóka hótel. Hún vaknaði upp við vondan draum um að hún mundi missa af fluginu ef til verkfalls kæmi.

„Ég hringdi fyrst í Félag flugumferðarstjóra og var sagt að það yrði verkfall og ég þyrfti því að ræða við mitt flugfélag. Hjá Flugleiðum fékk ég þau svör að ekkert yrði gert fyrir þá sem misstu af fluginu vegna verkfalls. Ég yrði því að láta breyta miðanum á eigin kostnað,“ segir Kalína.

Það kostar hana um 43 þúsund krónur að breyta miðunum fyrir sig og börnin hjá Flugleiðum. Hjá norska flugfélaginu getur hún hins vegar ekki breytt miðunum og þarf því að kaupa nýja. Þeir kosta um 49 þúsund krónur.

„Ég átti síðan bókað hótel í Kristiansand aðfaranótt laugardags en næ ekki þangað fyrr en á sunnudaginn. Það mun kosta mig eitthvað, enda er aðalferðamannatíminn nú og trauðla hægt að afpanta með svo skömmum fyrirvara.“

Kalína leitaði til tryggingafélags síns en þar fær hún enga fyrirgreiðslu. Hún segist vel skilja að menn fari í verkfall og



**TAPA STÓRFÉ** Kalína verður fyrir miklum fjárútlátum vegna verkfalls flugumferðarstjóra. Hér er hún ásamt Guðbirni Hreinssyni, manni sínum, og þeim Katrínu Jönu og Daníel Sverri sem fara með henni út. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GUÐJÓN ARNGRÍMSSON**



**LOFTUR JÓHANNSSON**

hafa samúð með þeim sem vilja betri laun. „Það er hins vegar umhugsunarefni þegar þetta bitnar svona á einstaklingunum. Hundrað þúsund krónur skipta okkur miklu máli.“

Loftur Jóhannsson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, segir félagið lítið geta gert í svona aðstæðum og bendir fólki á að snúa sér til flugfélaganna.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Flugleiða, segir fyrirtækið ekki aðila að deilunni og því lítið geta gert. „Deilan er okkur óviðkomandi en kemur okkur og viðskiptavinum okkar afar illa. Við treystum því að deilan leysist áður en til verkfalls komi og menn verða bara að einhenda sér í það verkefni,“ segir Guðjón.

Ekki náðist í fulltrúa Flugstoða við vinnslu fréttarinnar. Næsti samningafundur deiluaðila verður ekki fyrr en á fimmtudagskvöld hjá ríkissáttasemjara.

**kolbeinn@frettabladid.is**

Tveir ernir finnast dauðir:

## Dánarorsök verður könnuð

**UMHVERFISMÁL Tveir dauðir ernir fundust nýlega á Vesturlandi og var þeim skilað til Náttúrustofu Vesturlands. Ernirnir voru báðir merktir en endurheimtur merktra fugla eru mikilvægar til að auka þekkingu á arnarstofninum. Ernirnir tveir verða sendir til Náttúrufræðistofnunar til frekari rannsókna, meðal annars á mögulegri dánarorsök.**

**Annar fuglinn sem fannst var merktur sem ungi árið 1994 við Hvammsfjörð. Hræið fannst við Kolgrafarfjörð á Snæfellsnesi og telst vera þriðji elsti örn sem vitað er um á Íslandi, en hinir tveir voru 16 og 18 ára gamlir.**

**Nú eru 65 arnarpör á Íslandi og urpu 43 þeirra í vor, sem er nokkuð hærra hlutfall en undanfarin ár. - shá**

Landhelgisgæslan:

## Hert eftirlit á Íslandsmiðum

**SJÁVARÚTVEGUR** Landhelgisgæslan mun herða eftirlit með fiskiskipum á eftirlitssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðiráðsins (NEAFC) við Ísland. NEAFC hefur hert reglur um veiðar, þar á meðal karfaveiðar á Reykjaneshrygg, bæði hvað varðar aflamagn, veiðisvæði og tímabil veiðanna á mismunandi svæðum.

Á undanförnum vikum hefur Landhelgisgæslan sent fjölda tilkynninga til aðildarríkja fiskveiðiráðsins þar sem gerðar eru athugasemdir vegna skorts á upplýsingum. Nokkrar aðildarþjóðir hafa komið þessum málum í lag í kjölfarið en aðrar ekki.

Ekkert hefur sést til svokallaðra sjóræningjaskipa á Reykjaneshrygg og ráðstafanir fiskveiðistjórnunarráða gagnvart þeim líta út fyrir að hafa skilað tilætluðum árangri. **- shá**






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HALLAR SÉR Í NORÐRIÐ**
Vindstraumarnir yfir landinu eru norðlægir næstu daga. Það þýðir að smám saman kólnar norðan til og ennfremur má búast þar við vætu. Í dag verða það helst síðdegisskúrir en á morgun verður einhver lítils háttar rigning. Öllu eindregnari er úrkoman á þessum slóðum á föstudag.



**Á MORGUN**
5-10 m/s

**FÖSTUDAGUR**
Norðlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Billund | 20° |
| Ósló | 20° |
| Stokkhólmur | 20° |
| Gautaborg | 17° |
| Helsinki | 14° |
| Eindhofen | 24° |
| Amsterdam | 22° |
| London | 21° |
| Berlín | 26° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 33° |
| París | 24° |
| Basel | 31° |
| Barcelona | 28° |
| Alicante | 29° |
| Algarve | 28° |
| Tenerife | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# OPNA GULL MÓTIÐ

Egils Gull

2008

## Opna Gull-mótið á Keilisvelli, laugardaginn 28. júní




Léttöl

**Verðlaun veitt með og án forgjafar**

1. Verðlaun: Golfferð til Manor of Groves, Englandi, með Iceland Express
2. Verðlaun: Gjafakort að verðmæti 20 þúsund frá Golfbúðinni Dalshrauni
3. Verðlaun: Gull-verðlaun og matarkarfa – Vegleg Gull-nándarverðlaun

Skráning á **www.golf.is** eða í síma **565-3360**
Mótsgjald 4.000 kr.
Ræst verður út frá 8:00 – 14:00

**Mótstjóri: Kormákur Geirharðsson**




Léttöl

Express Ferðir

## KJÖRKASSINN



*Er rétt af borginni að mála yfir skreytingar íbúa án viðvörunar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 41,6% |
| NEI | 58,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Óttast þú að missa vinnuna vegna kreppuástands í þjóðfélaginu?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is. Vísir

Alþjóðleg fjáröflunarráðstefna í Berlín til stuðnings löggæslustarfi í Palestínu:

# Segja árangur framar vonum

**BERLÍN, AP** Á alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin var í Berlín í gær í þeim tilgangi að stuðla að eflingu lögreglu og dómkerfis palestínsku heimastjórnarinnar tókst að safna fyrirheitum um andvirði 20 milljarða króna fjárveitingar til afmarkaðra verkefna. Þessu lýsti þýski utanríkisráðherrann Frank-Walter Steinmeier yfir að ráðstefnunni lokinni.

Ráðstefnan stefndi saman fulltrúum frá alls fjörutíu löndum. Þar á meðal voru Salam Fayyad, forsætisráðherra palestínsku heimastjórnarinnar, ísraelski utanríkisráðherrann Tzipi Livni og bandarísk starfssystir hennar Condoleezza Rice. Að sögn Steinmeiers fór árangur ráðstefnunnar „fram úr vonum“.

„Ég verð að segja að niðurstaðan er skýrt teikn um stuðning við uppbyggingu sjálfstæðs ríkis Palestínumanna,“ sagði Steinmeier.

Tony Blair, erindreki alþjóðlega fereykisins svonefnda sem vinnur að því að koma á friði við botn Miðjarðarhafs, sagði að það að styrkja öryggi og löggæslu á svæðum Palestínumanna væri „grundvallarforsenda tveggja ríkja lausnar.“

Verkefnin sem styrkirnir eiga að fara í eru til dæmis þjálfun lögreglumanna, að byggja réttarrannsóknastöð og fangelsi, að koma upp öruggum fjarskiptakerfum og að byggja og reka dómhús. - aa



**BJARTYFIR BERLÍN** Salam Fayyad, Frank-Walter Steinmeier og Condoleezza Rice voru sátt við útkomuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Einn á skilorð, annar í fangelsi:

# Stálu úr verslun Olís á Kjalarnesi

**DÓMSMÁL Tveir menn hafa verið dæmdir fyrir þjófnað úr verslun Olís á Kjalarnesi, auk fleiri brota. Annar hlaut fimm mánaða fangelsi, en hinn skilorðsbundinn dóm fyrir að hleypa þeim fyrri inn í verslun Olís og veita honum upplýsingar um öryggiskerfið.**

**Sá sem þyngri dóminn hlaut er ríflega þrítugur og hefur hlotið sex fangelsisdóma frá árinu 1993. Hann var jafnframt dæmdur fyrir að brjótast inn í Bónusvídeó í Lóuhólum í tvígang og stela.**

**Sá sem hlaut vægari dóminn er tvítugur. Hann hlaut þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm.** - sh

Viðhorfskönnun ESB:

# Írar líta enn jákvætt á ESB

**BRUSSEL, AP** Tveir af hverjum þremur Írum hafa mjög jákvætt viðhorf í garð Evrópusambandsins, þrátt fyrir að írskir kjósendur hafi hafnað svonefndum Lissabon-sáttmála sambandsins fyrr í mánuðinum. Þetta sýna niðurstöður nýrrar viðhorfskönnunar ESB.

65 prósent svarenda á Írlandi segjast hafa jákvæða ímynd af ESB.

Þessar niðurstöður styrkja það sem talsmenn framkvæmdastjórnar ESB hafa haldið fram; að viðhorf Íra til Lissabon-sáttmálans og til aðildar að ESB sé tvennt ólíkt. - aa

Minnkandi þorskstofnar:

# Lítill þorskur við Færeyjar

**FÆREYJAR Þorskstofnar við Færeyjar eru í sögulegu lágmarki samkvæmt mælingum færeysku hafrannsóknastofnunarinnar.**

**„Samkvæmt mati okkar hafa þorskstofnar aldrei verið jafn litlir og nú og það er mögulegt að þeir nái ekki að endurnýja sig,“ er haft eftir Hjalta í Jákupsstovu, forstöðumanni stofnunarinnar.**

**Stofnunin leggur til verulegan niðurskurð á þorskveiðum.** - gh



**JERÚSALEM** Bæði Ísraelar og Palestínumenn gera tilkall til borgarinnar helgu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sarkozy Frakklandsforseti:

# Jerúsalem Ísraels og Palestínu

**ÍSRAEL, AP** Ísraelar og Palestínumenn eiga að deila Jerúsalem. Þetta sagði Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti í ræðu í borginni Betlehem á Vesturbakkanum í gær.

„Hún er heilög borg þrennra trúarbragða: gyðingdóms, kristni og islam,“ sagði hann. „Getur Jerúsalem tilheyrt einum þeirra en ekki hinum? Ég held ekki.“

Sarkozy gagnrýndi einnig múrinn sem Ísraelsmenn eru að reisa til að vernda sig gegn sjálfsvígsárásarmönnum. Sagði hann múrinn ólíklegan til að stuðla að friði. - gh

## LÖGREGLUFRÉTT

### Tuttugu boðaðir í skoðun

Um tuttugu bílar voru boðaðir í skoðun á Akranesi aðfaranótt Jónsmessu, 24. júní. Eigendum bílanna var með því gert skylt að láta skoða bílana innan viku, annars verði þeir sektaðir.

# Vilja samstarf um Droplaugarstaði

**Meirihluti velferðarráðs Reykjavíkur vill óska eftir samstarfi um rekstur Droplaugarstaða. Verið að einkavæða reksturinn segir fulltrúi Vinstri grænna. Formaður ráðsins segir ábyrgðina verða áfram á herðum borgarinnar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Velferðarráð mun á fundi sínum í dag afgreiða tillögu þar sem sviðsstjóra velferðarsviðs verður falið að leita eftir heimild til að auglýsa eftir samstarfsaðila um rekstur hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða. Það er heilbrigðisráðherra sem gefur heimildina út.

Droplaugarstaðir hafa verið reknir með halla mörg undanfarin ár. Í fyrra fóru í gang viðræður á milli borgarinnar og ráðuneytisins um rekstrarhallann. Þeim viðræðum er ekki lokið.



**JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR**



**ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON**

Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs, segir rekstrarvandann forsendur tillögunnar nú. Að öllu óbreyttu stefni í 40 til 60 milljóna króna halla á rekstrinum á þessu ári.

„Við hljótum að spyrja okkur að því hvernig peningum skattborgaranna er best varið. Ef einhver er tilbúinn til samstarfs um rekstur á þeim daggjöldum sem við fáum frá ríkinu, þá er það hið besta mál. Með því mætti ná fram stærðarhagkvæmni,“ segir Jórunn.

Hún segir ekki vilja fyrir því af hálfu ríkisvaldsins að hækka daggjöldin með rekstrinum. „Þessi daggjöld hafa dugað öðrum hjúkrunarheimilum. Við höfum farið í mikla endurskoðun á rekstrinum á Droplaugarstöðum en ekki tekist að stöðva hallann. Það er því eðlilegt að leita nýrra leiða.“

„Það er ljóst að ætlunin er að einkavæða þessa perlu Reykvíkinga í öldrunarmálum,“ segir Þorleifur Gunnlaugsson, fulltrúi Vinstri grænna í velferðarráði. Hann segir ljóst að ríkið svelti Droplaugarstaði.

„Viðræður á milli formanns velferðarráðs og heilbrigðisráðherra, sem eru mjög nánir pólitískir samherjar, hafa bara verið skrípaleikur. Það er auglóst í ljósi fyrri yfirlýsinga Jórunnar að stefna hennar er að koma einkaaðilum inn í velferðarkerfið. Við erum því bara að horfa upp á einkavæðingu.“

Jórunn segir að hér sé ekki verið að taka nein ný skref. „Fjöldi einkaaðila rekur hjúkrunarheimili, nefna má Grund og Sóltún. Ábyrgðin yrði enn sem fyrr á herðum borgarinnar.“

Þorleifur segir Droplaugarstaði mjög vel rekna. „Hér hafa verið miklar byggingaframkvæmdir sem skýra hallann. Heimilið sjálft, stjórn og starfsfólk er til fyrirmyndar. Þá finnst mér óeðlilegt að svona tillaga sé keyrð í gegn rétt fyrir sumarfrí án þess að hún sé rædd almennilega.“

kolbeinn@frettabladid.is





**DROPLAUGARSTAÐIR** Nokkur halli hefur verið á rekstri heimilisins undanfarin ár. Miklar byggingaframkvæmdir hafa staðið yfir. Nú vill meirihlutinn leita eftir samstarfsaðilum um rekstur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





Atli Gíslason þingmaður Vg vill fara leið bresku ríkisstjórnarinnar:

# Ríkið ætti að kaupa bankana

**EFNAHAGSMÁL** „Við ættum að gera eins og breska ríkisstjórnin gerði á sínum tíma og yfirtaka bankana,“ segir Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, spurður til hvaða aðgerða ríkisstjórnin ætti að grípa í efnahagsvandanum sem nú blasir við.

Hann segir að ríkisstjórnin geti annað hvort farið bresku leiðina eða stofnað ríkisbanka upp úr sparisjóðum landsins sem margir hverjir standi illa.

Hann segir Vinstri græn hafa lagt fram ótal tillögur á yfirstandandi þingi um lausnir á efnahagsvandanum. „Við lögðum fram tillögu um aukningu gjaldeyrisforðans fyrir jól sem ríkisstjórnin hefur loks tekið ákvörðun um að gera.“

Atli segir að ef hann væri við stjórnvölinn hefði hann stóreflt Íbúðalánasjóð til eigin lánveitinga en ekki til þess að lána einkabönkunum eins og gert var á dögunum.



**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**



**ATLI GÍSLASON**

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins er ósammála Atla um lausnir efnahagsvandans. „Það er okkur öllum í hag að hafa sterka banka,“ segir Ragnheiður. „Hins vegar finnst mér í lagi að ríkið grípi inn í þegar aðstæður á markaðnum eru eins og í dag.“

Hún tekur undir með Samtökum atvinnulífsins um frekari virkjanaframkvæmdir til að byggja upp atvinnulífið. „Ég sem gamall Keflvíkingur fagna álverinu í Helguvík sem er í undirbúningi,“ segir Ragnheiður. Lækkun fyrirtækjaskatta úr átján í fimmtán prósent og afnám stimpilgjalda eru að mati Ragnheiðar hvetjandi aðgerðir fyrir efnahagslífið.

Ragnheiður segir krónuna ekki orsök allra vandamála íslensks efnahagslífs. „Ef við værum með annan gjaldmiðil en krónu mundi niðursveiflan birtast með öðrum hætti eins og með samdrætti og auknu atvinnuleysi. Evran er engin töfralausn og hefur aldrei verið. Okkar hagsmunum hefur verið betur varið með okkar litla gjaldmiðli.“ - vsp

# Ímyndaðu þér stað.....



# ...þar sem erfiði dagsins er létt af þér...



30%
afsláttur
af Chiro Collection rúmum
í júní

# .....hvert einasta kvöld



Chiro Collection
heilsurúm

## Ný hönnun

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæðum. Gormakerfið er læst saman langsum til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr fm. í MultiSpring kerfinu. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði. 5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnunnar.

## Þú þarft aldrei að snúa henni

Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

- 7 svæða heilsu og hægindalag.
- Aukin þægindi og fullkomlega nýttur svefnflötur.

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvaða starfsstétt hefur samþykkt að boða yfirvinnubann frá og með 10. júlí?*

*2 Hvaða þekkti baráttumaður prýðir umslag nýrrar plötu hljómsveitarinnar Atómstöðvarinnar?*

*3 Hvers lenskur er þingforsetinn sem nú er í opinberri heimsókn á Íslandi?*

Konan sem sá þriðja ísbjörninn segist viss í sinni sök þótt leit hafi engu skilað:

# Þetta var ekki kind sem ég sá

**NÁTTÚRA** Leit að þriðja ísbirninum á Skaga var hætt í fyrrinótt. Leitarflokkur fór á staðinn þar sem meintur björn náðist á mynd en í blautum jarðveginum þar fundust einungis spor eftir sauðfé. Konan sem tók ljósmyndina er sannfærð um að hún sé ekki af kind.

Stefán Vagn Stefánsson, yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki, segir engin ummerki eftir ísbjörn hafa fundist á staðnum. Að mati lögreglu er hins vegar ótrúlegt að bjarndýr hefði getað farið um svæðið án þess að slíkt myndi sjást á rökum jarðveginum og því var ekki talin ástæða til að halda leitinni áfram.

Stefán brýnir þó fyrir fólki að vera á varðbergi áfram. „Fyrst það eru komnir tveir þá er alls ekki útilokað að það séu fleiri."

Hrefna Björg Guðmundsdóttir sá dýrið ásamt vinkonu sinni og tók af því myndina sem leitin var byggð á. Hún segist enn viss í sinni sök. „Þetta var ekki kind sem ég sá," segir hún. „Við erum báðar alveg handvissar um það."

Hún segist svekkt yfir því að orð hennar skuli ekki vera tekin trúanleg, en hefur skilning á því að erfitt sé að finna björninn. „Þetta er auðvitað stórt svæði og ekki langt frá sjó. Ég vona bara að hann finnist sem fyrst." - sh



HREFNA BJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR



**KIND EÐA BJÖRN?** Lögreglan segir hvíta hnoðrann líkast til vera kind, en Hrefna ísbjörn.
MYND / HREFNA BJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR

Kærður fyrir ölvunarakstur:

# Sofnaði ölvaður í hjólastólnum

**ÁSTRALÍA, AP Ástralskur karlmaður hefur verið kærður fyrir ölvunarakstur eftir að hann fannst sofandi í hjólastól á áströlskum þjóðvegi. Bifreiðar þurftu að taka sveig fram hjá manninn þar sem hann hafði staðnæmst og sofnað.**

**Maðurinn mældist með meira en sexfalt löglegt magn áfengis í blóði í blásturspruflu lögreglu. Hann mætir fyrir rétt 7. júlí og gæti þurft að greiða háar sektir.**

**Að eigin sögn var maðurinn á leið í heimsókn til vinar síns sem bjó í fjórtán kílómetra fjarlægð.** - gh

Árlegur „stríðsleikur" í Taívan:

# Líkja eftir innrás Kínverja

**TAÍVAN, AP** Árlegir „stríðsleikar" Taívana, þar sem líkt er eftir kínverskri árás á Taívan með hjálp tölvuforrits, standa yfir þessa vikuna, að því er varnarmálaráðuneyti Taívans upplýsir.

Líkt er eftir því að Kínverjar hafi ráðist á og eytt loft- og sjóher Taívana. Landherinn standi einn eftir til varna.

Taívan og Kína skildust að í borgarastyrjöld 1949. Kínverjar telja Taívan hluta Kína og hafa hótað innrás stefni Taívanar að fullu sjálfstæði. Samskipti landanna hafa þó batnað að undanförnu. - gh

Geir H. Haarde á alþjóðaþingi fjárfesta í Lundúnum:

# Kostir fylgja krónunni

**EFNAHAGSMÁL** „Grunnurinn að góðri efnahagsstjórn síðustu tveggja áratuga er frelsi í viðskiptum, einkavæðing og skattalækkanir," sagði Geir H. Haarde í ræðu á alþjóðlegu þingi fjárfesta í Lundúnum í gær.

Í ræðunni rakti hann helstu ástæður þess að Ísland er meðal ríkustu þjóða heims. Hann sagði að skapgerð og dugnaður Íslendinga hefði haft mikið að segja í þeim málum sem og þær ríku náttúruauðlindir sem landið hefur upp á að bjóða.

Geir sagði að einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja á 10. áratug síðustu aldar hefði leyft íslenskum ríkisborgurum að taka þátt í verðbréfamarkaðnum og skapað þannig mikinn auð.

Geir sagði í ræðunni að þrátt fyrir mikla ólgu í efnahagslífi heimsins væri Ísland á góðu róli og viðskiptahallinn myndi minnka á næstu misserum.

Í fyrirspurnatíma eftir ræðuna var Geir spurður að því hve lengi við ætluðum að halda úti okkar eigin gjaldmiðli. Svar Geirs var að fleiri kostir en gallar fylgdu krónunni og því ættum við að halda í hana meðan svo væri. - vsp



**FLUGFREYJUR Á FUNDI** Stjórnendur Icelandair kynntu fjöldauppsagnirnar á fundum með starfsmönnum í gær. Jóhannes Bjarni Guðmundsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, bendir á að félagið hafi ráðið til sín fleira fólk en nokkru sinni og því sé hópurinn stærri en áður sem fær uppsagnarbréf.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# Yfir 300 sagt upp hjá Icelandair Group

**Þriðjungi flugmanna og ríflega fjórðungi flugfreyja hefur verið sagt upp hjá Icelandair. Uppsagnir Icelandair Group eru í allt 315 talsins. „Hörmum þessar uppsagnir," segir formaður Flugfreyjufélagsins.**

**VINNUMARKAÐUR** Stjórnendur Icelandair kynntu í gær samdrátt í vetraráætlun, fækkun starfsfólks, fækkun í stjórnendahópi auk eldsneytissparandi aðgerða í flugi. Stöðugildum verður fækkað um 190, úr 1.230 í 1.040. Það þýðir að um 240 starfsmenn fengu uppsagnarbréf í gær.

Icelandair segir upp um 240 starfsmönnum. Rúmlega 200 starfsmenn fengu uppsagnarbréf í gær, 138 flugfreyjur af 436 og 64 af rúmlega 300 flugmönnum. Einnig fækkar á tæknisviði, í flugumsjón og starfsmönnum á söluskrifstofum, að hluta með uppsögnum.

Sigrún Jónsdóttir, formaður Flugfreyjufélagsins, segir að um 110 flugliðar lækki í launum.

Ferðum Icelandair verður fækkað um fjórtán prósent. Vetrarhlé í flugi til og frá Minneapolis verður lengt og heilsársflugi til Toronto og Berlínar frestað. Dregið verður úr flugi til Parísar en flug aukið til New York.

Samhliða breytingunum hafa deildir verið lagðar niður og sameinaðar öðrum. Forstöðumönnum hefur verið fækkað úr fimmtán í sjö. Reynt er að draga úr rekstrarkostnaði og unnið að því að draga úr eldsneytiskostnaði.

„Við hörmum þessar uppsagnir," segir Sigrún. „Hópurinn sem heild er í nettu áfalli. Við þurfum að skoða þetta mál og höfum boðað til félagsfundar í næstu viku og fáum lögfræðing ASÍ til okkar. Við erum að stíga fyrstu skrefin út úr þessu áfalli," segir hún og bendir á að fyrirtækið hafi ekki mikið svigrúm til að koma til móts við fólk, ekki sé í boði að minnka við sig vinnu tímabundið en hugsanlega launalaust leyfi. „Við þurfum að skoða það frekar."

Jóhannes Bjarni Guðmundsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, segir að um leiðindafréttir sé að ræða. „Við vonum bara að sem minnst komi til framkvæmda. Dýfan er óvenju skörp. Félagið hefur ráðið til sín fleira fólk en nokkru sinni áður og því er þetta stærri hópur en áður. Við höfum beint því til Icelandair að kanna möguleikana á því að flugmenn fái vinnu annars staðar innan samstæðunnar. Vonandi skilar það einhverju."

Alls var um 315 starfsmönnum Icelandair Group sagt upp í gær, þar á meðal hátt í 100 starfsmönnum Flugþjónustunnar á Keflavíkurflugvelli. Tólf fyrirtæki hafa sagt upp um 800 starfsmönnum frá áramótum.

ghs@frettabladid.is

**UPPSAGNIRNAR HJÁ ICELANDAIR**

**Stöðugildum fækkar um 190 og verða 1.040 talsins.**

**Um 240 einstaklingar fengu uppsagnarbréf í gær. Þeir skiptast þannig:**

| | |
|---|---|
| Flugfreyjur | 138 |
| Flugmenn | 64 |
| Stjórnendur og millistjórnendur | 8 |
| Aðrir | 30 |
| Samtals | 240 |


ÚTSALA
ZARA
ÚTSALAN HEFST Á MORGUN
Smáralind sími: 522-8344 · Kringlan sími: 522-8320
www.zara.com



**SÓLSTÖÐUR** Tónlistarmaður leikur á hljóðfæri nálægt Minsk í Hvíta-Rússlandi til að fagna sumarsólstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Biobú fær viðurkenningu Náttúrulækningafélags Reykjavíkur fyrir lífræna jógúrt:

# Vilja búa til fleira en jógúrt

**UMHVERFISMÁL** „Við vonum að bændur fari að vakna til lífsins því að neytendur vilja lífrænar vörur,“ segir Dóra Rut, ábúandi á Neðra-Hálsi í Kjós.

Dóra hlaut í gær ásamt manni sínum, Kristjáni Oddssyni, árlega viðurkenningu Náttúrulækningafélags Reykjavíkur fyrir frumkvöðlastarf í framleiðslu á lífrænum mjólkurafurðum.

Dóra og Kristján stofnuðu fyrirtækið Biobú fyrir fimm árum sem framleiðir nú fimm tegundir af lífrænni jógúrt.

„Okkur hefur lengi langað að prófa að framleiða annað en jógúrt en eftirspurnin jókst og við önnuðum ekki fleiru,“ segir Dóra. „Við erum þó að prófa okkur áfram með gríska jógúrt og vonandi smjör og skyr í framtíðinni.“



**LEIKIÐ FYRIR KÝRNAR** Oddur Goði Jóhannsson, systursonur Kristjáns Oddssonar á Neðra-Hálsi, heldur konsert fyrir kýrnar. MYND/KRISTJÁN ODDSSON

Biobú kallar eftir fleiri samstarfsaðilum til framleiðslu á lífrænum mjólkurafurðum en Dóra telur að íslenska ríkið þyrfti að styðja betur við bændur sem vilja hefja framleiðslu á lífrænni mjólk, eins og tíðkist erlendis.

„Meðan bændur fá enga hvatningu fer bara hugsjónafólk út í lífræna ræktun,“ segir Dóra. „Við gerum þetta ekki til að verða rík heldur vegna þess að okkur þykir vænt um náttúruna.“ - ht

Látni Pólverjinn:

# Beðið eftir réttarkrufningu

**LÖGREGLUMÁL Ofbeldisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu bíður nú eftir niðurstöðum úr réttarkrufningu á Pólverjanum sem lést af höfuðáverkum á sjúkrahúsi á föstudag, að sögn Sigurbjörns Víðis Eggertssonar, yfirmanns deildarinnar.**

**Lögreglurannsókn er haldið áfram af fullum þunga.**

**Maðurinn, sem var þrítugur, var fluttur höfuðkúpubrotinn á sjúkrahús fyrir hálfum mánuði. Tveir Pólverjar sættu gæsluvarðhaldi í kjölfar málsins. Þrír eru nú í sex vikna farbanni. Lögregla rannsakar hvort lát mannsins megi rekja til óeðlilegra atvika.** - jss






**FRÁ VILNIUS** Rasa Kairiene sendiherra Litháens á Íslandi segir að löndin verði að vinna betur saman til að vinna bug á skipulagðri glæpastarfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Menningar- og löggæslusamstarf eflt

**Litháar fagna á næsta ári þúsund ára afmæli ríkis síns auk þess sem Vilnius verður menningarhöfuðborg Evrópu. Íslendingar munu heldur ekki fara varhluta af þessu segir sendiherra Litháens í viðtali.**

**UTANRÍKISMÁL** Löggæslustofnanir Íslands, Litháens og Evrópu verða að vinna betur saman til að vinna bug á því vandamáli sem felst í skipulagðri glæpastarfsemi og mjög hefur spillt ímynd Litháa í opinberri umfjöllun hérlendis. Þetta segir Rasa Kairiene, sendiherra Litháens á Íslandi með aðsetur í Kaupmannahöfn, spurð um skoðun sína á því hvað hægt sé að gera til að bregðast við þessu vandamáli.



**RASA KAIRIENE**

„Samkvæmt því sem við í sendiráðinu komumst næst búa og starfa alls um tvö þúsund Litháar á Íslandi,“ segir Kairiene og bendir á að það sé ekki lítið með tilliti til þess að heildaríbúafjöldi landsins er ekki mikið yfir 300.000. Þær upplýsingar, að nöfn allt að 150 Litháa hafi komist á „svartan lista“ íslenskra lögregluyfirvalda vegna gruns um að vera viðriðnir lögbrot af einhverju tagi, verði líka að skoða í þessu samhengi. Það hafi sýnt sig í Noregi, þar sem um 10.000 Litháar búa, að sú mikla fjölmiðlaumfjöllun í Noregi sem vissir glæpir fengu þar sem Litháar komu við sögu, svertu orðstír Litháa þar í landi umfram það sem ástæða var til, að sögn Kairiene. Við nánari athugun hafi nefnilega komið í ljós að sem hlutfall af fjölda landa sinna í Noregi voru Litháar engu tíðar brotlegir við lög en til að mynda Pólverjar, Pakistanar eða ýmsir aðrir hópar.

Með þessum orðum vill Kairiene alls ekki gera lítið úr alvöru þess að landar hennar gerist brotlegir í þeim löndum sem þeir hafa kosið að flytjast til, hvort sem það er til skamms eða langs tíma. Hún segist vonast til að með nánara samstarfi löggæsluyfirvalda, ásamt efldu félagsstarfi Litháa sjálfra hér á landi, muni með samstilltu átaki reynast unnt að vinna bug á þessu vandamáli.

Vert er enn fremur að minnast þess að glæpastarfsemi af því tagi sem í flestum tilvikum er um að ræða í þessu samhengi, svo sem smygl á fíkniefnum, er skuggahlið frelsisins sem hefur fært bæði Íslendingum, Litháum og öðrum þjóðum Evrópu ómæld ný tækifæri á síðustu árum.

Um dagskrá þúsund ára ríkisafmælisársins 2009 og menningarhöfuðborgarinnar Vilníus segir Kairiene að í undirbúningi sé meðal annars að litháísk sinfóníuhljómsveit sæki Ísland heim, listsýningar og aðrir menningarviðburðir. Það hjálpi til í þessu samhengi að í sendiráðinu í Kaupmannahöfn er nú tekinn til starfa menningarfulltrúi og samhliða því hefur sendiráðið úr meiru að spila til að efla menningartengsl þjóðanna.

audunn@frettabladid.is






BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

SAND

B&S
KONUR

B&S Kringlunni | 553 4141

útsala

## Sparaðu með Brimborg

### Nú er Ford með bensínverðvernd

# Sparaðu á með bros á

## Ford með 1.500 lítra af bensíni á aðeins 99 kr/ltr.

# Nýtt. Sparaðu enn meira á Ford

**Spariverð. Bílasamningur 39.775 kr. á mánuði.**

Sparneytinn
Ford Escape XLS AWD
með bensínverðvernd

2,3i 153 hö 206 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 9,9 l/100 km
Spariverð: 3.490.000 kr.*
Útborgun 30% eða 1.047.000 kr.
Bílasamningur 39.775 kr. á mánuði í 84 mánuði.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum eru vaxta- og lántökukostnaður 921.184 kr.
5 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

**Spariverð. Bílasamningur 15.720 kr. á mánuði.**

Sparneytinn
Ford Ka
með bensínverðvernd

1,3i 70 hö 106 Nm 5 gíra 3 dyra
CO2 losun 141 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 5,9 l/100 km
Spariverð: 1.380.000 kr.*
Útborgun 30% eða 414.000 kr.
Bílasamningur 15.720 kr. á mánuði í 84 mánuði.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum eru vaxta- og lántökukostnaður 378.215 kr.
4 bílar á þessu tilboði.




Hringdu núna í síma 515-7000

visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 30% útborgun og mán. greiðslum í 84 mán. sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta, 50% JPY/ 50% CHF. Mynd af Ford Escape s

Ford

Nýtt tákn um gæði

## Bensínverðvernd Brimborgar




# Ford vör. Í dag.

### Nýtt. Núna sparneytinn Ford með bensínverðvernd

Sparaðu með Brimborg. Vertu á sparneytnum Ford með bensínverðvernd. Njóttu þess að auki að fá þér nýjan bíl á frábærum kjörum.

Nú færðu alla sparneytnu bílana frá Ford á sérstöku spariverði. Upplifðu bros sem borgar sig margfalt til baka í auknum sparnaði.

Komdu í dag og kynntu þér sparneytinn Ford með bensínverðvernd. Veldu Ford.

Finndu hvernig Ford laðar fram ósvikið bros, þegar þú ekur af stað með bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlítrinn. Brimborg tryggir þér bensínlítrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Bensínverðvernd Brimborgar gildir aðeins fyrir kaup á nýjum Ford.

*Komdu í Brimborg í dag og láttu Ford laða fram ósvikið bros hjá þér. Veldu Ford í dag.*

# með bensínverðvernd:

Spariverð. Bílasamningur 28.940 kr. á mánuði.

Sparneytinn
**Ford Focus Trend**
með bensínverðvernd

1,6i 100 hö 150 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 159 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,7 l/100 km
Spariverð: 2.540.000 kr.* Útborgun 30% eða 762.000 kr.
Bílasamningur 28.940 kr. á mánuði í 84 mánuði.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum eru vaxta- og lántökukostnaður 676.718 kr.
9 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

Spariverð. Bílasamningur 63.130 kr. á mánuði.

Sparneytinn
**Ford Edge Limited AWD**
með bensínverðvernd

3,5i V6 265 hö 339 Nm 6 þrepa sjálfsk. 5 dyra
CO2 losun 313 g/km.
Eyðsla í blönduðum akstri 11,8 l/100 km
Spariverð: 5.540.000 kr.* Útborgun 30% eða 1.662.000 kr.
Bílasamningur 63.130 kr. á mánuði í 84 mánuði.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum eru vaxta- og lántökukostn.1.438.231 kr.
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

brimborg

Öruggur staður til að vera á

ýnir Ford Escape Limited með krómpakka. Aukabúnaður á mynd af Ford Focus eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




Héraðsdómur hefur dæmt í máli tollvarða sem leituðu á stúlkur á skemmtistað:

# Fyrrverandi tollvörður fundinn sekur

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi tollvörður hefur verið sakfelldur fyrir brot í opinberu starfi og að hylma yfir með þjófnaði. Refsingu yfir honum var frestað í tvö ár, haldi hann skilorð. Félagi hans var sýknaður af ákæru um brot í opinberu starfi og gripdeild.

Mönnunum var gefið að sök að hafa framvísað tollvarðarskilríkjum á dansgólfi skemmtistaðarins Hressingarskálans og í krafti embættis síns þuklað á tveimur stúlkum. Öðrum þeirra var síðan gefið að sök að hafa gripið veski annarrar stúlkunnar og hlaupið með það á brott. Þetta gerðist í janúar síðastliðnum.

Sá sem ákærður var fyrir gripdeild neitaði alfarið sök. Hann viðurkenndi að hafa verið á staðnum en sagðist ekki hafa komið nálægt stúlkunum tveimur. Hinn maðurinn játaði, sagðist ekkert muna eftir kvöldinu sökum ölvunar og lagði trúnað á orð stúlknanna þess efnis að hann hefði brotið gegn þeim. Hann sagði tollvarðarstarfi sínu lausu eftir þrýsting frá tollstjóra.

Sá sem neitaði sök var sýknaður eins og áður segir. Segir í dómnum að ekkert tengi hann við atburðinn annað en að hann var á staðnum umrædda nótt. Hinn var sakfelldur, en refsingu frestað. - sh



**HRESSINGARSKÁLINN** Dómurinn segir ekkert tengja annan sakborninganna við málið annað en að hann var á staðnum umrædda nótt. FRÉTTABLAÐIÐ / HARI



**SVEKKT YFIR ÚRSKURÐI DÓMARANS** Guðný Björt dró stærsta fiskinn úr sjónum í ár. Sá var reyndar þegar dauður svo hún varð af verðlaununum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Metþátttaka í dorgveiðikeppninni í ár

**Dorgveiðikeppni Hafnarfjarðar fór fram í blíðskaparveðri á Flensborgarbryggju í gær. Einn datt í sjóinn en sakaði ekki. Aflakóngurinn í ár krækti í tíu fiska.**

**ÚTIVIST** Yfir fimm hundruð börn tóku þátt í Hafnarfjarðarmeistaramóti í dorgveiði sem fram fór í gær. „Þátttakan er með ólíkindum. Það er ánægjulegt að sjá keppendum fjölga ár frá ári,“ sagði Geir Bjarnason, forvarnafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar, sem hefur skipulagt hátíðina frá upphafi.

Keppnin fór vel fram fyrir utan það að einn strákur datt í sjóinn en starfsmenn sýndu skjót viðbrögð og náðu honum upp. Drengurinn sakaði ekki.

Styrmir Jónasson veiddi flesta fiska í ár en hann náði að krækja í tíu stykki. Auðunn Húnfjörð veiddi krabba sem var útnefndur Furðufiskur ársins. Það var svo Ingibjörg Anna Hjartardóttir sem veiddi stærsta fiskinn að þessu sinni, en hann vó 459 grömm.

Ekki voru allir sáttir við úrslitin. „Ég veiddi stærsta fiskinn. Ég er best í að veiða,“ sagði Guðný Björt Garðarsdóttir, þátttakandi. „Ég veiddi einn sem var átta hundruð grömm, en hann var reyndar dauður fyrir. Svo veiddi ég tvo pínulitla og einn skrýtinn sem var eins og skötuselur.“ Þegar vinkonur Guðnýjar bættu því við að sá hefði verið ljótur svaraði hún reiðilega. „Nei! Hann var fallegur! Hann er sonur minn. En litli fiskurinn var svo skítugur að ég þurfti að setja hann í bað.“

\- ges



**DORGAÐ Í HAFNARFIRÐI** Sífellt fleiri mæta á Hafnarfjarðarmeistaramótið í dorgveiði og í gær tóku yfir fimm hundruð börn þátt.



**VÍSINDALEGAR MÆLINGAR** Andri vigtar krossfisk sem Sandra vinkona hans veiddi.



**GÓÐ FRAMMISTAÐA** Einn drengur féll í sjóinn en var bjargað fljótt upp úr aftur af starfsmönnum mótsins.




VERÐ 175.900
**124.900**

42LC55
42” LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768




VERÐ 249.900
**139.900**

42PC1R
42” Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768



VERÐ 249.900
**186.900**

LD40LLB
40” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768

# B-VÖRUR ALLT Á AÐ SELJAST

**B-vörur eru útlitsgölluð tæki, sýningartæki eða útskiptivörur**



VERÐ 169.700
**99.900**

Pakkatilboð
640 A Stereo Magnari
65 wött
640 C Geislaspilari
C500 Hátalarar



VERÐ 43.900
**24.900**

LCD1561PKL
15” LCD sjónvarp



VERÐ 39.900
**19.900**

5CDC60X
Veggháfur
Breidd 60 cm
210 m3/h



VERÐ 19.900
**10.900**

MS1944JL
Örbylgjuofn
19 lítra, 800 wött



VERÐ 159.900
**99.900**

GB1924PEKW
Ísskápur
170x75x71 cm (hxbxd)



VERÐ 109.900
**79.900**

WD12230FB
7kg þvottavél
1200 snúninga



VERÐ 94.900
**59.900**

TDC70030E
7kg þurrkari
Barkalaus & rakastýrður



VERÐ 103.900
**69.900**

TDC70040E
7kg þurrkari
Barkalaus & rakastýrður

## RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-14

Lífið er gott LG

Öll verð, upplýsingar og myndir eru birt með fyrirvara um prentvillur.




ENNEMM / SÍA / NM34351


0 krónur á netið með 3G
Nú kemstu á netið innanlands fyrir 0 krónur á kvöldin og um helgar með 3G síma eða netlykli í tölvuna. Með netlyklinum kemst fartölvan í netsamband hvar sem er á 3G þjónustusvæði Símans á mesta hraða sem býðst í 3G hérlendis. Taktu þátt í framtíðinni og fáðu þér 3G síma eða netlykil á www.siminn.is eða í næstu verslun Símans.
800 7000 •
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hækkun olíuverðs og orku- og umhverfisstefna:

## Hvar er metnaðurinn?

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Ísland á þess kost að verða fyrsta þróaða ríki heims sem venur sig af notkun jarðefnaeldsneytis. Sú mikla hækkun sem orðið hefur á olíuverði og ekki sér fyrir endann á felur í sér tækifæri til að hraða því að Íslendingar nálgist þetta takmark. Ef rétt er á málum haldið.

Ísland er nú þegar óháð jarðefnaeldsneyti til rafmagnsframleiðslu og húshitunar. Samgöngutæki landsmanna eyða hins vegar miklu magni af olíu og bensíni með tilheyrandi útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Íslenzki bílaflotinn er sá eyðslufrekasti í Evrópu. Olíuverðshækkunin nú og sá samdráttur í kaupmætti landsmanna sem fylgir gengisfalli krónunnar ætti að vera til þess fallin að vekja neyzluglaða Íslendinga til vitundar um að þetta þarf ekki að vera svona. Það er hægt að halda í þau lífsgæði sem einkabíllinn veitir án þess að brenna öllu þessu dýra innflutta eldsneyti.

Nú keppast stærstu bílaframleiðendur heims um að markaðssetja vistvænni bíla. Sú útfærsla þeirra sem áhugaverðust er fyrir íslenzkar aðstæður eru svonefndir tengil-tvinnbílar (plug-in hybrids á ensku), sem eru knúnir bæði af litlum brunahreyfli (sem gengur fyrir bensíni, dísilolíu eða lífrænu eldsneyti) og rafmótorum og eru útbúnir stórum rafgeymi sem hægt er að hlaða úr heimainnstungu. Þessi tækni gerir það mögulegt að keyra bílinn að mestu leyti á innlendu, endurnýjanlegu, útblástursfríu, ódýru rafmagni. En þar sem um borð í bílnum er líka hefðbundinn brunahreyfill og eldsneytistankur er drægi hans engu minna en venjulegs bensínbíls.

Í þjóðhátíðarræðu sinni í síðustu viku sagði forsætisráðherra að „við verðum nú sem þjóð að bregðast við hinum gríðarlegu hækkunum á innfluttu eldsneyti“. Hann nefndi að „skynsamlegt gæti einnig verið að breyta fyrirkomulagi gjaldtöku af ökutækjum og eldsneyti í þessu skyni en einnig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda“.

Að Geir skyldi setja breytta gjaldtöku af ökutækjum og eldsneyti í þennan viðtengingarhátt skýtur nokkuð skökku við þegar haft er í huga að hálfum mánuði áður en hann lét þessi orð falla var birt niðurstaða úr meira en árs vinnu stjórnskipaðs starfshóps, sem hafði það hlutverk að útfæra tillögur að breyttri gjaldtöku af ökutækjum og eldsneyti með það fyrir augum að ýta undir notkun vistvænni farartækja og eldsneytiskosta. Starf nefndarinnar miðaðist við að unnt væri að setja lög á grundvelli tillagna hennar sem tekið gætu gildi um næstu áramót, þegar tímabundnar reglugerðir um afslátt af gjaldtöku af vissum útfærslum vistvænni bíla og eldsneytis renna úr gildi. Af orðum forsætisráðherrans að dæma virðist hann ekki telja brýnt að staðið sé við þessa tímaáætlun. Hvar er metnaðurinn til að Ísland grípi tækifærið til heimsforystu í að venja sig af olíufíkninni?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ótímabær ályktun

Siv Friðleifsdóttir alþingismaður ritar grein í 24 stundir þar sem hún vitnar í frétt Stöðvar 2 um að tíðni hjartaþræðinga hafi dregist saman um 21 prósent frá því að reykingar voru bannaðar á veitinga- og skemmtistöðum. Af því dregur hún þá ályktun að þau sem lögðu fram – og studdu – frumvarp um reykingabann hafi stytt biðlista verulega og bætt lífsgæði hjartasjúklinga til muna. Eins trúuð og Siv kann að vera á gagn og gæði reykingabannsins er fylgni ekki það sama og orsakasamhengi. Þar til vísindalegar rannsóknir um tengsl reykingabanns á skemmtistöðum og fjölda hjartaþræðinga liggja fyrir, eru ályktanir í þessa átt ótímabærar.



### Kattliðug króna

Geir H. Haarde sagði á fundi fjárfesta í London í gær að eigin gjaldmiðill veitti Íslendingum meiri sveigjanleika en í myntsamstarfi. Þetta er kallað að horfa á björtu hliðarnar; hér er engin kreppa, bara krónan að sýna hvað hún er liðug. Og hver hefði trúað hvað hægt er að beygja hana mikið á bak aftur?



### Á fjöllum

Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, fékk nóg af dagsins amstri fyrir helgi og dreif sig í fjallgöngu um helgina – upp á Heklu nánar tiltekið, þar sem væsti ekki um hann. „Það var kalt á toppnum,“ skrifar ráðherrann á heimasíðu sína eftir að hann kom af fjöllum, en „notalegt að leggjast niður, hvíla lúin beinin, drekka kaffi og borða flatkökur með hangikjeti og kæfu“. Það eru í sjálfu sér skiljanleg viðbrögð, þegar krónan er í lægstu lægðum, að ráðherrar flýi upp á hæstu tinda.

bergsteinn@frettabladid.is

# Blóminn fagur



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Sarkozy og konurnar

Þegar ég heyrði fregnirnar um Suðurlandsskjálftann mikla, fór ég strax að glugga í frönsk blöð til að sjá hvernig þau segðu frá þessum atburði. En ég hafði ekki erindi sem erfiði. Svo var ekki að sjá að nokkurt blað fjallaði um skjálftann, og hafi hann einhvers staðar verið nefndur hefur það verið í slíkri mýflugumynd að það fannst ekki. En þetta ætti ekki að koma á óvart, frönsk blöð hafa frá öðru að segja. Þau tala um Sarkozy. Ef Sarkozy gerir eitthvað, segja þau frá því, ef Sarkozy gerir ekkert, segja þau frá því, og ef fregnir berast um að nú sé kominn fram á sjónarsviðið nýr Sarkozy, hógvær og hlédrægur, velta þau því fyrir sér hve lengi hann muni geta setið á strák sínum.

Það sem kveikti kitlandi spenning fréttamanna nú síðast (þegar þessi orð eru rituð) var hið stórmerka mál: „Sarkozy og konurnar“. Hér var að vísu ekki um að ræða hjónabandsmál forsetans sem áður fylltu síður dagblaða, heldur var nú komið inn á annað svið. Sarkozy hefur nefnilega gert fleiri konur að ráðherrum en nokkur fyrirrennari hans, jafnvel sósíalistar sem láta gjarnan hvína í nösum út af jafnréttismálum, komust ekki með tærnar þar sem hann hefur hælana. Af fimmtán ráðherrum í fyrstu stjórn hans voru sjö kvenkyns, og þótt hlutfallið hafi eilítið lækkað í þeirri stjórn sem mynduð var eftir bæjarstjórnarkosningarnar eru þar nú þrettán konur ráðherrar og aðstoðarráðherrar af þrjátíu og átta stjórnarlimum.

En talan sjálf er ekki allt og sumt, Sarkozy, sem er í eðli sínu táldráttarmaður að sögn nákunnugra, hefur líka haft sinn sérstaka hátt á að velja þær konur sem hann hefur sett í ráðherrastóla. Á tímum fyrirrennara hans fengu konur ekki þessa upphefð fyrr en þær voru búnar að sýna svo ekki varð um villst að í stjórnmálum voru þær ekki eftirbátar eins eða neins, þær voru búnar að hasla sér völl í flokk og kjördæmi og, eins og sumir hafa sagt, orðnar samdauna og samlitaðar hinu vaska liði karlkyns stjórnmálamanna. Sarkozy var fyrstur til að skilja, að í nútímavæddu þjóðfélagi dugir þetta ekki lengur, og því hefur hann valið konur í ráðherrastóla eins og þaulvanur sjónvarpsmaður velur menn í talþætti.

Og þá er fyrst að telja það sem skiptir kannske ekki minnstu máli í þessu samhengi: þær eru mjög fjölbreyttar að litarhætti, meðal þeirra er að finna alsvarta konu, eina rauðhærða eða tvær, aðrar dökkhærðar, aðrar ljóshærðar, enn eina með þeim háralit sem Frakkar kenna við „pipar og salt“, og loks er þarna að finna það sem er að sögn sjaldgæfast af öllu, „feneyska ljósku“. Því hrökk upp úr einum fréttamanninum: „Þetta er ekki ríkisstjórn, þetta er regnboginn sjálfur.“ Þegar Sarkozy lét taka af sér mynd með þessum ráðherrum og blóminn fagur kvenna klár allt í kringum hann, á hann að hafa sagt: „Er þetta ekki fríður veiðifengur?“

En undir þessum fögru skinnum búa einnig mismunandi og allsterkir persónuleikar, meðal þeirra er ein múhameðstrúar, af arabískum uppruna og komin úr innflytjendahverfi utan Parísar, eins rammkaþólsk og félagslega sinnuð, ein alþýðlegur gaullisti, ein borgaralegur aristókrati af því tagi sem kennt er við Versali, ein ósveigjanleg menntakona, og þar fram eftir götunum. Sarkozy hefur því ekki hikað við að fela þeim málefni sem hingað til hafa oftar en ekki fallið í skaut karlkyns ráðherrum, svo sem innanríkismál, fjármál og dómsmál, til viðbótar við þau mál, eins og umhverfismál og heilbrigðismál, sem nokkur hefð hefur skapast fyrir að konur hafi með höndum. En eins og myndi vel hæfa í talþætti í sjónvarpi hafa þessar konur sínar ákveðnu skoðanir, stundum nokkuð mismunandi, og munninn fyrir neðan nefið til að láta þær í ljós. Og þá kemur vandinn. Öllum þeim sem hafa umgengist Sarkozy ber saman um að hann geti alls ekki sagt „nei“ við konur, því síður sagt þeim fyrir verkum eða sett ofan í við þær. Því táldráttarmaðurinn er eins og oft hefur verið sýnt fram á bundinn og háður þeim sem hann táldregur. Ef einhver karlkyns ráðherra talar af sér á almannafæri, á Sarkozy til að hóta þeim hinum sama hörðum kárínum, en ef eitthvað slíkt hendir kvenkyns ráðherra, segir hann ekkert, nema þegar hann kemur viðkomandi hástöfum til varnar. Og ef þessum hörkukonum lendir saman, laumast hann þegjandi á braut eins og lafhræddur kögursveinn, og lætur þær um að gera upp málin sín á milli.

Þetta taka Frakkar að því er virðist ekki ýkja alvarlega og finnst það jafnvel spaugilegt á stundum, enda gera þessar konur allavega færri axarsköft en Sarkozy sjálfur. En á þessu er þó önnur hlið sem menn hafa meiri áhyggjur af. Ef Sarkozy á erfitt með að segja „non“ við konu, hefur hann hins vegar andspænis sér á öðrum og breiðari vettvangi konu sem er ósmeyk við að segja „nein“, „non“ eða „njet“ við hvern sem er, og það er Angela Merkel. Og þá getur gamanið farið að kárna.

# Mótum framtíðarlandið okkar

**UMRÆÐAN**

Jón Steindór Valdimarsson skrifar um nýtingu náttúruauðlinda



JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON

Ísland er land tækifæranna. Við sitjum að miklum náttúruauðlindum, sem leggur okkur ríkar skyldur á herðar. Náttúrufegurð, jarðhiti, vatnsafl og fiskimið eru gæði sem við þurfum í senn að nýta og njóta. Nauðsynlegt er að byggja upp fjölbreytt og blómlegt atvinnulíf með skynsamlegri nýtingu allra gæða Íslands og eigin hugvits. Sameiginlegur hagur okkar allra er að ná sem víðtækustu samkomulagi um hvernig standa skuli að verki, hvaða almennu leikreglum beri að fylgja.

Ekkert er við því að segja að mismunandi skoðanir séu á því hvort og hvar einstök fyrirtæki byggja eða stækka og ekki heldur þó einum hugnist tiltekin starfsemi betur en önnur. Mikilvægast er að unnið sé eftir hlutlægum lögum og reglum. Ótækt er að þurfa að sæta því, oft eftir áralangan og kostnaðarsaman undirbúning, að pólitískir, efnahagslegir eða tilfinningalegir vindar ráði að lokum hvort heimilt er að ráðast í framkvæmdir. Frumkvæði og framkvæmdavilja á ekki að reisa aðrar en hlutlægar almennar skorður. Almannavaldið á að forðast alla sértæka stýringu í þeim efnum. Því fjölbreyttara atvinnulíf, því betra.

Samtök iðnaðarins eru talsmenn þess að við nýtum náttúruna af fullri virðingu og gætum þess að spilla henni ekki að óþörfu. Tækifæri okkar til orkufrekiðnaðar með vatnsafli og jarðhita eigum við að nýta til iðnaðar. Þetta er grundvallaratriði. Vissulega er um það deilt hvar skuli draga mörk milli nýtingar og verndar. SI hafa þess vegna talað fyrir því að brýnt sé að ljúka gerð verndar- og nýtingaráætlunar um náttúruauðlindir. Því miður hefur ekki verið settur nægur kraftur í það verkefni undanfarin ár og það veldur okkur vaxandi vandræðum og óþörfum deilum.

Stjórnmálamönnum og stjórnvöldum ber skylda til að vinda bráðan bug að því að ljúka því að setja gagnsætt og hlutlægt regluverk um samspil nýtingar og verndar í framtíðarlandinu okkar. Landi tækifæranna.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.*









Stökktu til
Mallorca
2. júlí í viku
frá kr. 39.990



**Síðustu sætin**
Heimsferðir bjóða nú síðustu sætin til Mallorca 2. júlí í viku á einstökum kjörum. Mallorca er er ein perla Miðjarðarhafsins og hér nýtur þú sumarsins til hins ítrasta í sólinni og traustrar þjónustu fararstjóra Heimsferða. Þú bókar flug og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2 - 4 saman í íbúð í viku. Stökktu tilboð 2. júlí.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Tryggvi Áki með húfu sem hann keypti í annari ferð sinni til Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Voru mjög vinsælir í Kína

***Tryggvi Áki Pétursson nemi í viðskiptafræði hefur ferðast víða um ævina. Tryggvi Áki var landsliðsmaður í borðtennis og hefur ferðast tvisvar sinnum til Kína vegna íþróttarinnar.***

„Ég hef farið tvisvar sinnum til Kína og voru bæði skiptin mjög skemmtileg. Í fyrra skiptið fór ég til borgarinnar Shijiazhuang í æfingarbúðir í borðtennisskóla. Í æfingabúðunum voru strákar sem gerðu fátt annað en að spila borðtennis allan daginn og má segja að markmiðið þar hafi verið að búa til snillinga í íþróttinni,“ segir Tryggvi Áki.

Áberandi lítið var um ferðamenn í borginni að sögn Tryggva Áka. „Fólk tók sérstaklega eftir okkur og vorum við myndaðir öllum stundum. Við vorum í matvöruverslun og þar gripu nokkrar konur myndavélar og smelltu af okkur myndum. Svo vorum við staddir á McDonalds þegar yfirmaðurinn þar heimtaði myndatöku og setti myndina af okkur upp á vegg,“ segir hann. Því má segja að Tryggva Áka og félögum hans hafi verið tekið sem stjörnum í Shijiazhuang. Þeir nýttu líka ferðina til að skoða Kínamúrinn mikla.

„Í seinni ferðinni fór ég svo með landsliðinu á heimsmeistaramótið í Peking. Á upphafsdegi mótsins var mikil skrúðganga og ég hef aldrei séð annan eins mannfjölda saman kominn. Borðtennis er eins og allir vita mjög vinsæl íþrótt í Kína og á þessum degi gaf ég örugglega tvö hundruð eiginhandaráritanir. Ég lenti í öðru sæti í mínum riðli og þetta var mikil reynsla og frábær upplifun. Ég tapaði á móti besta leikmanni Bandaríkjanna en hann er reyndar fæddur og uppalinn í Kína,“ segir Tryggvi Áki sem lítur á heimsóknir sínar til Kína sem mikla reynslu og stórkostlega upplifun í alla staði. *mikael@frettabladid.is*



**Farsímanotkun** við akstur er stórhættuleg. Ef ná skal hámarksöryggi við akstur þarf athygli á vegi og umferð að vera stöðug. Þegar talað er í farsíma við akstur beinist athyglin að símtalinu, ekki veginum.



Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Bremsuhlutir
í alla jeppa og pickupa
Diskar
Klossar
Dælur
Borðar
Ísetningarþjónusta
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



Volvo bílarnir hafa löngum rakað að sér viðurkenningum fyrir hönnun.

# Nýtt útlit Volvo

***Volvo C30 hlaut nýverið viðurkenningu fyrir hönnun á innréttingum bílsins. Það var bílablaðið Ward's AutoWorld sem stóð fyrir viðurkenningunni.***

Volvo C30 hlaut nýlega viðurkenningu fyrir hönnun á farþegarými og var þetta ekki í fyrsta skipti sem Volvo hlýtur þessa viðurkenningu því í fyrra hlaut Volvo S80 sömu viðurkenninguna.

Þetta er vissulega mikil viðurkenning fyrir hönnunarteymi Volvo. Að sögn talsmanna bílablaðsins Ward's AutoWorld, sem veitti viðurkenninguna, eru einkenni hönnunar Volvo C30 skandinavísk og einfaldleiki, glæsileiki og mikið notagildi fremst í flokki. Volvo hefur tekist afar vel að hanna bíla sem allir hafa aðgang að.

Hönnuður Volvo C30 bílsins segir að markmið með hönnuninni sé að færa bíleigendum nýtt útlit. Sætin í Volvo bílum eru fyrir löngu orðin þekkt fyrir góða hönnun og þægindin. Möguleikarnir eru margir og auðvelt að uppfylla kröfur og þarfir kaupandans. *- mmr*

# Frítt í stæði

***Um síðustu helgi frumsýndi B&L splunkunýjan smábíl frá Hyundai og heitir hann i10.***

Það er nýjung hjá Hyundai að fara sömu leið og BMW-verksmiðjurnar og auðkenna bíla sína eftir stærð og merkja þá með númerum.

Hyundai i10 er sá allra nýjasti og jafnframt sá allra minnsti sem Hyundai býður upp á. Fyrr á þessu ári kom á markaðinn millistærðarbíllinn i30 sem hefur vakið mikla athygli. Hyundai i10 er fimm dyra og rúmgóður þrátt fyrir smæð sína. Sala á smábílum hefur aukist að undanförnu og vegur hátt bensínverð þungt í þeim efnum.

Bíllinn mengar lítið og fær því ókeypis í gjaldstæði í miðborg Reykjavíkur líkt og aðrir bílar í þessum flokki. Áhugasamir eru hvattir til að líta við í B&L og reynsluaka Hyundai i10. *- mmr*



VEIÐITÚRNUM FYLGJA ÝMSAR VÆNTINGAR
SUMIR HLUTIR STANDAST ALLTAF...
Kr. 56.900,-
G4 PRO®
• 3 laga Gore-Tex® Pro
• 2 rúmgóðir brjóstvasar
• Flísfóðraðir hliðarvasar
• Stór bakvasi
• Stillanleg hlífðarhetta
• Flísfóðraður kragi
• Stillanleg ermastroff
• Áfastar klippufestingar
Kr. 52.900,-
G3 GUIDE™
• 3 laga Gore-Tex® XCR
• 2 rúmgóðir brjóstvasar
• Flísfóðraðir hliðarvasar
• Stór bakvasi
• Stillanleg hlífðarhetta
• Flísfóðraður kragi
• Stillanleg ermastroff
• Áfastar klippufestingar
Vinsælasti jakkinn frá Simms
SIMMS
Fyrir kröfuharða veiðimenn...
Kr. 22.900,-
CLASSIC GUIDE™
• 2,5 laga öndunarfilma
• 2 rúmgóðir brjóstvasar
• Flísfóðraðir hliðarvasar
• Stillanleg hlífðarhetta
• Stillanleg ermastroff
• Áfastar klippufestingar
Kr. 39.900,-
FREESTONE®
• 3 laga Gore-Tex®
• 2 rúmgóðir brjóstvasar
• Flísfóðraðir hliðarvasar
• Stór bakvasi
• Stillanleg hlífðarhetta
• Stillanleg ermastroff
• Áfastar klippufestingar
Veiðivon
MÖRKINNI 6 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 568 7090 • WWW.VEIDIVON.IS

allt heimili
Alla fimmtudaga

Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið

**Blómapottar** undir blómin eru nauðsynlegir. Fallegir blómapottar lífga upp á og setja annan svip á heimilið. Gaman að kaupa sumarpotta með flottu mynstri og setja falleg sumarblóm í.



# Eiga að vera til ánægju

***Margrét Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur kann vel við sig innan um mold og gróður og skemmtilegast þykir henni að skipuleggja garða.***

„Ég er alin upp við að vera alltaf úti í góða veðrinu og nú horfir þetta til vandræða því ég kemst aldrei inn til að gera neitt að gagni. En það er svo sem nóg að gera úti við,“ segir Margrét hlæjandi þegar hún er heimsótt í eigin garð í Mosfellsbænum sem hún tók við í vetur og nýtir sumarfríið til að setja hann í stand. „Hér var bara gras og rætur af níu trjám sem höfðu verið felld í fyrra. Ég fékk það verkefni að grafa upp ræturnar og það var góð líkamsrækt. Nú er ég líka langt komin með að rífa upp grasið,“ segir hún og lýsir tilhöguninni nánar.

„Mér finnst best að byrja á mannvirkjum og er búin að setja upp gróðurhús og arinn, búa mér til matjurtagarð og safnkassa og byrjuð að planta. Ég ætla að vera með eitthvað grannvaxið og fínlegt, eins og klifurrós, klifurhortensíu og humal sem fara upp með girðingum og veggjum og ekkert sem verður hærra en þrír metrar. Mér finnst gaman að spila saman grófu og fínu, tilklipptu og öðru sem vex frjálst og blanda saman lauflitum. Það er orðið margt sem lifir og dafnar hér á landi.“

Greinilegt er að Margrét er vön svona vinnu enda kveðst hún hafa alist upp við garð og ræktað eigin garða í bráðum þrjátíu ár. „Ég hef átt skemmtilegt úrval af görðum. Einn var flag sem ég þurfti að vinna frá grunni, annar gamall og úr sér vaxinn og honum umturnaði ég.“ Auk eigin garða kveðst hún hafa skipulagt garða fyrir ættingja og aðra sem hafi spurt hana ráða. „Ég hef eignast skemmtilega vini út á þetta áhugamál,“ segir hún brosandi. En hvaða heilræði á hún handa þeim sem eru að koma sér upp nýjum görðum? „Mér finnst mikilvægt að meta hvað passar garðinum sjálfum og legg áherslu á að velja ekki plöntur sem þurfa mikla fyrirhöfn, vinnu og dekur. Garðar eiga bara að vera til ánægju.“



Hænurnar hafa það gott í hænsnagerðinu hjá Margréti.




**Gólfhitakerfi**

**Ekkert brot ekkert flot**



flooré GÓLFHITI



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) • 200 Kópavogur
Sími 567 1330 • Fax 567 1345 • www.hringas.is

Hringás ehf.

**Ragmagns nuddpottur (49 stútar)**

**Allir þeir sem staðfesta pöntun fyrir mánaðarmót fá pottana á gamala genginu**

Acryl pottur
6 manna m/legubekk
Trappa og lok fylgir
Einangraður fyrir íslenskar aðstæður
Vínkælir
Útvarp
Kemur með Fossi

49 stútar
Tvær 3 ha. dælur
Ein hringrásadæla
Sjálfvirkt “Ozonizer” hreinsikerfi
LED ljós
5.5 kW hitari

Þyngd: 300 kg
Stærð: 228x228
Hæð: 92
Code: 082363-SKT338L



**495.000 kr.**

www.4you.is

4you.is • Eddufelli 2 • 111 Reykjavík • Sími 564-2030 690-2020








allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga


# Alltaf verið sumarbyggð

***Fyrsti gönguhópur sumarsins var að stíga á land í Reykjarfirði nyrðri á Ströndum þegar slegið var á þráðinn til Elínar Ragnarsdóttur sem þar sinnir ferðaþjónustu.***



Tvö lítil gestahús hafa verið reist í Reykjarfirði þar sem hægt er að fá gistingu.

„Hér er allt að fara í gang,“ segir Elín sem er grunnskólakennari í Bolungarvík en er nú í fæðingarorlofi svo hún er komin í fjörðinn sinn að hjálpa til. Foreldrar hennar, Ragnar Jakobsson og Sjöfn Guðmundsdóttir, reka svefnpokagistingu í Reykjarfirði í gömlu íbúðarhúsi með 22 svefnstæðum þar sem allt er til alls og tvö lítil gestahús hafa verið reist til viðbótar. Tjaldstæði er á staðnum, snyrting, sundlaug, grill og borð. Meira að segja flugvöllur fyrir litlar rellur.

Reykjarfjörður fór í eyði á fyrri hluta 7. áratugarins. Þar bjuggu afi Elínar og amma og synir þeirra þrír byggðu sér hús þar úr rekaviði og fjölskyldur þeirra njóta þess að vera þar á sumrin.

„Hér hefur alltaf verið sumarbyggð,“ segir Elín. Bræðurnir unnu hér rekavið á sumrin og svo þegar því var hætt tók ferðaþjónustan við. Mamma og pabbi eru alltaf hér á sumrin og við erum sextán í heimili hér núna. Svo er fólk á næstu bæjum og það hjálpast allir að eftir þörfum.“

Gestirnir í Reykjarfirði eru einkum göngufólk að sögn Elínar. Ýmsir koma í Reykjarfjörðinn þrammandi eftir þriggja daga göngu, annaðhvort úr Hornvík eða Ófeigsfirði og þykir gott að staldra við. „Hér er nóg af heitu vatni og ekkert eins gott þegar komið er úr göngu og að komast í heita laug og pott og slappa af,“ segir Elín. „Svo hefur færst í vöxt síðustu ár að fólk taki bátinn hingað annað hvort frá Horni eða Norðurfirði, hafi hér bækistöð í nokkrar nætur og fari í dagsgöngur upp á Geirólfsgnúp, inn að Drangajökli, kringum Paralátursnes eða aðrar leiðir sem fólk finnur. Sumir koma aftur og aftur til að takast á við ný fjöll og nýja tinda,“ segir hún.



Þeir sem vilja geta komist í sundlaug og heitan pott.



Elín hjálpar foreldrum sínum með ferðaþjónustuna í fæðingarorlofinu sínu.

*gun@frettabladid.is*




# Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400




Skoðið úrvalið á
www.grillbudin.is
LANDMANN
er frá
Þýskalandi


# hverjir vinna EM 2008?

MIÐVIKUDAGUR 25. JÚNÍ 2008





# Ný sending af Scott hjólum



SCOTT Aspect 60 Kr. 49.900



SCOTT Contessa 40 Kr. 69.900



SCOTT Sportster P5 Kr. 58.000



SCOTT Voltage YZ 35 Kr. 64.000

PIPAR • SÍA • 81265

*Mikið úrval af nýjum Scott fjalla- og götuhjólum*

MARKIÐ

Upplýsingar um raðgreiðslur veittar í versluninni.
Hjólin eru afhent tilbúin til notkunar, samsett og stillt á fullkomnu reiðhjólaverkstæði. Aðeins vönduð hjól með ábyrgð, öll barnahjól með CE viðurkenningu.Frí upphersla fylgir innan tveggja mánaða.

www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40




# Hverjir stíga Vínarvals?

**Undanúrslit EM hefjast í kvöld þar sem allt er lagt undir. Spánverjar mæta Rússum og Þjóðverjar taka á Tyrkjum. Sæti í sjálfum úrslitaleiknum í Vín er í húfi. Meiðslum hrjáðir Tyrkir eiga vart í lið fyrir leikinn gegn Þjóðverjum í kvöld. Tyrkirnir hafa sýnt hreint fáránlega baráttu og hvað sem bönnum og meiðslum líður er ljóst að Þjóðverjar labba ekki til Vínar í úrslitaleikinn.**







Tyrkinn Hamit Altintop spilar með Bayern München og er fæddur í Þýskalandi. „Auðvitað eru Þjóðverjar sigurstranglegri en það er ekki til ein einasta ástæða fyrir því að við getum ekki unnið þá. Ég hef nákvæmlega engar áhyggjur, okkar styrkur felst í liðsandanum. Ég er viss um að við getum komist áfram," sagði Altintop.

Að minnsta kosti sex leikmenn verða ekki með Tyrkjum og fleiri gætu bæst í þann hóp. „Auðvitað er erfitt að vera með marga menn meidda, nú er það þeirra sem koma í staðinn að sýna hvað í þeim býr," sagði framherjinn Semih Senturk, sem jafnaði fyrir Tyrki gegn Króötum á ögurstundu í 8 liða úrslitunum.

Fjórir leikmenn verða í banni, markmaðurinn Volkan Demirel, varnarmaðurinn Emre Asik og miðjumennirnir Tuncay Sanli og Arda Turan. Nihat Kahveci og Emre Gungor eru farnir heim vegna meiðsla og þrír leikmenn til viðbótar eru mjög tæpir. Það eru Servet Catin, Tumer Metin og fyrirliðinn Emre Belozoglu. Torsten Frings er leikfær hjá Þjóðverjum sem eru með sitt sterkasta lið.

Lykilatriði hjá Þjóðverjum er að vanmeta ekki Tyrkina. „Hugsunarháttur þeirra er líkur okkar. Þeir munu ekki hafa neinu að tapa þar sem það er þegar frábær árangur hjá þeim að komast í undanúrslitin. Þeir hafa sýnt mikla trú á sjálfum sér," sagði Michael Ballack.

**RÚSSNESKI BJÖRNINN ER ERFIÐUR**

Luis Aragones og lærisveinar hans í spænska landsliðinu eru ekki í öfundsverðu hlutverki á morgun. Þá mæta þeir rússneska birninum sem hefur svo sannarlega sýnt klærnar á mótinu. Aragones hrífst af fljótandi leik þar sem hæfileikar og hugsunarháttur leikmanna skína í gegn í staðinn fyrir leikkerfi og útfærslur á hugmyndum.

Undir stjórn Aragones hefur spænska liðið unnið 37 leiki og aðeins tapað fjórum í 52 leikjum. Tveir í viðbót og Aragones verður þjóðhetja. Hann ætlar sér að hætta með liðið eftir mótið.

Spánverjar leika í gulum búningum á morgun en það er talinn vera óhappalitur í landinu. „Ég hef engar áhyggjur af því, ég er vanur því að spila í gulu," sagði Marcos Senna sem leikur með Villarreal. Xavi tók í sama streng og biður menn að gleyma 4-1 sigrinum á Rússum í riðlakeppninni.

„4-1 tapið var áfall fyrir þá, en þeim hefur vaxið ásmegin síðan og spilað betur og betur. Þeir hafa mikið sjálfstraust og eru nánast orðnir líklegastir til að vinna mótið," sagði Xavi, lúmskur að reyna að koma pressunni yfir á litla liðið.

Guus Hiddink, þjálfari Rússa, segir sínum mönnum bara að hafa gaman af því á þessu stigi. Hann viðurkennir að liðið sitt hafi komið honum sjálfum á óvart „Það er stórkostlegt að hafa komist hingað. Það eru þessi sjaldgæfu augnablik í íþróttum sem maður verður bara að njóta. Þegar maður getur notið þess leikur maður yfirleitt best. Við viljum ekki setja pressu á okkur, við viljum bara spila fótbolta," sagði Hiddink.



**David Villa - lykilmaður í sóknarleik Spánverja sem er markahæstur á mótinu.**
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**Kóngurinn á miðjunni. Þjóðverjar treysta á Michael Ballack til að stjórna miðjuspili sínu.**
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


MAARUD
MAARUD
POTETGULL
Sourcream
& onion
Finriflete potetchips med amerikansk
sourcream & onionsmak
250g
...beint i mark!

# Þúsund andlit stuðningsmanna

**Hundruð þúsunda knattspyrnuunnenda hafa ferðast milli Sviss og Austurríkis til að fylgjast með Evrópumótinu. Svipbrigði þeirra eru æði misjöfn, bæði gleði og tár hafa sést á mótinu. Hér eru nokkur dæmi.**

















Tyrkirnir fagna sigri í vítakeppni en Króatar eru úr leik.

NORDICPHOTOS/AFP

# Tyrkir hafa aðeins verið yfir í samtals 9 mínútur

Tyrkir hafa lent í mótlæti af öllum stærðum og gerðum á EM en hefur samt tekist að skilja Tékka og Króata eftir á leið sinni í undanúrslitin. Merkilegasta tölfræði Tyrkja á mótinu er sú að þeir hafa aðeins verið yfir í samtals 9 mínútur (undir í 110 mínútur) í þessum fjórum leikjum sínum á EM 2008.

Tyrkir hafa lent undir í þremur leikjum en náð sér á strik og hafa um leið jafnað met Tékka frá 2004 sem lentu í því sama.

Evrópumótið í ár byrjaði ekki vel hjá Tyrkjum sem réðu lítið við Portúgala í fyrsta leiknum sem þeir töpuðu 0-2 en hefðu getað tapað með meiri mun. Útlitið varð síðan enn svartara þegar liðið var undir í fyrri hálfleik á móti heimamönnum í Sviss. Semih Sentürk jafnaði leikinn og það var síðan Arda Turan sem tryggði Tyrkjum þrjú dýrmæt stig með marki þegar tvær mínútur voru liðnar af uppbótartíma.

Staðan var enn verri í lokaleik riðilsins, í úrslitaleik við Tékka um sæti í átta liða úrslitunum. Staðan var 2-0 Tékkum í vil þegar aðeins fimmtán mínútur voru eftir af leiknum. Nú var það Arda Turan sem minnkaði muninn og fyrirliðinn, Nihat Kahveci, tryggði síðan Tyrkjum sigurinn með tveimur mörkum á 87. og 89. mínútu. Hafi Tyrkir verið komnir hálfa leið út úr keppninni í þessum leik þá fóru þeir enn nær brúninni í þeim næsta.

Stórsókn Króata bar ekki árangur fyrr en á 119. mínútu framlengingar og það virtist enginn tími vera til að svara fyrir sig. Tyrkjum tókst á ótrúlegan hátt að tryggja sér vítaspyrnukeppni með marki þegar tvær mínútur voru komnar fram í uppbótartíma í framlengingu. Króatar voru enn að fagna og voru síðan engan veginn í andlegu ástandi til þess að fara í vítakeppnina sem Tyrkir unnu 3-1 þrátt fyrir að Króatarnir hefðu tekið fyrstu spyrnuna.

Æsingur Tyrkja inni á vellinum hefur vissulega kostað þá leikbönn og meiðsli en gerir jafnframt að verkum að það er eitt skemmtilegasta liðið að horfa á í mótinu. Baráttugleðin og leikgleðin hefur komið þeim svona langt og um leið vita Þjóðverjar að þeir geta ekki bókað sigur í leiknum í kvöld fyrr en að lokaflautið gellur.


Tyrkirnir gefast aldrei upp

# börn

MIÐVIKUDAGUR 25. JÚNÍ 2008

Klassískar klippingar

**áberandi í hártísku barna í sumar** BLS. 2



Keramiknámskeið

**fyrir unga og upprennandi listamenn** BLS. 4





FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Lokað í dag

útsalan hefst á morgun kl 10

Hnokkar & Hnátur

Betri barnaföt

Skólavörðustíg 20

Sími 5615910



Börn kynnast starfsemi Orkuveitunnar ár hvert. Gvendarbrunnar eru einn af þeim stöðum sem börnin heimsækja. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Lært um náttúruöflin

Orkuveita Reykjavíkur hefur um árabil boðið börnum að koma í heimsókn og kynnast starfsemi fyrirtækisins. Fróðleikurinn er af ýmsum toga og því ættu flestir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Rafheimar í Elliðaárdalnum eru einn þeirra viðkomastaða sem Orkuveitan býður börnum að heimsækja. Þar er þeim kennt eitt og annað sem lýtur að orkumálum, einkum rafmagnsfræði.

Á sama stað er tækniminjasafn, eitt fárra á Íslandi, þar sem börnunum gefst kostur að skoða gripi sem tengjast veitufyrirtækjum Reykjavíkur í gegnum tíðina.

Börnum hefur einnig verið boðið í heimsókn bæði í Hellisheiðar- og Nesjavallavirkun þar sem þau eru uppfrædd um jarðvarmanýtingu. Í Nesjavallavirkjun koma á milli fimmtán og tuttugu þúsund börn árlega í heimsókn enda afar spennandi að sjá virkjunina og starfsemi hennar. Þá er umhverfi beggja virkjana stórbrotið og gaman að rannsaka það.

Orkuveitan er einnig með fræðsluvef fyrir börn, þar sem farið er ítarlega yfir starfsemi fyrirtækisins og orku- og umhverfismál. Vefurinn hefur verið í stöðugri þróun í samvinnu við fræðsluyfirvöld Reykjavíkurborgar. *- mmr*

Þumalína
*fyrir þig og þína "efst á Skólavörðustígnum"*







Lífrænn ullarnærfatnaður fyrir fjölskylduna í útileguna í sumar.
30% sumartilboð af öllum ullarfatnaði



Ilmefnalaus lífræn sólarvörn frá Green People fyrir sólarlandaferðina.
*Green People snyrtivörur henta vel viðkvæmri húð. Þær innihalda ekki parabens, rotvarnarefni eða önnur ertandi efni.*

Skólavörðustíg 41, 101 Reykjavík. Sími 551 2136.
www.thumalina.is

Lokað í dag
útsalan hefst á morgun kl 10
40% afsláttur
POLARN O. PYRET
Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is



Strákarnir eru oftar látnir hafa hárið stutt heldur en stelpurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sjálfstæði að ráða hárinu

**Hárklippingar barna verða í klassískari kantinum í sumar, þótt sumir kjósi að fara óhefðbundnar leiðir.**

Harpa Barkar, hárgreiðslumeistari og eigandi Hársnyrtistofunnar Englahárs, segir að klassískar klippingar barna verði í brennidepli í sumar. „Síða hárið er helst í tísku hjá stelpunum í sumar. Þær eru svolítið fastar í að halda í það. Stelpur með sítt hár. Það er bara eitthvað sem er klassískt.“

Að sögn Hörpu hafa strákarnir verið örlítið ævintýragjarnari í sumar og sækja í fjölbreyttari klippingar heldur en klassískar strákaklippingar, þótt þær séu alltaf vinsælar. „Það er svolítið um að strákar fái hálfgerða hanakambsklippingu, sem er þá einhver tískuklipping.“

Þegar litið er til hártísku barna almennt segir Harpa algengast að stelpur safni hári. „Þær vilja vera með sítt hár. Þessi sídd hjá stelpunum er rétt fyrir neðan axlir,“ segir hún.



Harpa Barkar, eigandi Hársnyrtistofunnar Englahár, segir að klassískar klippingar verða áberandi hjá börnum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Strákarnir eru oftar látnir klippa hárið stutt heldur en stelpurnar, sérstaklega yfir sumartímann. Það er þó alltaf eitthvað um það að þeir séu með einhverja lengd í hárinu líka,“ segir Harpa, þegar hún er innt eftir því hvernig klippingar drengir kjósa.

Hún bendir jafnframt á að börn hafi yfirleitt ákveðnari skoðanir á klippingum þegar þau eldast. „Þegar börnin eru fjögurra eða fimm ára fara þau að hafa sterkar skoðanir. Fram að þeim tíma eru það foreldrarnir sem ráða,“ segir hún. „Eftir því sem börnin verða eldri og hafa meiri skoðun þá fara að koma ýmsar útgáfur af klippingum. Það er mjög gaman þegar þau fara að hafa skoðanir á hárinu sínu. Það er ákveðið sjálfstæði að fá að ráða því hvernig hárið á manni er.“ *- mmf*



Ávallt er fjör á námskeiðum Dramasmiðjunnar. MYND/HALLDÓR ÖRN GUNNARSSON

# Skemmtilegt og skapandi

Dramasmiðjan heldur lista- og vísindanámskeið fyrir börn á aldrinum 9 til 13 ára að Hvítárbakka í Borgarfirði.

Námskeiðin eru fyrir börn sem vilja efla sköpunargáfu sína í gegnum leik og listsköpun. Markmiðið er að örva skapandi hugsun til að efla rökhugsun og auka félagsfærni og fá börnin fræðslu og æfingu í vísindalegri hugsun. Um sumardvalarnámskeið er að ræða, en einnig geta börn sem búa eða dvelja í Borgarbyggð verið á dagnámskeiðum. Lögð verður áhersla á að auka hæfni, meðal annars í gegnum taktvinnu, leiki og fleira. Sjö námskeið eru í boði. Það fyrsta hefst 30. júní klukkan 13. Unnið verður utandyra í fallegu umhverfi Borgarfjarðar. Hverju námskeiði lýkur með nemendasýningu. Foreldrar eru velkomnir á sýninguna. Nánari upplýsingar gefur Margrét Ákadóttir í síma 690 1939 eða margaka@hotmail.com. Skráning á námskeiðin er hafin. *- stp*

● **TRIPP TRAPP-STÓLLINN** er einn af frægustu barnastólum heims. Hann var hannaður af norska hönnuðinum Peter Opsvik (f. 1939) og framleiddur af Stokke og þótti byltingarkenndur þegar hann kom á markað um 1980.

Opsvik hannaði stólinn eftir að hafa séð hve illa fór um son hans í hefðbundnum barnastól. Tripp Trapp-stólinn átti að vera lausn á vandanum, en hann býr yfir þeim einstaka eiginleika að „vaxa“ með börnum og er án bakka og því geta börn notið þess að sitja við matarborðið með fjölskyldunni.





Á golfnámskeiðinu læra börnin grunntækni í golfi í formi leikja.
MYND/ÓLAFUR MÁR SIGURÐSSON

# Golfkennsla fyrir börn

Fyrirtækið Pro Golf býður upp á námskeið í golfi fyrir börn á aldrinum 6 til 12 ára. Á námskeiðunum læra börnin grunntækni í golfi í formi leikja og fá á sama tíma að vera í góðum félagsskap. Hverjum hópi er skipt niður í smærri hópa eftir kunnáttu og aldri og er hver undirhópur með eigin kennara. Allir fá því kennslu við sitt hæfi. Námskeiðinu lýkur með pitsuveislu og þrautum ásamt óvæntum glaðningi.

Kennslan fer fram á Korpúlfsstaðavelli hjá Golfklúbbi Reykjavíkur. Í boði er fjöldi námskeiða, en hvert námskeið stendur yfir í fimm daga, fjórar klukkustundir á dag. Hægt er að velja um að vera annaðhvort fyrir eða eftir hádegi, frá klukkan 8 til 12 eða 13 til 17. Þeim sem lokið hafa vikunámskeiði stendur til boða að fara á framhaldsnámskeið. Námskeiðin eru í gangi í allt sumar, næsta námskeið byrjar 30. júní en síðasta námskeiði lýkur 15. ágúst. Enn fremur er boðið upp á vikunámskeið fyrir unglinga á aldrinum 13 til 16 ára í byrjun ágúst. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.progolf.is. *-mþþ*



Krakkarnir flykkjast út að leika sér í góða veðrinu. Brýna þarf fyrir þeim aðgát í umferðinni.
FRÉTTALBAÐIÐ/HEIÐA

# Börnin í umferðinni

Börn nota góða veðrið á sumrin til að leika sér og eru mikið á ferðinni yfir umferðargötur, oft á hjólum og línuskautum. Nauðsynlegt er að brýna umferðarreglurnar fyrir eldri börnunum, hvernig eigi að passa sig á bílum og nota réttan öryggisbúnað svo sem hjálm og hlífar. Vakandi auga þarf að hafa með þeim yngri og velja jafnvel lokuð leiksvæði.

Upplýsingar um börn og umferðina og leiðbeiningar um hvernig má kenna þeim umferðarreglurnar er að finna á vefsíðu Umferðarstofu.

Þar kemur meðal annars fram að mikilvægt er að líta ekki á barn sem lítinn fullorðinn einstakling, en fólki hættir til að ofmeta getu barna til að meta aðstæður í umferðinni. Börn eru til dæmis smávaxin og sjónarhorn þeirra liggur lægra en fullorðinna. Þau hafa því ekki sömu yfirsýn yfir umferðina. Börn eiga líka erfiðara með að meta fjarlægð ökutækja og sjá ekki fyrir þær hættur sem geta skapast. Þau eru lengur en fullorðnir að taka ákvarðanir og hættir til að missa athyglina.

Börn yngri en sjö ára mega ekki samkvæmt umferðarlögum hjóla á akbraut nema í fylgd með fullorðnum og hjólreiðamenn sem ekki hafa náð fimmtán ára aldri eiga að hjóla með hjálm. Hinir fullorðnu eru börnunum fyrirmynd og nauðsynlegt er að leggja strax grunn að ábyrgum umferðarvenjum. Kenna þarf krökkunum að fara yfir götu á gangbraut og hvernig nota á handvirk gangbrautarljós.

Slóðin á heimasíðu umferðarstofu er www.us.is.

*-rat*



Tvíburarnir Sólon og Alexander hafa þrátt fyrir ungan aldur leikið sér á hjólabrettum í fimm ár og eru orðnir eldklárir. Hægt er að skoða myndbönd með þeim á netinu.
MYND/HEIDA.IS

# Hógværir snillingar

**Á Akureyri búa tíu ára tvíburabræður sem hafa getið sér gott orð fyrir listir sínar á hjólabretti.**

Alexander og Sólon eru tíu ára tvíburar sem hafa þrátt fyrir ungan aldur rennt sér á hjólabretti í fimm ár. Þeir hafa unnið til verðlauna í hjólabretta- og snjóbrettakeppnum og verið meðal yngstu keppenda þar sem oft er keppt í einum flokki sem nær allt upp í sextán ára. Að sögn foreldra drengjanna knáu, Aðalbjargar Steinarsdóttur og Kristjáns Edelstein, hafa litlu guttarnir alltaf haft mikla þörf fyrir að hreyfa sig.

„Erfiðast er að gera trikkin, en við bara æfum okkur og æfum. Stundum förum við á netið og skoðum hvað aðrir gera,“ útskýrir Sólon en þegar þeir bræður fylgjast með fyrirmyndum á netinu er það helst til að sjá hvernig hjólabrettabrögð eru framkvæmd.

Bræðurnir eru þó í raun sjálfir orðnir að fyrirmyndum þar sem þeir eru mjög duglegir að útbúa myndbönd af sér að leika listir sínar á hjólabrettunum. „Við setjum myndbönd á Youtube en pabbi hefur hjálpað okkur að vinna þau. Nú kunnum við samt að klippa þau sjálfir og svoleiðis,“ segir Alexander og bætir við: „Okkur langaði að gera svona myndbönd og þá hjálpaði mamma okkur að taka þau upp.“

Foreldrar drengjanna hafa verið duglegir að hvetja þá til dáða. Aðalbjörg segist þó vera ánægð með að athyglin virðist ekki hafa stigið þeim til höfuðs. Drengirnir eru enda mjög hógværir, eins og sjá má á svari Alexanders þegar hann er spurður hvort ekki sé gaman að fá alla þessa athygli: „Jú, jú, en mér er eiginlega alveg sama. Sumum finnst þetta flott.“

En að hverju þarf að huga þegar byrjað er að renna sér á hjólabretti? „Það er langbest að vera í hjólabrettaskóm en maður fær þá í hjólabrettabúðum eins og Fargo á Akureyri og Brim og Smash í Reykjavík,“ segir Sólon ákveðinn. Helsta ráðið sem þeir bræður gefa krökkum sem langar að læra á hjólabretti er að vera duglegir að æfa sig, en í hjólabrettaiðkun líkt og öðru gildir sú regla að æfingin skapar meistarann.

Bræðurnir renna sér þó ekki einungis á hjólabrettum heldur æfa þeir líka ýmsar aðrar íþróttir. „Ég er núna í handbolta og fótbolta og hef líka æft golf einu sinni. Mér finnst handboltinn eiginlega skemmtilegastur af þessum íþróttum en samt eru hjólabrettin skemmtilegust,“ segir Sólon ánægður og Alexander er samsinnir því.

Spurðir út í framtíðina segjast þeir bræður stefna á atvinnumennsku í hjólabretta- eða snjóbrettaiðkun.

Hægt er að sjá tvíburana leika listir sínar á youtube.com með því að slá nöfn þeirra inn sem leitarorð.

*- hs*



Alexander og Sólon skoða oft myndbönd á netinu til að fá hugmyndir að nýjum brögðum eða trikkum eins og þeir orða það. Þeir gera til dæmis ollí, sem þýðir að hoppa á brettunum.



Þrátt fyrir að Alexander og Sólon hafi vakið mikla athygli fyrir listir sínar eru þeir hógværir og láta athyglina ekki stíga sér til höfuðs. Þeir vilja einfaldlega leika sér á brettum og verða betri.

## Börnin pössuð í fríinu

Varla er til verri tilhugsun fyrir börn og foreldra en að verða viðskila í ókunnugu landi. Til að hindra slíkt má gera ýmsar ráðstafanir. Í Ólafíu og Óliver í Glæsibæ fást til dæmis sérstök bönd sem binda má milli úlnliðs barns og foreldris eða forráðamanns. Fyrir þeirra tilstilli þurfa börn ekki stöðugt að leiða foreldrið heldur geta kannað allra nánasta nágrenni án þess að foreldrið missi sjónar af því. Böndin eru fyrir tveggja ára og eldri og henta vel í stórborgum með þungri bílaumferð. Þá er hægt að kaupa vatnsheld bönd á úlnliðinn sem þau geta farið með í laugina eða á ströndina. Aftan á þeim er símanúmer foreldris skrifað en á því stendur „If I'm lost turn me around“. Barnið þarf þá að kunna að ganga að traustvekjandi manneskju og benda á textann. En auk þess er bandið neongult og ætti að vekja athygli. Vissulega er hægt að útbúa eigin lausnir; stinga miða með símanúmeri forráðamans í vasann hjá barninu eða skrifa það á upphandlegg þess. *-ve*




**Vatnsheldu úlnliðsböndin geta börnin verið með á sér allt fríið. Þau fást þrjú í pakka og kosta 1.140 krónur í Ólafíu og Óliver. Böndin sem koma í veg fyrir að börn og foreldrar verði viðskila kosta 990 krónur.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Sigurbjörg Marteinsdóttir með áhugasömum og listelskum stúlkum á keramiknámskeiði.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Handmálað af hjartans list. Einbeiting og vandvirkni skín úr andlitum barna í keramiki.**



**Að dunda sér í keramiki er róandi og ber ríkulegan ávöxt í fallegum, persónulegum munum.**

# Undrandi á eigin listasmíð

**Í snotru porti við Laugaveg 48 dafnar frjósamt keramikgallerí sem elur af sér barnunga listamenn undir bjartri sumarsól.**

„Hér flýgur tíminn við afar forvitnilega listsköpun og einstaklega skemmtilegt að fylgjast með börnum njóta sín með pensla, liti og keramik; sjá hvað þau eru efnileg og fær og hversu mikið þeim kemur á óvart hvers megnug þau eru að skapa sína eigin fallegu listmuni,“ segir Sigurbjörg Marteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur og listakona, sem í fyrra tók við búi á verkstæðinu Keramik fyrir alla.

„Keramiknámskeið fyrir sex til tólf ára börn hafa verið haldin í hartnær áratug og alltaf notið mikilla vinsælda. Námskeiðin standa í viku, þrjá tíma í senn, en margir koma aftur á framhaldsnámskeið. Þau börn sem sækja námskeiðin eiga flest sameiginlegan áhuga á teikningu og málun, en mörg þeirra hafa kynnst keramiki í afmælisveislum hér og vilja læra meira,“ segir Sigurbjörg um afmælishald á keramikverkstæðinu, sem lengi hefur verið vinsæll kostur hjá afmælisbörnum á barnsaldri. „Þá fá afmælisgestir að velja sér leirmun sem þeir mála og útfæra frá eigin brjósti, njóta veitinga hér og taka með sér heim eigið listaverk til minningar um daginn. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir; fólk kemur, skemmtir sér og fer ánægt frá öllu saman, en ég sé um tiltektina á eftir,“ segir Sigurbjörg hláturmild.



**Hver vildi ekki sötra heitt kókó úr svo ábúðarfullum og flottum ljónsbolla?**

„Mér finnst sjarmerandi að vera með keramikverkstæði á Laugaveginum. Hingað koma börn hvaðanæva að og hóparnir eru aldursskiptir eða blandaðir, þar sem hvert og eitt barn fær verkefni við sitt hæfi. Við teiknum eftir ákveðnum þemum, en á síðari stigum er farið yfir í flóknari hluti, eins og íslensku húsdýrin, sjávarlíf, fugla og blóm. Myndirnar teikna börnin á blöð og velja myndbút úr listaverkinu sem þau yfirfæra á keramikdisk og -könnu í allri sinni litadýrð,“ segir Sigurbjörg um munina sem börnin mega taka með heim

„Reyndar skilst mér að listmunir barnanna fari oftar en ekki rakleiðis inn í glerskáp, en þá má vissulega nota til daglegs brúks líka. Útkoman er ávallt mjög falleg og greinilega margt um verðandi listamenn í hópnum. Stemningin er alltaf svo góð; keramik er róandi og enginn æsingur í mannskapnum. Börnin koma svo með létt nesti og við förum út í port til að teygja úr okkur í sumrinu, en flest eru þau óð og uppvæg að halda listsköpun sinni áfram, enda öll komin af mikilli löngun í keramikið og engin kvöð að mæta til vinnu.“ *-þlg*





ALVÖRU ÚTSALA
...verðfall í eina viku - Takmarkað magn!
Afsláttur 2.000.000,-
Weinsberg Imperiale 670 ME
Verð áður: 10.990.000,-
Verð nú: 8.990.000,-
McLouis Tandy 672
Verð áður: 9.890.000,-
Verð nú: 8.900.000,-
Afsláttur 990.000,-
McLouis Tandy 650
Verð áður: 9.690.000,-
Verð nú: 8.290.000,-
Afsláttur 1.400.000,-
McLouis Tandy 663
Verð áður: 8.990.000,-
Verð nú: 7.790.000,-
Afsláttur 1.200.000,-
McLouis Steel 463
Verð áður: 8.890.000,-
Verð nú: 7.290.000,-
Afsláttur 1.600.000,-
Afsláttur 290.000,-
Eiffeland Holiday 495
Verð áður: 2.590.000,-
Verð nú: 2.300.000,-
Eiffeland Holiday 500TF
Verð áður: 2.590.000,-
Verð nú: 2.300.000,-
Eiffeland Holiday 465
Verð áður: 2.490.000,-
Verð nú: 2.200.000,-
Eiffeland Holiday 500TL
Verð áður: 2.590.000,-
Verð nú: 2.300.000,-
Eiffeland Holiday 500TK
Verð áður: 2.590.000,-
Verð nú: 2.300.000,-
Hobby Excelsior 560 UFe
Verð áður: 3.490.000,-
Verð nú: 3.290.000,-
Afsláttur 200.000,-
Eiffeland Lifestyle
Verð áður: 3.890.000,-
Verð nú: 2.990.000,-
Afsláttur 900.000,-
Nýtið ykkur þessi frábæru tilboð í byrjun sumars!
Tilboðsverð gilda til og með 27. júní.
Opið 10 - 20 virka daga - laugardaga og sunnudaga 12 - 17
Eigum einnig úrval af notuðum vögnum á mikið lækkuðu verði
Tilboð þessi gilda ekki með öðrum tilboðum.
Arftaki fellihýsanna
Afsláttur 291.000,-
Deseo400 LKK +WC
Verð áður: 1.890.000,-
Verð nú: 1.599.000,-
Deseo400 LKK
Verð áður: 1.790.000,-
Verð nú: 1.499.000,-
Deseo400 QL +WC
Verð áður: 1.890.000,-
Verð nú: 1.599.000,-
Deseo400 QD - Active
Verð áður: 1.890.000,-
Verð nú: 1.599.000,-
Afsláttur 100.000,-
Viking Epic 1908 ST
Verð áður: 1.449.000,-
Verð nú: 1.349.000,-
Viking Epic 2108 ST
Verð áður: 1.590.000,-
Verð nú: 1.490.000,-
Birt með fyrirvara um innsláttarvillur.
FERÐAVAL
Lundi við Vesturlandsveg
www.ferdaval.is
Sími 578 5500
Ferðaval ehf. leggur áherslu á að vera með litla yfirbyggingu sem gerir okkur kleyft að bjóða betri verð sem samræmist
ríkri áherslu á frábæra þjónustu við viðskiptavini okkar. Verið hjartanlega velkomin, starfsfólk Ferðavals ehf.

# Óvæntir rússneskir töframenn

**Ekki höfðu margir trú á Rússum fyrir Evrópumótið. Þeir eru komnir alla leið í undanúrslit og eru að ná sínum besta árangri á stórmóti síðan Sovétríkin liðuðust í sundur. Tveir menn hafa einna helst slegið í gegn, Roman Pavlyuchenko sem leikur með Spartak Moskvu og Andrei Arshavin hjá Zenit í St. Pétursborg.**

### HINN SOFANDI RISI

Guus Hiddink, þjálfari Rússa, lýsir Pavlyuchenko sem sofandi risa. Hann var aðvaraður af þjálfara sínum fyrir mótið: „Annað hvort kemur þú þér í form eða þú ferð ekki á EM.“ Pavlyuchenko tók hann á orðinu, skar sig niður með stífri æfingaáætlun og þegar framherjinn Pavel Pogrebnyak meiddist rétt fyrir mótið komst Pavlyuchenko beint í byrjunarliðið.

Meira að segja liðsfélagar hans trúa vart sínum eigin augum, svo öflug hefur framganga hans verið. „Ég held að Roman hafi komið mest á óvart á mótinu. Hann hefur alltaf spilað vel í rússnesku deildinni og verið markahæstur þar síðustu tvö tímabil en ég held að enginn okkar hafi búist við þessu af honum á Evrópumótinu,“ sagði Sergei Semak.

Viðhorf hans er þó til vandræða. Hiddink viðurkennir að hann þoli ekki leikmenn sem gefi sig ekki alla í verkefni. Það er einmitt afslappað viðhorf Pavlyuchenkos sem er bæði hans besti vinur og versti óvinur. Hann læðist í gegnum varnir en á það til að pirra þjálfara sína með viðhorfinu sem mætti vera betra.



„Þegar ég horfði á hann hreyfa sig í undirbúningsleikjum og nokkrum sinnum í deildinni varð ég pirraður á honum,“ sagði Hiddink. „Atvinnumaður sem fær vel borgað á að vinna eins og brjálæðingur. Við töluðum um líkamlegt form hans fyrir mótið, hann lagaði það, en hann hefur líka bætt andlegu hliðina.“

Tvö mörk hans gegn Englendingum skutu honum upp á stjörnuhimininn. Hann er hæglætisdrengur en með athyglinni fór hann að missa af einstaka æfingu. Mörkin hættu að flæða og framherjanum var ýtt niður í varalið Spartak Mosvku eftir að hafa fengið rautt spjald í deildarleik gegn erkifjendunum í Dinamo í apríl.

Með dugnaði barðist hann hins vegar aftur upp í aðalliðið og er nú einn umtalaðasti leikmaðurinn á EM. Fjöldi félaga hefur verið að njósna um strákinn, sem er líklegur til að færa sig um set frá Spartak í sumar.

### TÍAN SEM SLÓ Í GEGN

Andrei Arshavin missti af fyrstu tveimur leikjunum vegna leikbanns en hefur svo sannarlega sett mark sitt á mótið. Hann brast í grát og lét tilfinningarnar flæða eftir sigurinn á Hollendingum og raunar minnir margt í fari hans á brasilísku goðsögnina Pele. Ætlunin er þó ekki að fara í klisjukenndar samlíkingar, Pele var miklu betri.

Báðir misstu hins vegar af fyrstu tveimur leikjunum á sínum fyrstu stórmótum (Pele á HM 1958), báðir leika í treyju númer 10, rétt fyrir aftan aðalframherjann, báðir sýndu tilfinningar sínar óhikað eftir leiki, báðir geta gert ótrúlega hluti upp úr engu og báðir skora þeir og leggja upp. Zinedine Zidane, sem einnig lék í treyju númer 10, sér ástæðu til að hrósa Arshavin sérstaklega.

„Þú sérð að „tían“ hjá þeim er frábær leikmaður. Ég kalla hann þetta af því að ég get ekki borið nafnið hans almennilega fram. Það sem hann er að gera hér er erfiðara en margir halda. Þetta er fyrsta stórmótið hans og hann hefur spilað stórkostlega,“ sagði Zidane.



### SÁ HÆFILEIKARÍKASTI HJÁ HIDDINK

Hiddink lýsir Arshavin sem einum hæfileikastaríka leikmanni sem hann hafi séð. „Hann hefur ótrúlega hæfileika. Hann veit hvernig á að halda boltanum, varnarmenn geta sótt að honum en þeir ná sjaldan af honum boltanum. Náttúrulegir hæfileikar hans skína þar í gegn.“

Fyrsti leikur Arshavins á EM var gegn Svíum sem Rússar unnu og komust þar með áfram. Hann dró varnarmenn úr stöðu sinni og var sífellt ógnandi. Hann hóf líka sóknina sem Pavlyuchenko skoraði úr.

Arshavin var ein af stjörnum Zenit sem varð Evrópumeistari félagsliða.

Fjöldinn allur af félögum vill kaupa kappann, sem hefur lýst því yfir að hann vilji helst spila á Spáni. Hann gæti því spilað gegn tilvonandi samherjum sínum annað kvöld þegar Rússar mæta Spánverjum í undanúrslitunum. Spánverjar þurfa svo sannarlega öðrum fremur að hafa gætur á þessum tveimur snillingum ætli þeir sér að vinna leikinn.


nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT



PISA HÖLDULAUST
hvítt matt
hvítt háglans
svart háglans



eldhús
bað
þvottahús
fataskápar
raftæki
borðplötur
sólbekkir
vaskar
handlaugar
blöndunartæki
speglar
lýsing

ÚRVAL:
30 hurðagerðir, hvítar, svartar, gular, askur, eik, birki, hnota, o.fl.

HÖNNUN:
Komdu með málin - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð.

ÞITT ER VALIÐ:
Þú velur að kaupa innréttinguna ósamsetta eða lætur okkur um samsetningu og uppsetningu.

ALLT Á EINUM STAÐ:
Fullkomið úrval innréttinga og raftækja. Sölumenn okkar búa yfir þekkingu og reynslu. Eigið trésmíðaverkstæði og raftækjaviðgerðaverkstæði.
Við höfum á að skipa hópi úrvals iðnaðarmanna, trésmiða, rafvirkja og jafnvel pípara, ef með þarf. Markmið okkar er að veita úrvalsþjónustu.







VAXTALAUST
Euro eða Visa lán
til allt að 12 mánaða, án útborgunar.

www.nettoline.dk

15% AFSLÁTTUR
sé greitt í einu lagi við pöntun.

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500
Mán.-föst. kl. 10-18


Tékknesk gæði í hverjum dropa
Budweiser Budvar
Budweiser Budvar
UPPÁHALDS ÖL MARGRA KYNSLÓÐA
LÉTTÖL
Auglýsandi er Rolf Johansen ehf.

Fjölskylduskemmtunin

# SÓLSETURSHÁTÍÐ Í GARÐI

## 27. - 29. júní





Tónleikar með **HJALTALÍN** Songbird hita upp

Stórskemmtilegt **BÍÓTRÍÓ** Örn Árnason, Björn Thoroddsen og Jón Rafnsson

Trúðar og töframenn **SOUL BROTHERS** sýna listir sínar

Snillingarnir **GUNNI OG FELIX** skemmta unga fólkinu

Hin frábæra **BRYNDÍS JAKOBS** syngur

**HAFFI HAFF** þeytir skífum

Söngsveitin **VÍKINGAR** taka lagið

Hljómsveit **VIGNIS BERGMANN** leikur og syngur

Dúettinn **SONGBIRD** úr Garðinum

Hressir **HARMONIKULEIKARAR** þenja nikkurnar

**HLJÓMSVEITIN G+** heldur uppi fjörinu

Björn Thoroddsen sýnir **LISTFLUG** af sinni alkunnu snilld

Fjörulallar **FÖNDRA**, börnin safna steinum og skeljum

Markaður með **HANDVERK**, sultur ofl.

Glæsilegir **FORNBÍLAR OG VÉLHJÓL** verða til sýnis

Mögnuð **SPÁKONA** verður á svæðinu

Andlitsmálun, fjörugir **LEIKIR** fyrir börnin og bílalest keyrir um

Hoppkastalar og **RISARENNIBRAUT** fyrir þá sem þora

**LISTSÝNINGAR** opnar víða um bæinn

Golfklúbbur Suðurnesja heldur **MIÐNÆTURGOLF** Sunset Festival Open

Í dagskrárlok verður **BRENNA** og auðvitað brennusöngur

Garðbúar bjóða í **BRÖNS** á sunnudeginum

Nánari upplýsingar um dagskrá og tímasetningar á www.svgardur.is

Tjaldsvæðin eru ekki fyrir aðila yngri en 18 ára nema í fylgd með fullorðnum

Hennar hátign - www.hatign.is

## Bækur

Hornung&Sönner danskt pianó, kr. 70.000. Grundig 29“ breiðtjaldssjónv 5ára, kr. 15.000, Zanuzzi 200L frystiskápur 2ára, kr. 15.000. Uppl í síma 5520753 og 6177031

## Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m,timbur 1x6 og 2x4 á 155 og 205 kr/m, allt verð með vsk.Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840 7273, Halldór.

Til sölu mótatimbur sem notað hefur verið einu sinni. 1x6“ í lengd 4,8 m, alls 800 lengdarmetrar. Einnig 2x4“ í lengd 2,1 m og 3,0 m, alls 250 lm. Uppl. í síma 899 5700, Óli.

## Verslun









## Ýmislegt



**BAKKMYNDAVÉL:**
Bakkmyndavél í allar tegundir bíla ,hjólhýsi hestakerrur Ofl Mjög auðveld í uppsetningu 3,5“ litaskjár frábær vél á góðu verði MV heildsala ehf S:8972902/netfang:mvehf@hive.is



**One touch Dósaupptakar**
Rafknúinn Engar snúrur Nú er ekkert mál að opna dósir slekkur sjálfur á sér er dósin er opinn Lítill og nettur passar ofan í allar skúfur frábaær í útileguna sumarbústaðinn og heimilið Sendum um land allt MV heildsala ehf S:8972902/8600800/netfang:mvehf@hive.is

Til sölu eða leigu Terex Comedil 24 m. Byggingakrani. Uppl. í s. 898 4870.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Ótrúlegur árangur Kg fjúka. LR megrunnarkúrinn. LR giktar kúrinn er líka ótrúlegur. Magnús, 820 7336.

Léttist um 22 kg á aðeins 6 mánuðum. LR-kúrinn er ótrúlega einfaldur og auðveldur. Uppl. Dóra - 869-2024 www.dietkur.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Glæsileg sófasett með hágæða ítölsku leðri.**
Fást nú með veglegum afslætti m.v stgr. Einnig er boðið upp á 10 mánaða greiðsludreifingu á kort VAXTALAUST. Ath. Aðeins er um fáein eintök af hverjum og einum sófa að ræða. Eigum einnig nokkrar aðrar týpur en myndirnar sýna. Einnig eru fáeinir stólar og legubekkir í boði. Frekar upplýsingar veitir Sigurður í síma 868-5001 milli kl: 08:00-18:00

## Heimilistæki



Retro cappuccinovélin, lagar cappuccino, te, latte, espresso.Falleg og handhæg vél fyrir heimilið eða sumarbústaðinn. kr. 27.900. Margir litir. www.kaffifélagið.is -Skólavörðustíg 10

## Ýmislegt




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahone, Baliares eyjan. Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws

**Gisting við ströndina**
Ferðamannaíbúð á Eyrarbakka til leigu. Rúmar 4, sólahringsleiga 12 þ.kr, vikuleiga 70 þ.kr. Gónhóll - S. 771 1940.

Ferðamannaíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu. Rúmar fjóra. Leiga á dag 15 þús. á viku 70 þús. Uppl. á reykjavikwest.com & í s. 820 3640.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

husaleiga.is

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4530.

Til leigu í skemmri tíma glæsileg 3ja herb. íbúð miðsvæðis, allt fylgir. S. 899 6400.

Til leigu 3 herb. 90 fm. íbúð í Grafarvogi. V. 140 þús. Uppl. í s. 893 3350.

2 herb. íbúð fyrir reglusaman eldri einstakling/par á svæði 108 v. Vogahverfi til leigu, ekki börn. Verð 85 þús. Uppl. í s. 898 7868, milli 11 og 17.

105 fm 4 herb. íbúð til leigu á Fálkagötu 180.000 á mánuði laus strax. S. 690 1900.

RENT iN 111 BREIÐHOLT FOR 2 . ROOM/FURNITURE. ACESS /KITCHEN/BATHR. 8973611

Til leigu glæsileg 4 herb.sérhæð í 108 Rvk.90fm. Allt nýuppgert.Innifalið: húsgögn,þvottavél, internet,tv... Langtímaleiga. Verð 170. þ á mán. Uppl. í s.6917895

2 herb. íbúð í seljahverfi til leigu 65 ferm. 115þ á mánuði með rafmagni, hita og hússjóði. uppl. í síma 8986634.

Falleg og björt 3. herb. 110 fm íbúð í Naustabryggju til leigu fyrir reglusama. S 6957382

Til leigu 3 herb. íbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

## Sumarbústaðir



Til sölu eða leigu sumarbústaður að Syðri brú í Grímsnesi stutt frá ljósafoss virkjun og sundlaug. Húsgögn fylgja. Upplýs. 698-1001.

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu 444m2 pláss á góðum stað í Kópavogi.Hagstæð leiga.S:898-2811.

Iðnaðar og lagerhúsnæði til leigu. 90, 180, 270, 360 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. 6601060 8224200

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Gisting

Budget accommodation Rvk/Hfj. for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451.

Svefnpokapláss í Rvk/Hfj. Uppl. í s. 770 5451.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**
**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**
**Call Margrét 699 1060**

símstöðin

**Kvöld og helgarvinna**
Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorðið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500 simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

**Laus sæti í úrvalsliði þjóna og aðstoðarfólks á kvöldin og um helgar. Bjóðum einnig verðandi framreiðslu- og matreiðslumönnum frábæran stað til þess að læra fagið á. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu eða framreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík? Uppl. veitir Valtýr (661-9912) alla virka daga milli 10-12 og 14-17 í síma eða á staðnum. Umsóknir berist á: atvinna@foodco.is**

**Starfsmenn í vörumóttöku**
Samskip auglýsa eftir starfsmönnum í Vörumiðstöð Landflutninga Samskipa í Kjalarvogi. Um er að ræða fastráðningar en ekki sumarafleysingar og skulu umsækjendur verða orðnir 18 ára. Vinnutími er 8:00 til 17:00.
Upplýsingar gefur verkstjóri, Björn Steinar Stefáns. í síma 858 8420. Áhugasamir sæki um á www.samskip.is

panorama restaurant

**Panorama Restaurant**
**óskar eftir matreiðslumanni með mikinn metnað til starfa á nýjum, spennandi og glæsilegum 8.hæðar a la carte stað í Reykjavík.**
**Áhugasamir og viljugir hafa samband á fb@centerhotels.com eða í síma 595 8547**

**Café Roma Kringlunni**
**Óskar eftir starfskrafti í framtíðarstarf. 20 ára og eldri. Sveigjanleiki og góð laun í boði. Uppl. gefur Halla í s. 690 0557.**

**Síld og fiskur**
**Sölumaður óskast til starfa í Síld og Fisk í Hfj. Einnig vantar bifreiðastjóra. Helst með meirapróf og starsfólk til að taka til pantanir í söludeild. Upplýsingar gefur Sófus í síma 863 1938 einnig á netfangið: sofus@ali.is**

**101 heild ehf sem rekur veitingastaðina Silfur og Brons leitar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður:**
**- Framreiðslumanni eða metnaðarfullum einstaklingi til að sjá um veislusali Silfurs**
**- Vaktstjóra í sal á Brons**
**- Aðstoðafólki í hlutastörf um helgar í veitingasal á Silfri**
**- Aðstoðafólki í hlutastörf um helgar og virka daga í veitingasal á Brons**
**Við leitum eftir kurteisu og metnaðarfullu fólki. Reynsla er kostur en ekki skilyrði.**
**Nánari upplýsingar eru veittar á Silfri milli kl. 14.00 og 18.00 eða info@silfur.is**

**Málari óskast**
**Óska eftir að ráða vanan málara til starfa.**
**Upplýsingar veitir Kristján í síma 861 0006**

Vélamann vantar sem fyrst. Helst vanan hjólaskóflu (payloader). Reglusemi og stundvísi áskilin. Örugg vinna langt fram á haust. Ágæt laun fyrir réttan mann. Uppl. í s. 824 1840 Gæðamold Gufunesi.

Óska eftir íslenskumælandi múrurum, málurum og smiðum til starfa. Uppl. í s. 552 5354.

**E.H Múr auglýsir:**
Óskum eftir að ráða múrara og byggingaverkamenn eða menn vana húsaviðgerðum. Aðeins reglusamir og stundvísir. Íslensku kunnuátta. Uppl. í .s 697 8763

Óska eftir smiðum og verkamönnum. Seeking carpenters and workers. Upplýs í s. 895 8763

**Rótgróin veitingastaður í hjarta borgarinnar**
leitar eftir áræðanlegum starfsmanni með metnað og sterka ábyrgðartilfinningu í yfirmannsstöðu. Upplýsingar gefur Hildur í síma 896 8271.

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, suðumenn, fiskvinnslufolk o.fl. S.8457158

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**908 6666**
Við viljum vera sumardísirnar þínar í nótt. Opið allan sólarhringinn.

# TIL SÖLU

## Til sölu úr þrotabúi

- Dekkjavél Corghi A 210 árg. 1994
- Jafnvægisstivél, Cemb árg 1994
- Zippo 4 p lyfta árg. 1994
- Werther 2p lyfta árg. 1998
- Hjólastillingatölva 4 hausa m/búkkum árg. 1999
- Migatronic Mic suða Automic 273 árg. 2004
- Kaeser snígilloftpressa m/iðntölvu árg 2003
- Kaeser loftþurrkari m/sjálfvirkri rakalosun TB 19 árg. 2003
- PF réttingasett árg. 1987
- Nova Verta, sprautuklefi með lakkbarsklefa Prestige 7200 árg 2003
- Hazet verkfæraskápur m/sérverkfærum til réttinga árg 2003
- Wurth verkfæraskápur árg 2003 3 stk.

Tækin seljast helst öll í einu lagi og fjarlæga þyrfti þau sem allra fyrst en þau eru staðsett í Stykkishólmi.

**Nánari upplýsingar**
veitir undirritaður á skrifstofutíma
Pétur Kristinsson hdl., Aðalgötu 2, Stykkishólmi.
Sími 438-1199 netfang pk@simnet.is.

## ATVINNA

# Sumarstarfsmenn

Óskum eftir að ráða sumarstarfsmenn á lager og í dreifingu (meirapróf)

Vinsamlegast sendið upplýsingar og fyrirspurnir á gunnar@emmessis.is

**Upplýsingar gefur Gunnar Sigurðsson - Verkefnastjóri**

emmessís avöxtur alveg satt!

Bitruhálsi 1 - 110 Reykjavík
Sími / Phone: +354 520 4200 ? +354 820 4201
gunnar@emmessis.is

# Bifvélavirki

Óskum eftir bifvélavirkja til starfa sem fyrst.
Upplýsingar í síma: 431-5050 eða á staðnum,
Bifreiðaverkstæðið Ásinn, Kalmannsvöllum 3, Akranesi.

## ATVINNA ÓSKAST

# VANTAR ÞIG

**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

# SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## ÚTBOÐ

# Grindavíkurbær

## Útboð

Grindavíkurbær óskar eftir tilboðum í verkið:

**IÐNAÐARHVERFI**

**Grindavík**

**Gatnagerð og lagnir**

Verkið felst í undirvinnu og yfirborðsfrágangi gatna, malbikun, steypa gangstéttir og kantsteina ásamt lagningu fráveitu- og vatnslagna.

Helstu magntölur eru:

- ...Uppúrtekt 1.325 m³
- ...Fyllingar 2.350 m³
- ...Fráveitulagnir 1.750 lm
- ...Malbikun 5.300 m²

Verkinu skal að fullu lokið 30. nóvember 2008.

Útboðsgögn eru til afhendingar gegn 3.000 kr. gjaldi á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, 240 Grindavík og skrifstofu Verkfræðistofunnar Hnit, Háaleitisbraut 58-60 3.h. 108 Rvk.

Tilboð verða opnuð **kl. 11:00 þriðjudaginn þann 15. júlí 2008** á bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, 240 Grindavík.

HNIT VERKFRÆÐISTOFA

Auglýsingasími 512 5050 – Mest lesið

## TILKYNNINGAR

# FRAMHALDSSTOFNFUNDUR

Framhaldsstofnfundur í Samstöðu félagi vörubílaeigenda, verður haldinn í Höfðakaffi Vagnhöfða 11, RVK, fimmtudaginn 26. júní kl. 20:00

**SAMSTAÐA FÉLAG VÖRUBÍLAEIGENDA**

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýjum og breyttum deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

### Kárastígsreitur, 1.182.3

Tillaga að deiliskipulagi fyrir reit 1.182.3, Kárastígsreitut austur, sem afmarkast af Skólavörðustíg, Frakkastíg og Kárastíg. Tillagan gerir ráð fyrir auknu byggingarmagni á lóðum við Kárastíg 3, 5, 11 og 13, Frakkastíg 24, 24A og 26 ásamt Skólavörðustíg 45. Ekki er gert ráð fyrir að fjölga bílastæðum á einkalóðum. Lagt er til að hús á baklóð Skólavörðustígs 43 njóti verndar 20. aldar byggingar, hús byggð fyrir 1918 eru háð lögum um húsafriðun og lagt er til að byggðamynstur við Kárastíg njóti verndar samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur. Einnig er lögð til verndun m.a. götumynda og húsaraða.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Laugardalur, íþróttasvæði Þróttar

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði Þróttar í Laugardal. Breytingin felst í því að þrjár lóðir eru sameinaðar í eina, lóð D, E og E1 verða lóð D sem verður 28.404 m² að stærð. Þessu samhliða verður lagður niður stígur sem liggur milli lóða E og E1. Að öðru leyti gilda áður samþykktir skilmálar og greinargerð.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Elliðabraut 4-6, 8-10 og 12

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðlingaholt vegna lóða fyrir atvinnuhús að Elliðabraut 4-6, 8-10 og 12. Breytingin felst í því að leyfilegt verði að byggja þriggja til fjögurra hæða hús á áðurnefndum lóðum í stað tveggja til þriggja hæða. Hámarkshóti þaks efstu hæðar er sú sama og áður eða 93,5 og hámarksstærðir húsa verða eftir breytingu 5050 – 7900 m².
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Jafnasel 6-10

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Jafnasel 6-10 vegna lóðar númer 6. Breytingin felst í því m.a. að hús verður stækkað um allt að 60m² til norðausturs og keyrsludyr settar á suðausturhlið. Lóðin verði stækkuð ú suðaustur um allt að 247m². Legu göngustígs, suðaustan megin við lóðirnar, verður breytt og einnig verður sett kvöð um gróður sem kostaður verður af lóðarhöfum
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 25. júní 2007 til og með 6. ágúst 2008**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 6. ágúst 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 25. maí 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

## FASTEIGNIR

# EIGNAMIÐLUN

sala fasteigna í 50 ár

**Sími: 588 9090**

# URÐARBRUNNUR- GOTT VERÐ!





Um er að ræða glæsilegt steinsteypt einbýlis hús á tveimur hæðum auk bílskúrs á rúmgóðri lóð með fallegu útsýni. Neðri hæðin er 166,4 fm, efri hæð 120,7 og bílskúr 40,4 fm. Samtals 327,5 fm. Húsið skilast fullbúið að utan með flísum og viðarklæðningu, lóðin er grófjöfnuð. Að innan skilast húsið fokhelt. **Verð 49,5 milljónir.**

**Fáðu frekari upplýsingar og hafðu samband við**
**Hilmar Þór Hafsteinsson hjá Eignamiðlun ehf. í síma 588-9090 eða með tölvupósti á hilmar@eignamidlun.is**

# EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ

Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · S. 586 8080 · fax 586 8081
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is · Einar Páll Kjærnested, löggiltur fasteignasali

# Sveitasetur - Glæsilegt útsýni





Glæsilegt 300 m2 sveitasetur á ca. 5.000 m2 eignarlóð með óspillta náttúru allt í kring í efstu hæðum Mosfellsbæjar. Húsið er tvílyft bjálkahús á steyptum kjall-ara. Tignarleg aðkoma er að húsinu sem stendur efst yfir byggðinni við Reyki. Snæfellsjökull, Esjan, Helgafell og Lágafell eru sem málverk af veröndinni. Einstakt tækifæri fyrir kröfuhart fólk sem vill eignast einbýlishús á sérstökum stað með eftirsóttu útsýni og með Reykjaborgina í bakgarðinum. Hagstæð áhvílandi lán, skipti möguleg á minni eign. Einstakt tækifæri fyrir kröfuhart fólk sem vill eignast einbýlishús á sérstökum stað með eftirsóttu útsýni með Reykjaborgina í bakgarðinum.

**Verð 120 millj.**

**CARLY SIMON, SÖNGKONA OG LAGAHÖFUNDUR, ER 63 ÁRA**

*„Sterk kona sættir sig við stríðið sem hún hefur háð og er göfguð af örum sínum.“*



***Carly Simon hefur unnið til Golden Globe og Grammy verðlaunanna fyrir starf sitt og var vígð í Songwriters Hall of Fame, eða Frægðarhöll lagahöfunda, árið 1994.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 25. JÚNÍ 1988

## *Vigdís Finnbogadóttir endurkjörin*




Þennan dag fyrir tuttugu árum var Vigdís Finnbogadóttir endurkosin forseti Íslands. Hún hlaut níutíu og fimm prósent atkvæða en Sigrún Þorsteinsdóttir, mótframbjóðandi hennar, hlaut fimm prósent atkvæða.

Vigdís var fyrsta kona heims sem var kosin þjóðhöfðingi í lýðræðislegum kosningum en hún var fyrst kosin 29. júní árið 1980 og var þá fimmtug að aldri og gegndi stöðu leikhússtjóra Leikfélags Reykjavíkur. Þá hlaut hún þrjátíu og fjögur prósent atkvæða. Hún var endurkjörin án atkvæðagreiðslu árið 1984, endurkjörin í kosningum 1988 og aftur endurkjörin án atkvæðagreiðslu árið 1992. Hún lét af embætti árið 1996. Vigdís var fjórði forseti íslenska lýðveldisins.

Vigdís er heiðursdoktor og heiðursprófessor við háskóla og stofnanir víða um heim og er velgjörðarsendiherra Sameinuðu þjóðanna í tungumálum. Hún hefur löngum verið fyrirmynd ungra stúlkna á öllum aldri og skilaboð hennar eru að menntun skipti máli, að konur séu jafningjar karla og að draumar geti ræst. Síðan Vigdís lét af embætti forseta hefur hún ekki setið auðum höndum og hefur veitt ýmsum málefnum lið.

### MERKISATBURÐIR

1930 Dönsku konungshjónin koma til Reykjavíkur vegna Alþingishátíðarinnar.

1950 Heiðmörk er lýst friðland Reykvíkinga.

1955 Stórhlaup kemur í Múlakvísl og Skálm úr Kötlugjá og tekur brýr af báðum ánum.

1985 Reynir Pétur Ingvarsson, vistmaður á Sólheimum í Grímsnesi, lýkur göngu sinni hringinn í kringum landið.

1990 Elísabet Englandsdrottning og Filippus maður hennar koma í þriggja daga opinbera heimsókn til Íslands.

---

†



*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför stjúpmóður, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu okkar,*

**Kristveigar Jónsdóttur**
Hólmgarði 15, áður Bakka á Kópaskeri.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar Landakots L-5 og Gunnar Guðmundsson lungnalæknir.

Árni Hrafn Árnasaon — Hlín P. Wium
Gunnar Árnason — Sólveig Jóhannesdóttir
Ástfríður Árnadóttir — Þorsteinn Helgason
Einar Árnason — Ragnheiður Friðgeirsdóttir
Jón Árnason — Metta Helgadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Bergsson**
Laugalæk 46, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 26. júní kl. 15.00. Blóm afþökkuð en vinsamlegast látið Heimahlynningu KÍ (Sími 5401990) njóta þess.

**Þóra Stefánsdóttir**
**Þóra Andrea Ólafsdóttir — Haraldur Haraldsson**
**Stefán Ólafsson — Ingunn Magnúsdóttir**
**Kolbrún Ólafsdóttir — Magnús Sigurðsson**
**Sigrún Ólafsdóttir — Fjalar Kristjánsson**
**Sólrún Ólafsdóttir — Gunnar Sigmundsson**
**afabörn og langafabörn.**

---

†



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi, bróðir og mágur,*

**Tómas Vilhelm Óskarsson**
áður til heimilis að Ránargötu 45, Reykjavík,

sem lést að hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi, sunnudaginn 22. júní, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 27. júní. kl 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð.

**Ísleifur Tómasson — Guðrún Ásta Kristjánsdóttir**
**Karitas Jóna Tómasdóttir**
**Tómas Haukur Tómasson — Hrafnhildur Karlsdóttir**
**Vilhelmína Svava Guðnadóttir — Stefán Hólm Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**








Fjalla-Eyvindur hefur oft orðið mönnum að yrkisefni og var leikrit Jóhanns Sigurjónssonar eitt fyrsta íslenska leikritið sem sló í gegn erlendis.

## Útilegumenn í Ódáðahrauni

Sýningin Útilegumenn í Ódáðahrauni – goðsögn eða veruleiki, opnaði á þjóðhátíðardaginn að Kiðagili í Bárðardal. Sýningin er liður í samstarfsverkefni Bárðdælinga, ReykjavíkurAkademíunnar og fleiri fræðistofnana um stofnun fræðaseturs í Svartárkoti í Bárðardal.

Svartárkot stendur við Ódáðahraun en þar segir sagan að útilegumenn hafi hafst við fyrr á öldum. Einn frægasti íslenski útilegumaðurinn var Fjalla-Eyvindur en hann og kona hans Halla eru talin hafa átt skjól við Hvannalindir í Ódáðahrauni í kringum árið 1767.

Hönnun sýningarinnar var í höndum Sögumiðlunar ehf. og á henni má sjá yfirlit yfir líf íslenskra útilegumanna.

Opið er í Kiðagili til 31. ágúst en þar er hægt að fá veitingar og gistingu.




LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677




**FLÓTTAMENN VELKOMNIR** Gísli segir að þótt menn geri sér grein fyrir að það sé mikill vandi að taka á móti flóttamönnum þá ætli íbúar Akraness sér að gera það eins vel og hægt er. MYND/SKESSUHORN MM

GÍSLI S. EINARSSON: ALÞJÓÐADAGUR FLÓTTAMANNA

# Að setja sig í spor flóttafólks í einn dag

Alþjóðadagur flóttamanna var haldinn hátíðlegur síðastliðinn föstudag, 20. júní, á Akranesi. Á þeim degi er vakin sérstök athygli á aðstæðum flóttafólks um heim allan. Rauði krossinn stóð fyrir dagskrá í Skrúðgarðinum þar sem gestum gafst færi á að kynna sér ferlið sem flóttafólk þarf að ganga í gegnum áður en það fær hæli í öðru landi.

„Ákveðið var að þessi dagur yrði haldinn hátíðlegur á Akranesi þar sem Akranes tekur á móti hópi flóttafólks frá Palestínu í haust. Rauði krossinn stóð fyrir þessu og fyrst var komið saman í höfuðstöðvum Rauða krossins á Akranesi og heiðursgestir voru Thomas Straub sem er fulltrúi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og kólumbískir flóttamenn sem komu til Reykjavíkur í fyrra,“ útskýrir Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi.

Sett var upp tjald við veitingahúsið Skrúðgarðinn í miðjum bænum og var það eftirlíking af dæmigerðu flóttamannatjaldi. „Reynt var að vera með sýnishorn af mat og þeim kosti sem flóttafólk býr við í flóttamannabúðum og gátu gestir og gangandi komið og kynnt sér aðstæður. Straub flutti ræðu ásamt undirrituðum þar sem við fjölluðum um þá flóttamenn sem hingað eru að koma,“ segir Gísli áhugasamur.

Straub gat þess í ræðu sinni að þeir flóttamenn sem von er á til Akraness komi frá svæði þar sem aðstæður eru hvað erfiðastar og í raun þær verstu sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna þekkir. „Hann var afar þakklátur Akurnesingum og íslenskum stjórnvöldum fyrir hvernig tekið er á málum. Nauðsynlegt er að reyna að setja sig í spor þessa fólks til að geta tekið á móti þeim á réttan máta. Eftir að hafa kynnt mér þetta þykir mér nánast ólýsanlegt og óskiljanlegt að fólk skuli vera látið búa við þær aðstæður sem þarna eru,“ segir Gísli alvörugefinn og bætir við: „Þarna er alla veðra von og fólk býr við mjög frumstæðar og í raun ómannúðlegar aðstæður þar sem hreinlæti og vatn er af mjög skornum skammti.“ Gísli leggur áherslu á að mikilvægt sé að skilja hvað aðstæður flóttamanna eru ólíkar því sem við búum við í dag. „Gefa þarf fólkinu tíma til að aðlagast okkar samfélagi smám saman. Nú erum við að gera ráðstafanir til að fá íbúðir og stuðningsfjölskyldur og gengur það vel en við erum enn að fá upplýsingar um samsetningu þeirra fjölskyldna sem koma og vitum í raun ekki nákvæmlega hvenær von er á þeim.“

Á næstu dögum verður ráðinn verkefnastjóri til að undirbúa og sinna móttöku flóttamannanna. Þó langt sé síðan flóttamenn komu síðast til Akraness þá er þetta ekki í fyrsta skiptið. „Árið 1956 komu hingað flóttamenn frá Ungverjalandi sem eru margir enn íbúar hér eins og hverjir aðrir Íslendingar og við höfum ekkert nema gott af þeim að segja. Þeir hafa spjarað sig afskaplega vel í íslensku samfélagi. Annars eru um fjögur hundruð útlendingar á Akranesi af átján þjóðernum og við höfum átt mjög góð samskipti við það fólk,“ segir Gísli ákveðinn.

hrefna@frettabladid.is

**VEISLAN MÍN:** HEIÐARLEGT, ÍSLENSKT BRÚÐKAUP

# *Hjónabandið var punkturinn yfir i-ið*

„Besta veisla sem mér hefur verið haldin var brúðkaupsveislan okkar Valgeirs, haldin í safnaðarheimili Kópavogskirkju þann 27. ágúst 2005. Rignt hafði allan ágústmánuð og möguleikar á sólskini voru sex prósent samkvæmt spám, en dagurinn rann upp bjartur og fagur, með heiðríkju og glampandi sól á lofti," segir söngkonan Guðrún Gunnarsdóttir, innt eftir sínu dýrmætasta djásni úr veisluhöldum ævi sinnar.

„Það var sérstök líðan að vera allt í einu gift kona, þótt ég gæfist sambýlismanni mínum til tuttugu ára. Hjónabandið breytti öllu og setti punkt yfir i-ið; ég var að springa úr hamingju og þetta var svo ólýsanlega rétt. Veislan var með látlausu sniði; heiðarlegt, íslenskt kaffihlaðborð um hábjartan daginn, með heimabökuðum hnallþórum sem bakaðar voru af mikilli ást og natni. Gestir voru okkar allra nánustu ástvinir og stemningin engri lík, allir svo innilega glaðir. Veislustjórar voru vinir okkar Hjálmar Hjálmarsson og Sylvía B. Gústafsdóttir, Gospelkór Reykjavíkur söng óvænt eftir yndisleg ræðuhöld, einnig Raggi Bjarna og þegar við gengum inn kirkjugólfið þrumaði Karlakór Kjalnesinga „Þú komst í hlaðið á hvítum hesti" sem olli geðshræringu hjá öllum viðstöddum, en reyndar var erfitt að hemja gleðitárin allan daginn, svo hamingjurík var hann með eindæmum," segir Guðrún sem að veislu lokinni hélt með sínum heittelskaða í Hvalfjörð þar sem þau eyddu brúðkaupsnóttinni á Hótel Glymi.

„Það er dásamlegt að giftast eftir svo langa sambúð og ég held að við höfum ekki verið tilbúin fyrr. Þetta var akkúrat rétti tíminn og ómetanlegt að börnin geyma minninguna um brúðkaup foreldranna alla ævi."



**HAMINGJUSAMLEGA GIFT** Brúðkaupsveisla Guðrúnar mun ávallt lifa sem yndislegur dagur í minningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Gúmmíbátur Krafts fer hringinn

Ekki eru öll sumarfríin eins. Í tæpar þrjár vikur ætla níu Vestmannaeyingar að sigla á gúmmíbát og keyra í kringum landið til styrktar félaginu Krafti. Kraftur veitir ungum krabbameinssjúklingum stuðning með því að kynna þá fyrir fólki sem gengið hefur í gegnum svipaða meðferð, og þeir geta svo leitað til. Hópurinn tengist félaginu ekki sem slíku. „Við höfðum aldrei heyrt um það. Þegar við fórum að kynna okkur þetta sáum við að það var þörf á félaginu og vildum breiða út boðskapinn," sagði Alma Eðvaldsdóttir, ein ferðalanganna.

Ferðin hefur gengið vel. „Við erum ekki búin að hitta neina ísbirni," segir Alma. „Okkur finnst magnað hvað fólk er almennilegt og tilbúið til að stjana við okkur hvert sem við komum."

Einnig hefur gengið vel að safna áheitum. „Við vitum reyndar ekkert hvernig staðan er núna. Við viljum láta útkomuna koma okkur á óvart þegar við erum búin."

Hægt er að fylgjast með ferðalöngunum á www.krafturikringumisland.com. Áheit er hægt að gefa með því að hringja í 907 2700 (1.000 krónur símtalið) eða leggja inn á reikning Krafts, 327-26-112233, kt: 571199-3009.

En hvað tekur við að ferð lokinni? „Ætli við förum ekki bara heim og leggjum okkur. Höldum svo ótrauð áfram!" segir Alma hress.



**ÁNÆGÐ MEÐ FERÐINA** Kraftur í kringum Ísland hefur enga ísbirni hitt á ferð sinni kringum landið. MYND/KRAFTUR Í KRINGUM ÍSLAND

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigfús Kristmann Guðmundsson**

lést mánudaginn 16. júní á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi. Útförin fer fram frá Blönduóskirkju laugardaginn 28. júní kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á orgelsjóð Blönduósskirkju í Kaupþing Blönduósi.

**Jóhanna Björnsdóttir**
**Sigþrúður Guðmunda Sigfúsdótttir**
**Birna Sigfúsdóttir** **Valgeir Matthías Valgeirsson**
**Guðmundur Sigfússon** **Vigdís Edda Guðbrandsdóttir**
**Sigurbjörg Sigfúsdóttir** **Jóhann Hólm Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Jónína Símonardóttir**

áður til heimilis á Eyrarvegi 7a, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 23. júní. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 27. júní kl. 13.30.

**Jónas Ellertsson** **Margrét Jónsdóttir**
**Símon Ellertsson** **María Snorradóttir**
**Hulda Ellertsdóttir** **Jóhannes Baldvinsson**
**Inga Ellertsdóttir** **Gunnsteinn Sigurðsson**
**Ágúst Ellertsson** **Sigríður Ásdís Sigurðardóttir**
**Þóra Ellertsdóttir** **Sæmundur Pálsson**
**og ömmubörnin öll.**

---



*Elskuleg móðir okkar dóttir og systir,*

**Elsa Guðbjörg Jónsdóttir**

lést á sjúkrahúsi í Danmörku hinn 23. maí síðastliðinn. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Helga Vala Svavarsdóttir**
**Daníel Örn Svavarsson**
**foreldrar og systkini.**

---



*Elskuleg bróðurdóttir mín og vinkona okkar,*

**Áshildur Harðardóttir**

Barðavogi 19, Reykjavík,

lést sunnudaginn 22. júní. Útförin verður auglýst síðar.

**Snæbjörn Ásgeirsson og aðstandendur.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Jóhannesdóttir**

Hóli við Dalvík,

lést föstudaginn 20. júní. Útförin verður auglýst síðar.

**Jóhannes Markússon**
**Svanhildur Karlsdóttir** **Hallgrímur Tómasson**
**Sigurbjörg Karlsdóttir** **Friðrik Þórarinsson**
**Þorleifur Karlsson** **Sigurbjörg Einarsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona, amma og langamma,*

**Þorbjörg Jónsdóttir**

áður Meistaravöllum 33, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 21. júní. Hún verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 30. júní kl. 15.00.

**Ingólfur Kristjánsson** **Ólafía Einarsdóttir**
**Jón Egill Kristjánsson** **Rita Moi**
**Sigurður Kristjánsson**
**Ingibjörg Birna Ólafsdóttir** **Baldur Jónsson**
**Guðrún Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Gísli Kristjánsson**

Lóurima 7, Selfossi,

lést á sjúkrahúsinu á Selfossi fimmtudaginn 19. júní. Útför hans fer fram frá Hofsóskirkju laugardaginn 28. júní kl. 10:30.

**Steinunn Yngvadóttir**
**Kristbjörg St. Gísladóttir** **Bjarni Ragnarsson**
**Kristján Jón Gíslason**
**Magnús Tómas Gíslason** **Berglind Einarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi.*

**Páll Pálsson**

Hraunbæ 103, Reykjavík,

sem lést 20. júní á líknardeild Landakotsspítala, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 27. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill , landssamtök hjartasjúklinga.

**Inga Ásgrímsdóttir**
**Páll Pálsson** **Hafdís Halldórsdóttir**
**Ásgrímur Gunnar Pálsson** **Helga Tryggvadóttir**
**Arndís Pálsdóttir** **Rafn Árnason**
**Auðunn Pálsson** **Anna Baldvina Jóhannsdóttir**
**Björgvin Rúnar Pálsson** **Friður Reynisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn**

---



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma, systir og vinur,*

**Hulda Jónsdóttir**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 18. júní sl. Hún verður jarðsungin frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 27. júní næstkomandi kl. 13.30.

**Margrét Ragna Arnardóttir**
**Hrafn Sigvaldason**
**Stefán Örn Hrafnsson**
**Sigmundur Freyr Hrafnsson**
**Birgir Hrafn Hrafnsson**
**Valdimar Þór Hrafnsson**
**Viktoría Huld Hrafnsdóttir**
**Regína Þórunn Hrafnsdóttir**
**Hrefna Jónsdóttir**
**Gréta Jónsdóttir**
**Sigvaldi Þorsteinsson**
**Kristín Mogensen**

---



*Konan mín, mamma, tengdamamma, amma og langamma,*

**Elín Jóhanna Guðlaugsdóttir Hannam**

sem lést að morgni 17. júní, verður jarðsungin í Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 27. júní kl:13.00.

**Ralph Th. Hannam**
**Vilhjálmur Leifur Tómasson**
**Sólveig Hannam** **Árni Ól. Lárusson**
**Júlía Hannam** **Ragnar Þ. Ragnarsson**
**Elísabet Hannam** **Örn Helgason**
**og fjölskyldur.**

---



*Innilegar þakkir sendum við þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og jarðarför hálfsystur okkar,*

**Jóhönnu Jónsdóttur.**

Sérstakar þakkir sendum við til starfsfólks á Dvalarheimilinu Hlíð fyrir góða umönnun.

**Guðmundur Stefánsson**
**Magnús Stefánsson**
**og fjölskyldur.**

## STUÐ MILLI STRÍÐA Mónikur og merkimiðar

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** KVÍÐIR SUMARFRÍINU SÍNU



Það styttist óðum í að ég segi skilið við skrifborðið og taki mér dálítið sumarfrí. Í því fríi standa flutningar fyrir dyrum. Það er að vissu leyti gleðiefni, þar sem húsnæðisvandi minn síðustu mánuði hefur orðið mér uppspretta sárrar hjartasorgar hvað eftir annað og ég get ekki verið annað en himinlifandi yfir að lausnin sé fundin. Hitt er annað mál að mér finnst álíka skemmtilegt að flytja og að taka til í bílnum mínum. Þeir sem hafa sest upp í hann nýlega skilja hvað ég er að fara. Ég þarf að að gramsa til að finna gírstöngina. Og ég man ekki – hvernig hann er á litinn.

Mig dreymir um að vera últraskipulögð og fæ hjartslátt af hamingju þegar ég sé svona græjur sem búa til merkimiða og annað slíkt. Ég sé hillurekka með litakóðuðum plastmöppum í hillingum, svona eins og Monica í Friends. Og í hvert skipti sem ég sé fram á flutninga fyllist ég eldmóði, sanka að mér innpökkunarpappír og byrja að brjóta saman tauið mitt samkvæmt ströngustu stöðlum bandaríska hersins. Það endist í fimm mínútur. Þá gefst ég iðulega upp, moka öllu ofan í svarta plastpoka, skutla leirtauinu í bananakassa og bið til guðs að það brotni ekki mikið á leiðinni.

Mestu martraðarflutningar ævi minnar voru yfir eitt götuhorn. Mér fannst náttúrulega mesti óþarfi að leigja flutningabíl fyrir nokkra metra og brá því á það ráð, aðstandendum til lítillar ánægju, að halda bara á öllu yfir. Eftir sófa, ísskáp, skatthol, hillustæðu, þvottavél og fleira skemmtilegt, og meira bölv og ragn en ég hef látið út úr mér fyrr eða síðar, sór ég þess eið að flytja aldrei aftur. Ég hef flutt þrisvar síðan.

Ég vil því höfða til allra Mónika landsins sem hafa ekkert að gera í næstu viku að miskunna sig yfir mig og gera þetta bærilegt. Svo væri ekki verra ef þær ættu sterkbyggða kærasta líka. Einhver?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Sumar og sól



**Sól, sól, skín á mig ...**
Ef þú setur þau upp, þá kemur hún (kannski).
Og í Tiger finnurðu fullt af flottum sólgeraugum af öllu tagi. 400 krónur

TIGER
Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is




FT
FINANCIAL
TIMES

IFC
International
Finance
Corporation
World Bank Group

## GLITNIR HLÝTUR VIÐURKENNINGU FINANCIAL TIMES

Financial Times verðlaunar á hverju ári þær bankastofnanir í heiminum sem staðið hafa að viðskiptum sem stuðla að sjálfbærri þróun og sýna samfélagslega ábyrgð. Verðlaunin kallast „FT Sustainable Banking Awards.“ Glitnir varð í öðru sæti í flokknum „Sustainable Deal of the Year 2007“ fyrir fjármögnun á 50 MW jarðvarmavirkjun í Kaliforníu en Glitnir atti þar kappi við stórbanka á borð við Merrill Lynch, Morgan Stanley, Citi US og Blue Orchid.

Úr umsögn dómnefndar um Glitni: „A case study in comparative advantage. Geothermal – they know how to do it and are claiming a global leadership role.“

Verðlaunin staðfesta að Glitnir er í fremstu röð í heiminum í fjármögnun jarðvarmaverkefna sem er eitt af sérsviðum bankans.

GLITNIR

**! Kl. 22**

*Hljómsveitin BluesAkademian kemur fram á tónleikum á Organ, Hafnarstræti 1-3, í kvöld kl. 22. Hljómsveitina skipa þeir Sigurður Sigurðsson, Tryggvi Hübner, Pjetur Stefánsson, Páll Pálsson og Jón Borgar Loftsson. Sérstakur gestur hljómsveitarinnar í kvöld verður Jón „Klettur“ Ólafsson. Aðgangseyrir að fjörinu er 1000 kr.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Skuggarnir skekja landið í sumar

Hljómsveitin Bláir skuggar, kvartett saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar, fer í sumar í tólf daga tónleikaferð hringinn í kringum landið. Ferðin hefst með pomp og prakt á tónleikum í Tónbergi, sal Tónlistarskólans á Akranesi, í kvöld kl. 20. Aðrir viðkomustaðir á ferðalaginu eru Kirkjubæjarklaustur, Neskaupstaður, Mývatn, Akureyri, Húsavík, Blönduós, Reykjavík og Stykkishólmur og er því vísast fyrir djassgeggjara í þessum bæjarfélögum að fylgjast vel með tónleikahaldi næstu tvær vikurnar eða svo.

Bláir skuggar er nokkurs konar ofurhljómsveit í íslenskum djassi, en auk Sigurðar skipa kvartettinn þjóðsagnapersónur í íslenskri tónlist og framverðir elstu starfandi kynslóðar íslenskra djasstónlistarmanna. Það eru þeir Þórir Baldursson á Hammond-orgel, Jón Páll Bjarnason á gítar og Pétur Östlund á trommur. Tónlistin sem Skuggarnir flytja er aðgengilegur og skemmtilegur samruni djass- og blústónlistar þar sem spilagleði er í fyrirrúmi. Á innan við ári hafa Bláir skuggar sent frá sér tvo diska; Blátt ljós og Bláa skugga, sem báðir hafa fengið frábæra dóma og selst vel. Þess má geta að Sigurður Flosason hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem djasstónlistarflytjandi ársins nú í vor. **- vþ**



**BLÁIR SKUGGAR** Framvarðasveit íslenskra djassara heldur í tónleikaferð um landið.

**> Ekki missa af…**

Sýningunni Augliti til auglitis við Kína, en hún stendur yfir til 29. júní í Listasafninu á Akureyri. Þar má sjá málverk og skúlptúra eftir níu kínverska samtímalistamenn, þeirra á meðal Chen Qing Qing, Fang Lijun og Liu Ye, sem vakið hafa alþjóðlega athygli og sett hvert sölumetið á fætur öðru í uppboðshúsum heimsins.



**HLÍN PÉTURSDÓTTIR BEHRENS** Önnur tveggja söngkvenna sem kemur fram á styrktartónleikum annað kvöld.

## Sungið til styrktar börnum

Tónleikar til styrktar munaðarlausum börnum í Kongó fara fram í Aðventkirkjunni í Reykjavík, Ingólfsstræti 19, annað kvöld kl. 21. Flytjendur á tónleikunum eru söngkonurnar Hlín Pétursdóttir Behrens og Nanna María Cortes, en píanóleikari er Krystyna Cortes. Á efnisskrá eru dúettar eftir Purcell, Brahms og Mozart auk íslenskra sönglaga. Að tónleikunum loknum verður tónleikagestum boðið upp á léttar veitingar.

Allur ágóði af tónleikunum rennur til uppbyggingar barnaþorps í Kongó á vegum Alþjóðlegu barnahjálparinnar, ICC, sem rekur barnaþorp á Idjwi-eyju í Kongó. Í barnaþorpinu býr nú 171 barn við góð lífsskilyrði. Börnin ganga í skóla og búa í fjölskyldueiningum þar sem innfædd hjón hugsa um þau og komast þannig hjá ofbeldisógninni sem enn er við lýði í þessu fyrrum stríðshrjáða landi. **- vþ**

# Hádegistónleikaröð hefst

Sumarið er ótvírætt tími tónlistarhátíða og tónleikaraða. Á morgun verður hádegistónleikaröð, sem haldin er í samvinnu Félags íslenskra organleikara og Alþjóðlegs orgelsumars, hleypt af stokkunum í Dómkirkjunni í Reykjavík. Næstu sjö fimmtudaga munu íslenskir organistar ásamt einsöngvurum og einleikurum koma þar fram á slaginu kl. 12.15 og bjóða tónleikagestum upp á fagra tóna í erli miðborgarinnar.

Það er formaður Félags íslenskra organleikara, Guðmundur Sigurðsson, sem kemur fram á þessum fyrstu tónleikum raðarinnar ásamt fiðluleikaranum Hjörleifi Valssyni. Á fyrri hluta efnisskrár tónleikanna eru sannkölluð öndvegisverk, Vorið eftir Vivaldi og Söngur Indíu eftir Rimsky-Korsakov. Síðari hluti efnisskrárinnar er íslenskur; á honum rúmast þrjú kirkjulög eftir Jón Leifs og spuni tónlistarmannanna yfir tvísöngslagið Lifnar hugur, hýrnar brá, en lag þetta er ættað úr Skagafirði. Tónleikunum lýkur síðan á Maríuversi, einu þekktasta lagi Páls Ísólfssonar. **- vþ**



**GUÐMUNDUR SIGURÐSSON** Kemur fram á hádegistónleikum í Dómkirkjunni á morgun.

# Veðrið fyrir vestan

Ljóðaþýðingar Hallbergs Hallmundssonar eru lofsvert framtak og það er slægur í Bukowski á íslensku. Hann er „auðþýðanlegur“ að því leyti að málfar hans er einfalt og alþýðlegt, hann er frásagnarskáld, viðfangsefni hans er veruleikinn fremur en skáldskapurinn – það sem orðin vísa til, ekki orðin sjálf. Hann yrkir mest um sjálfan sig (að eigin sögn) og vistin er honum hugstæðari en listin. Ljóðin eru úthverf þótt þau séu mjög persónuleg og margræðni þeirra er fólgin í heimssýn skáldsins og veraldarvisku fremur en orðfæri og talsmáta.

Hallberg velur enda þá leið að þýða fremur „hrátt“ – orð sem lýsir stíl Bukowskis raunar nokkuð vel – snarar nánast línu fyrir línu og skilar þannig ærlegum Bukowski þótt stundum sé þá ansi grunnt í enskuna, dæmi; „...ég hataði þig þegar tekið hefði minna hugrekki að elska“ (28). Þetta er vitaskuld ekki góð íslenska (þó þetta sé fín viska) og kafnar hér undir frumtungunni – en þá ber að hafa í huga að Bukowski er ekki fagurkeri og skrifar ekki alltaf „góða“ ensku, stundum beinlínis „ranga“ og kauðska, oft vísvitandi „óskáldlega“ og þvert á kröfur kúltúrlöggu (elítu) sinnar tíðar.

En þótt Bukowski liggi á margan hátt vel við höggi er þetta vandrötuð leið sem Hallberg velur og samkeppnin við frumtextann er þá firnahörð, það freistar við lestur bókarinnar að snara ljóðunum aftur á ensku í huganum, liggur víða (óþarflega) beint við. Mann langar í Karlinn alveg hráan. Sem er vísbending um að eitthvað hafi þá tapast við snörun eða „finni sig ekki“ alveg á nýrri tungu þótt orðin séu sambærileg og tungutakið hliðstætt, líkt og farist hafi fyrir að íslenska andblæinn þótt búið sé að snúa flekknum. Veðrið enn fyrir vestan.

Í ljóði á bls. 81 er lýst „undarlegu“ ástandi; „eins og töfrar séu orðnir hversdagslegir“. Sé líkinguni umsnúið fangar hún nokkuð vel „sálina“ í kveðskap Bukowskis; hann gæðir hversdagsleikann huldum töfrum í hráum brag og lætur lesandann þannig finna í návígi fyrir einhverju ónefndu lífsundri til mótvægis við þindarlausa tómhyggju orðanna ... „ég vildi ég væri að aka fram af helvítishömrum“ (41) o.s.frv. – þótt bragarháttur-inn sjálfur sé vissulega „alfrjáls“. Það er harðsótt að „þýða“ þetta huldumál þegar snarað er „beint“ (fyrstu gæsalappirnar í þessum ritdómi eru alltaf að fitna) og sýnilegt að ekki er þá á allt kosið; þýðingin er heiðarleg og nákvæm en ekki andrík á við frumtextann og „bragurinn“ ekki eins göldróttur.

En þetta er hressilegur skáldskapur og Bukowski er fjandi gott skáld. Úrval Hallbergs sýnir vel hve Karlinn er miklu klassískari en bítnikarnir, sækir sér viðfang í bandarísku gullöldina, síðrómantíkina (og uppgjörið við hreintrúnaðinn) sem m.a. einkennist af lúmskri siðhrörnun (dekadentisma); Poe, Hawthorne, Melville, Emerson, Whitman, Dickinson. Frá þeim er ættaður (a) gluggagægir (voyeurismi) Bukowskis, hið ýga auga, (b) hlutgerving hans á fólki – sem byggist á því að lífið er list og lifandi fólk því listmunir, (c) iðrafíkn hans – líkamshlutar með eigin tilveru og hvatir, (d) föðurgeðflækjan og (e) ástarhaturs-sambandið við sársaukann og dauðann. Hver segir að hann yrki bara um sjálfan sig? En áhrifin angra götuskáldið ekki neitt og röðin er alveg sjálfstæð.

Góður Bukowski en betri á frummálinu.

**Sigurður Hróarsson**



Charles Bukowski, rithöfundur.




**BÓKMENNTIR**

**Charles Bukowski: Að kveikja sér í vindli og önnur ljóð**

Hallberg Hallmundsson sneri á íslensku

★★★

Góður Bukowski


**EINKA ÖRYGGISKERFI OG ÞJÓFAVARNARKERFI**

**MEÐ ÍSLENSKU TALI** infinite prime **OG TEXTA**

*Ein fullkomnasta stjórnstöð sem völ er á fyrir heimili, sumarhús og fyrirtæki*



**MEÐ FASTLÍNU HRINGJARA**

**VERÐ 59.990**

EÐA KR. 4.999 Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**MEÐ GSM/SMS HRINGJARA**

**VERÐ 83.990**

EÐA KR. 6.999 Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**INNIFALIÐ Í GRUNNPAKKA**

- 32 þráðlaus svæði og 1 fyrir þráðkerfi
- Innbyggð talvél / skilaboðahólf
- Stór upplýstur LCD skjár
- Innbyggður hátalari og míkrafónn
- Hússtjórnareining til að fjarstýra tækjum
- Íslenskur leiðarvísir og margt fleira

- **33 SVÆÐA STJÓRNSTÖÐ**
- **2 HREYFISKYNJARARAR**
- **1 SEGULNEMI FYRIR HURÐ**
- **1 FJARSTÝRING**

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 • 2008

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT




# Sérfræðingar í útimálningu fyrir íslenskt veðurfar

*„Hjá Málningu hf. vita menn að það þarf rannsóknir, prófanir og þróunarvinnu til að framleiða bestu fáanlega útimálningu fyrir íslenskar aðstæður. Það er grunnurinn sem ég treysti á.“*

*Baldvin Már Frederiksen, málarameistari*




**Útsölustaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptún • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur, byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • Öxull, Grindavík • Fóðurblandan á Selfossi, Hvolsvelli og Egilsstöðum**

málning

*-það segir sig sjálft-*

ISLENSKA/SIA.IS/MAL 42783 06/08

### > LÉK Á LJÓSMYNDARA

Jamie Lynn Spears lék á ljósmyndara þegar hún yfirgaf spítalann með nýfædda dóttur sína á laugardag. Hún borgaði stúlku á sínum aldri, sem er því sem næst tvífari hennar, fyrir að fara út í bíl í fylgd foreldra Spears og kærasta, Casey Aldridge. Á meðan ljósmyndarar smelltu myndum af tvífaranum, laumaðist Jamie út bakdyramegin með barnið, Maddie Briann, og lék þannig á hópinn.



# Fólk

folk@frettablad

# Andri Freyr spilar á Hróarskeldu

Andri Freyr Viðarsson, einna best þekktur sem útvarpsmaðurinn Freysi, er einn þeirra sem troða upp á neðanvatnstónleikum á Hróarskeldu í næstu viku. Að baki tónleikunum standa meðal annars Íslendingarnir Haukur Þórðarson og hjónin Tinna Ottesen og Janus Bragi Jakobsson, en þar mun tónlistarfólk stíga á stokk á sviði sem er eftirlíking Akraborgarinnar og gleðja eyru aðdáenda sem stinga sér til sunds í Badsøen.

„Ég er nú ekki að fara að setjast niður með kassagítar og spila músík, enda myndi það örugglega hljóma enn verr í kafi,“ segir Andri. Hann mun í staðinn velja lög ofan í áheyrendur, en framkoman verður hans fyrsta á Hróarskeldu. „Ég hef bara haft gaman af hátíðinni hingað til, ekki spilað þar. Þetta er náttúrulega mikill heiður og lúkkar vel á ferilsskrá, hvað heldurðu,“ segir hann kíminn. „Þetta er reyndar ekki á opinberu hátíðinni, heldur hluti af upphitun fyrir hana. Það er hins vegar fullt af liði komið á svæðið á þessum tíma. Í fyrra voru það held ég þrjátíu þúsund manns sem biðu í röð þegar tjaldstæðin opnuðu. Það er bara gaman að koma og keyra upp stemninguna,“ segir Andri.

Þar sem að tónleikagestir mara í hálfu kafi til að hlusta segir Andri dálítið snúið að velja hvaða tónlist hann býður upp á. „Maður þarf aðeins að spá í hvaða hljóð skila sér í kafi. Það er svolítið furðulegt að spá í þetta. Það er ekki eins og maður geti æft sig. Hvað á ég að gera? Stinga hausnum ofan í baðkar og setja hátalara ofan í? Ég held ekki,“ segir hann.

Dagskráin við Badsøen hefst á sunnudag klukkan 14 og stendur til miðvikudags, þegar Andri þeytir skífum fyrir baðgesti. Frekari upplýsingar má fá á myspace.com/underwaterconcert.

- sun



**FÍNT Á FERILSSKRÁNA** Útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson getur nú bætt því á ferilskrána að hafa spilað á tónleikum á Hróarskeldu.

## Blús á Organ

**Blúsakademían, þeir Sigurður Sigurðsson, Tryggvi Hubner, Pjetur Stefánsson, Jón Borgar Loftsson og Páll Pálson spila á Organ í kvöld. Sérstakur gestur með þeim er Jón Ólafsson, úr Pelican og fleiri sveitum. Tryggvi segir sveitina spila frumsamið efni sem og gömul lög sem ekki heyrast lengur eftir „eldgamla blúskalla,“ sem þeir útsetja sjálfir. Annars segist hann aðeins nemandi í akademíunni, hjá meisturum eins og Sigurði. „Þetta er svona saumaklúbbur hjá okkur strákunum.“ Blúsaðdáendur ættu ekki að láta tónleikana framhjá sér fara, en þeir hefjast klukkan tíu og kostar 1000 krónur inn.-kbs**




Grand
HÁDEGI

Hádegishlaðborð alla virka daga. Grill á góðviðrisdögum.

Þegar vel viðrar er boðið upp á grill og veitingar í suðurgarðinum okkar. Þá er hægt að borða úti og njóta sumarsins. Grillveislur í boði fyrir hópa.

Hlaðborð kr. 2.150.-

weber

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Sigtúni / S. 514 8080 / www.GRAND.is


# Dularfull söngkona borgarstjórans í Reykjavík

**Fjölmörg atriði er varða söngkonuna færeysku – Sølvu Ford – sem hreif Ólaf F. Magnússon borgarstjóra svo að hann bauð henni á menningarnótt – eru á huldu: Hvað atriði hennar kostar, hver borgar, hvar og hvenær hún kemur fram … og jafnvel er tónlistarferill hennar gáta.**



**SØLVA FORD** Þekktist boð hrifnæms borgarstjórans um að koma til Íslands og syngja á menningarnótt.

Greint var frá því í færeyskum fjölmiðlum, og þaðan bárust þau tíðindi til Íslands, að Ólafur F. Magnússon borgarstjóri hefði setið hátíðarkvöldverð í boði borgarstjórans í Þórhöfn í sinni opinberu heimsókn til Færeyja nú um miðjan mánuðinn þar sem hann hreifst svo mjög af söngkonunni Sølvu Ford að hann bauð henni að koma fram á menningarnótt sem hún og þáði. „Eftir framførsluna var íslendski borgarstjórin, Ólafur F. Magnússon, so mikið væl nøgdur við hennara sang, at hann bjóðaði henni at koma at spæla á íslendsku mentanarnáttini, sum verður í Reykjavík 18. august,“ segir í Dimmalætting. „Hann kom persónliga yvir og bjóðaði mær við, saman við gittarleikaranum hjá mær, Rúna Eysturlíð,“ segur Sølva Ford við sama tækifæri.

Hver er hún söngkonan sem hreif borgarstjóra svo mjög? Fréttablaðið leitaði til Jens Guð sem er sérfróður um færeyska tónlist. Hann þekkti hvorki haus né sporð á söngkonunni góðu, sem kom nokkuð á óvart, en Jens fór á stúfana og skoðaði málið:

„Ég hringdi í færeyska konu og spurði um Sølvu Ford. Hún sagði sig ráma í að Sølva hafi fyrir mörgum árum tekið þátt í söngvarakeppni. Hana minnti að það hefði verið í Danmörku en ekki Færeyjum. Næst hringdi ég í færeyskan rokkara. Hann sagði að Sølva hefði sigrað í söngvarakeppni í Færeyjum 2000, „Ársins söngrödd“. Það er söngvarakeppni sem vegur ekki þungt. Síðan hefur Sølva bara sungið með lítið þekktum dansiballahljómsveitum. Hún er ekkert nafn í Færeyjum. Þannig lagað. Hefur hvergi skorað á neinum listum. Til samanburðar er þetta kannski svipað því þegar einhver sigrar í hæfileikakeppni á Bifröst eða Blönduósi á Íslandi. Fín söngkona sem fer létt með að afgreiða „cover“-lög en ekkert meir.“

Svo mörg voru þau orð. Fréttablaðinu tókst ekki að hafa uppi á Sølvu í Færeyjum og þegar grennslast var fyrir um hvers konar vinnulag er notað þegar fengin eru atriði fyrir menningarnótt kom í ljós að engar ákveðnar verklagsreglur eru í þeim efnum – enda koma margir að málum. Reykjavíkurborg leggur til um tíu milljónir til næturinnar sem fara að mestu í kynningu og verklegar framkvæmdir. Ekkert liggur fyrir um kostnað sem fylgir komu færeysku söngkonunnar, né heldur hver borgar þann reikning. Ekki liggur heldur fyrir hvar og hvenær Sølva Ford kemur fram. Bæði Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs, og Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður höfuðborgarstofu, fögnuðu framtaki borgarstjórans og töldu besta mál að hann kæmi að málum. En þær töluðu báðar um þetta sem hugmynd eða ábendingu sem tekin verður fyrir á fundi verkefnastjórnar menningarnætur í dag.

jakob@frettabladid.is



**JENS GUÐ** Sérfróður um færeyska tónlist en þekkir hvorki haus né sporð á Sølvu Ford.

**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON** Hreifst af færeysku söngkonunni Sølvu Ford en þeir sem vasast í menningarnótt af hálfu borgarinnar vita ekki hver borgar fyrir komu hennar né hvar og hvenær hún kemur fram.

## Komin með nýjan mann

Svo virðist sem Cameron Diaz og breska fyrirsætan Paul Sculfor séu nýjasta parið í Hollywood. En Sculfor þessi er fyrrverandi kærasti Jennifer Aniston. Til parsins sást þar sem þau snæddu hádegisverð saman og leiddust um bæinn. Parið gerði reglulega hlé á göngu sinni til þess að kyssast og faðmast og virtust þau vera hin ástföngnustu. Diaz, sem er 35 ára, og Sculfor, sem er 37 ára, byrjuðu að stinga saman nefjum fyrr í mánuðinum og sást fyrst til þeirra saman þegar þau eyddu rómantískri kvöldstund á veitingastað í Santa Monica.



## Grátbólgin á flugvelli

**Sambandsslit Siennu Miller við Rhys Ifans hafa verið á allra vörum síðustu vikur. Fyrir stuttu sást Ryhs brotna niður fyrir utan skemmtistað eftir strangt skemmtanahald með vinum sínum. Sienna aftur á móti virðist hingað til hafa plumað sig betur en hennar fyrrverandi og daðraði stíft við samleikara sinn, Matthew Rhys, á frumsýningu myndar þeirra í Edinborg. Í gær var annað uppi á teningnum því það sást til Siennu á flugvelli í London þar sem hún talaði í farsímann sinn og virtist leikkonan vera mjög miður sín. Hvort það hafi verið Rhys Ifans sem hún ræddi við er ekki vitað en það þykir ekki ólíklegt.**




OPNUNARTILBOÐ



Skeljar 199,000,-

Eigum griðalegt úrval af rafmagnspottum!

Arctic Spas

Arctic Spas • Kleppsvegi 152 • 104 Reykjavík
Heitirpottar.is • sími 554 7755


# Madonna sögð ætla að skilja

Nú ganga þær sögusagnir sem hæst að Madonna og Guy Ritchie, eiginmaður hennar til sjö ára, séu að íhuga skilnað. Hjónabandið hefur ekki alltaf gengið vandræðalaust fyrir sig og á að hafa einkennst af mikilli togstreitu milli þeirra tveggja. Myndir náðust af parinu á Cannes hátíðinni í ár þar sem þau virðast bæði óánægð og fjarlæg hvort öðru.

Í nýlegu viðtali við MTV sjónvarpsstöðina á Madonna að hafa sagst hafa gift sig á röngum forsendum. „Eiginmaður minn reyndist ekki vera allt sem mig dreymdi um … mig langaði að slíta sambandinu,“ segir hún jafnframt í sama viðtali. Vinur hjónanna segir þau haga sér meira eins og systkini en hjón og að best væri ef þau slitu samvistum.

Hjónin eiga saman soninn Rocco og ættleiddu nýlega annan son, David, fyrir átti Madonna dótturina Lourdes.



**ÍHUGA AÐ SKILJA** Madonna og Guy Ritchie þegar allt lék í lyndi. Þau íhuga nú að slíta samvistir.













Öll tilboð gilda frá 15.- 18. maí

# Böddi gerir sólóplötu

„Ég er að vinna efnið og stefni á upptökur í haust," segir Böðvar Rafn Reynisson, betur þekktur sem Böddi í Dalton. Böddi vinnur nú að sinni fyrstu sólóplötu sem mun vera gjörólík því sem landsmenn þekkja af Bödda í Dalton. „Þetta er bara allt annað „concept", Dalton gengur út á grín og fjör og að skemmta landanum. Þetta gengur frekar út á að draga fólk niður," segir Böddi og hlær. Platan er að sögn Bödda allt að því órafmögnuð. Notast er við kassagítara og kontrabassa svo eitthvað sé nefnt. Öll lögin og textarnir eru eftir Bödda sjálfan en allt efnið er flutt á ensku. „Ég hef aðeins verið að semja á ensku í gegnum árin. Inntakið í textunum er pólitískur áróður, ástamál, barnið mitt, partí og stríð til dæmis," segir Böddi.

Böddi semur allt efni hljómsveitarinnar Dalton sem er grínteng. Hann segir það auðvelt að skipta um gír og semja alvarlegar tónsmíðar á ensku. „Það er ekkert mál. Ég þarf á hvoru tveggja að halda."

Þegar platan er tilbúin stefnir Böddi að því að ferðast um Bandaríkin og spila efnið af henni og er þegar farinn að bóka sig á hinum ýmsu stöðum. Einnig er von á nýrri plötu frá Dalton og segir Böddi hana ganga fyrir áður en landsmenn fá að sjá hina hliðina á Bödda. „Þetta er ein hliðin á mér, ég á mér enn fleiri."

-shs



**BÖDDI Í DALTON** Vinnur nú að sinni fyrstu sólóplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/PÉTUR

# Ofhlaðin Sigur Rós

Biblía indie-lúðanna, vefritið Pitchforkmedia, hefur kveðið upp sinn dóm um nýja plötu Sigur Rósar: Platan fær 7,5 af 10 mögulegum. Gagnrýnandinn fagnar því að hljómsveitin skuli brydda upp á tímabærum nýjungum í lögum eins og „Gobbledigook" og „Inní mér syngur vitleysingur", vonbrigðin eru hins vegar þau að breytingarnar eru ekki nógu miklar. Lagið „Ára bátar", sem Sigur Rós fékk drengjakór og sinfóníettuna í London til að hjálpa sér með, er sérstaklega tekið út og sagt svo „skoplega ofhlaðið að sjálfum Andrew Lloyd Webber fyndist það einum of". Vefritið klikkir út með því að spyrja: „Hvernig segir maður „less is more" á vonlensku?"



**EKKI NÓGU BREYTTIR?** Sigur Rós: 7.5.

# Undarleg tenging við Ísland

**Ólympíuleikar trúbadora hófust í gær. Ástralinn Peter Uhlenbruch samdi plötu um upplifun sína af Íslandi.**

„Þetta var í raun allt hálfgert slys. Ég hitti Mike Pollock á myspace og spurði hann: Getur þú reddað mér giggi á Íslandi? Það var laust kvöld á Rósenberg og hann sá um tónleika fyrir okkur báða. Eftir þá tónleika kom Svavar til mín og sagði að sér líkaði tónlistin mín. Hann keypti handa mér bjór og kaffi, sem ég geri alltaf heima. Við urðum strax vinir. Ég meina, hversu margir drekka kaffi með bjór? Hann bauð mér að koma aftur til landsins og þá kom Torben líka og við störtuðum þessu," sagði ástralinn Peter Uhlenbruch, einn fjögurra sem standa fyrir svokölluðum Ólympíuleikum trúbadora, sem hófust í gær.

Hin eru Svavar Knútur, Sam Burke, frá Ástralíu og Torben Stock frá Þýskalandi. Trúbadorarnir spila á nítján tónleikum á tuttugu og fimm dögum, víða um landið, ásamt gestum.

Peter segir sig hafa dreymt um að koma til Íslands. „Heima hafði ég heyrt í Sigur Rós, Björk og múm. Mig langaði til að sjá úr hvaða menningu þau væru sprottin. Landið er svo ótrúlega ólíkt Ástralíu en samt hef ég einhverja undarlega tengingu við það. Eins og þegar ég kom fyrst, þá sá ég Mike Pollock niðri við tjörn ekki tíu mínútum eftir að ég steig út úr rútunni. Og eftir það hitti ég einhvern á hverjum degi sem var mér eins og gamall vinur."

Hann samdi plötu um upplifun sína. „Ég gat ekki hætt að hugsa um Ísland. Platan kom bara af sjálfu sér. Allt hér virðist mjög satt, raunverulegt og hrátt."

Ný með þeim félögunum er Sam Burke. „Ég er hið „ó svo nauðsynlega" kvenlega blóð í þessum túr, sem annars hefur karlmenn í fyrirrúmi." Hún þekkir Svavar og Torben í raun ekkert, en efast ekki um að bíltúrarnir um landið ráði bót á því, mjög snögglega.

Þegar hafa þau fjögur, sem og fleiri, myndað tengslanet sem hjálpar þeim að spila víðar en áður. „Okkar ólympíueldur er tónlistin, sem við látum ganga milli tónlistarmanna og til áhorfenda," sagði Peter.

Fjórmenningarnir ætla að bera þennan eld til 18. júlí, en hægt er að fylgjast með ferðalagi þeirra á myspace síðu The International Troubadour Conspiracy.

kolbruns@frettabladid.is



**ÓLYMPÍUSVEIT TRÚBADORA** Peter Ühlenbruch, Torben Stock, Svavar Knútur og Sam Burke. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sveskjuhausar í fínu formi

Hvanndalsbræður eru ein af landsbyggðar-grínpönksveitunum. Þeir bræður, sem Rögnvaldur „gáfaði" Hvanndal fer fyrir, gera út frá Akureyri og hafa verið starfandi í nokkur ár. Knúsumstumstund er þeirra fjórða plata, en í fyrra kom út safnplatan Skást of sem innihélt úrval laga af fyrstu þremur plötunum, Út úr kú (2003), Hrútleiðinlegir (2004) og Ríða feitum hesti (2006).

Tónlist Hvanndalsbræðra er léttleikandi skemmtipönk en hefur þróast nokkuð á ferlinum, sérstaklega með tilkomu tveggja nýrra meðlima, rafgítar og mandólínleikarans Péturs Hvanndal og Valmars Hvanndal sem spilar jöfnum höndum á fiðlu, harmonikku, selló og lágfiðlu. Tónlistin verður þjóðlagaskotnari og fjölbreyttari fyrir vikið. Þeir pönkið, á plötunni eru mörg einföld og melódísk pönklög, en sveitin bregður fyrir sig fleiri stílum en áður og nikkan og fiðlan gefa sumum lögunum aukna fyllingu.

Textarnir eru sem fyrr mátulega ósmekklegt piss, kúk og typpagrín. Og dreifbýlisómaginn er þeim ofarlega í huga. Laganöfn eins og Sveskjuhaus, Heimilisofbeldi, Greddan og Öryrkinn segja eitthvað um stemninguna og svo fjallar lagið Reykjavík að sjálfsögðu um hættur og úrkynjun stórborgarinnar.

Á heildina litið er þetta ágæt plata. Það er greinilega hugur í Hvanndalsbræðrum og maður heyrir vel á plötunni að þeim leiðist ekki. Hljómur og vinnsla eru til fyrirmyndar og mörg ágæt lög.

Trausti Júlíusson



**TÓNLIST**

**Knúsumstumstund**

Hvanndalsbræður

★★★

Hvanndalsbræðrum hefur borist góður liðsauki á þessari fjórðu plötu sveitarinnar. Pönkið er enn á sínum stað, en mandólín, harmonikku- og fiðluleikur setur sterkan svip á útkomuna.





| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 5D - 8D - 11 | 7 |
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 5 - 8 | VIP |
| THE BANK JOB | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8 | 12 |
| SPEED RACER | kl. 5 | L |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 8 SÍÐ. SÝN. | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 3D - 6D - 9D | 7 |
| THE BANK JOB | kl. 6 - 9 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |
| SPEED RACER | kl. 3D | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| NARNIA 2 | kl. 8 - 10:50 | 7 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 10:20 | 12 |
| ZOHAN | kl. 8 | 10 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 6 - 9 | 7 |
| SPEED RACER | kl. 5:40 | L |
| PROM NIGHT | kl. 8 - 10 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 8 | 7 |
| HAROLD & KUMAR | kl. 8 | L |
| NEVER BACK DOWN | kl. 10:10 | 14 |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 4D - 7D - 10D | 7 |
| CRONICLES OF NARNIA 2 LÚXUS | kl. 4D - 7D - 10D | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK DIGITAL | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 12 |
| THE HAPPENING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| HORTON | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| THE HAPPENING | kl. 8 - 10 | 16 |
| KJÖTBORG SÍÐUSTU SÝNINGAR | kl. 6 - 7 ENSKUR TEXTI | |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 8 - 11 | 14 |
| INDIANA JONES | kl. 5.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| FLAWLESS | kl. 8 | |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 7 - 10 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 10.20 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| ZOHAN | kl. 5.40 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 5.20 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 2 - DIGITAL | kl. 5 og 8 | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK - POWER | kl. 5, 8 og 10.45(P) | 12 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6, 9 og 10.30 | 14 |


Opna next
kvennamótið
á Hlíðavelli
laugardaginn 28. júní.
Mótið verður haldið á Hlíðavelli laugardaginn 28. júní. Ræst verður út frá kl. 8:30-10:40 og kl. 13 til 14 ef fyllist í skráningu fyrir hádegi.
Mótið er höggleikur án forgjafar og punktamót með forgjöf hæst gefið 28 í forgjöf.
Mótsgjald kr. 3.500. Verðlaun verða veitt fyrir 1. - 3. sæti í punktakeppni með forgjöf og 1. sæti án forgjafar. Aðeins þær konur sem hafa virka EGA forgjöf geta spilað til verðlauna.
Nándarverðlaun á öllum par 3. holum.
Punktakeppni m/forgjöf
1. sæti - 50.000 kr. úttekt í next
2. sæti - 30.000 kr. úttekt í next
3. sæti - 20.000 kr. úttekt í next
Besta skor:
50.000 kr. úttekt í next
Boðið er uppá glæsilegar veitingar og teiggjafir. Dregið verður úr skorkortum.
Skráning á www.golf.is
next

## > Copy/paste hjá kvennalandsliðinu

Íslenska kvennalandsliðið mætir því gríska á morgun. Liðið fékk frí á sunnudag eftir stórsigurinn gegn Slóvenum en æfði í gær. Dóra Stefánsdóttir æfði þar og lítur út fyrir að hún verði með á morgun. Margrét Lára Viðarsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir fengu frí. „Þær þurfa þennan eina dag aukalega í hvíld eftir að hafa fengið spörk á laugardaginn,“ sagði landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson. Undirbúningur fyrir þennan leik verður nákvæmlega sá sami og síðast. Liðið fer til Keflavíkur í kvöld og síðan er frjálst hvað hver gerir. „Síðast skiptist þetta í þrennt, sumar fóru í bíó, aðrar voru í meðferð og hinar horfðu á EM,“ sagði Sigurður sem á von á hörkuleik á morgun.



**sport**
sport@frettabladid.is

**PÉTUR HAFLIÐI MARTEINSSON:** STÓRHUGA VERKEFNASTJÓRI HEFUR HALDIÐ HREINU Í 254 MÍNÚTUR

# *Heldur hreinu í fáránlega lélegu formi*



Pétur Hafliði Marteinsson hefur spilað 254 mínútur fyrir KR í sumar. Í þeim hefur KR skorað átta mörk án þess að fá á sig mark. Í þær 466 mínútum sem Pétur hefur ekki spilað hefur KR skorað sjö mörk, fengið á sig ellefu og tapað fjórum leikjum af fimm.

Pétur hefur spilað mun betur í sumar en á síðasta ári. „Það var lognmolla yfir liðinu og mér sjálfum. Við komumst aldrei á skrið og þá líta varnarmenn ekki vel út. Það var líka meiri munur á því að koma heim úr atvinnumennsku í íslenska boltann en ég gerði mér grein fyrir og síðasta tímabil var mjög erfitt, ég viðurkenni það,“ segir Pétur.

Hann segir að gott gengi sitt í sumar sé ekki síst að þakka varnarvinnu alls liðsins. „Ég er í fáránlega lélegu formi. Ég æfi sáralítið á milli leikja og hef verið meira og minna meiddur heillengi. Strákarnir í liðinu sem margir hverjir hafa ekki skilað mikilli varnarskyldu áður eru að standa sig frábærlega. Það þýðir að mitt verk er auðveldara.“

KR-ingar einbeittu sér mikið að líkamlegum styrk eftir síðasta sumar, á kostnað fótboltans. Það er að borga sig núna. „Við bjuggumst við því að tapa mögulega stigum í upphafi móts þar sem við værum eftir á í fótboltanum. Þetta er að skila sér núna,“ sagði varnarmaðurinn sem er ekki sáttur með gagnrýnisraddir sem beinst hafa að Gunnlaugi Jónssyni undanfarið.

„Það hefur verið ósanngjörn gagnrýni á fyrirliða okkar. Hann hefur verið meiddur á hné frá því fyrir mót en samt sem áður spilað og lagt sig allan fram fyrir KR. Á móti Fjölni og FH var hann með betri mönnum á vellinum að mínu mati. Ég vona að Gulli nái sér sem allra fyrst og hann verður mikilvægur hlekkur fyrir okkur í sumar.“

Pétur er verkefnastjóri hjá KR og á íbúafundi í gær kynnti hann framtíðarsýn félagsins. Hún er að búa til allsherjar þjónustu- og verslunarmiðstöð á KR-svæðinu, eitt hús í kringum nýjan völl þar sem verslanir, heilsugæsla, skrifstofur og ýmislegt fleira kæmist fyrir. Stúkan í kringum völlinn á að ná hringinn og taka 5.000 manns í sæti. „Þetta eru háleitar hugmyndir,“ sagði Pétur sem vonast til að koma hugmyndunum inn í skipulag sem fyrst.



**SLAKIR Á ÞVÍ** Biro, til vinstri, hefur spilað í 111 mínútur í deildinni í sumar og Ismael í 154. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þróttur fær framherja í júlí:

## Slegið á alla sambatakta?

**FÓTBOLTI** Þróttarar fá til sín danska framherjann Jesper Sneholm þegar félagaskiptaglugginn opnast þann 15. júlí. „Hann er fljótur og góður framherji. Ég hef séð hann spila en hann hefur aldrei verið hjá okkur og ekki komið á æfingu,“ sagði Gunnar Oddsson, þjálfari Þróttar, og bætti við að þessu fylgdi engin áhætta. Sneholm kemur að láni út tímabilið.

Brasilíumennirnir tveir, Ismael Silva Francisco og Carlos Bernal hafa ekki sýnt neina sambatakta í Þrótti og raunar alls ekki náð að festa sig í sessi. „Ismael komst bara ekki í hópinn gegn ÍA í gær en Bernal hefur verið meiddur,“ sagði Gunnar. Hann viðurkenndi jafnframt að það væri dýrt að vera með útlendinga í liðinu hjá sér sem væru ekkert að spila. Telja verður líklegt að Brasilíumennirnir yfirgefi Þróttara í verðbólgunni í júlí. **- hþh**

Dómur fellur yfir Prince:

## Frá í tvo leiki

**FÓTBOLTI Prince Rajcomar var í gær dæmdur í tveggja leikja bann fyrir að gefa Auðunni Helgasyni olbogaskot í leik Breiðabliks og Fram á mánudag. Prince fékk strax rautt spjald en Auðunn sat eftir með myndarlegt glóðarauga. - hþh**

# Meistararnir að missa af lestinni

**Arnar Gunnlaugsson tryggði FH sætan sigur á Íslandsmeisturum Vals á Vodafonevellinum í gær. Hann skoraði eina mark leiksins úr vítaspyrnu í uppbótartíma leiksins sem var hrútleiðinlegur.**

**FÓTBOLTI** FH er komið með níu stiga forskot á Val í Íslandsmótinu eftir sigur á Íslandsmeisturunum, 0-1, í gær. Valsmenn voru talsvert sterkari aðilinn í leiknum en sköpuðu lítið og nýttu ekki þau færi sem þeir þó sköpuðu. Það nýttu gestirnir sér til fullnustu í lokin og stungu af með öll stigin í rassvasanum.

Fyrri hálfleik verður aðeins lýst á einn hátt – ævintýralega leiðinlegur. Það gerðist nánast ekkert í hálfleiknum og þá meina ég ekkert. Á fyrstu 29 mínútum leiksins kom eitt skot í heildina. Það lenti í varnarmanni metra fyrir framan og komst því aldrei nálægt markinu. Það var álíka áhugavert að fylgjast með leik liðanna og að horfa á grasið vaxa á vellinum.

Bæði lið voru varkár í sínum leik og sóknarleikurinn ekki til útflutnings. Liðin spiluðu oft hægt á þröngu svæði og sendingar af köntunum voru ítrekað afspyrnuslakar.

Mesta lífið í hálfleiknum var þegar tveir stuðningsmenn FH-inga fóru yfir á Valssvæðið og ögruðu þar stuðningsmönnum Vals. Sá fíflaskapur hefði getað endað með hávaðaslagsmálum en endaði með léttum átökum tveggja manna sem stóðu stutt yfir. Þessi framkoma var þó þessum stuðningsmönnum FH til háborinnar skammar.

Síðari hálfleikur var skömminni skárri og þá helst hjá Valsmönnum. FH-ingar lágu frekar aftarlega, augljóslega sáttir við eitt stig en sóttu síðan hratt í von um að stela sigrinum.



**BARÁTTA** Valsmaðurinn Atli Sveinn Þórarinsson hefur hér betur í baráttu við FH-inginn Atla Viðar Björnsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**ÖRUGGT VÍTI** Arnar Gunnlaugsson tryggði FH þrjú stig. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Albert Ingason fékk dauðafæri á 52. mínútu og það var fyrsta færi leiksins takk fyrir. Slakur skalli hans fór beint á Daða Lárusson.

Birkir Már sótti meira upp kantinn í síðari hálfleik og við það kom meira líf í sóknarleik heimamanna. Valsmenn voru líklegri allan hálfleikinn en gekk illa að skapa sér færi því miðverðirnir Freyr Bjarnason og Tommy Nielsen voru fastir fyrir.

Það var flest sem benti til þess að leiknum myndi lykta með hundleiðinlegu, markalausu jafntefli þegar boltinn fór í hönd Barrys Smith og víti réttilega dæmt á Val. Þarna var komið fram í uppbótartíma. Varamaðurinn Arnar Gunnlaugsson skoraði af öryggi úr vítinu og tryggði gestunum öll stigin á Vodafonevellinum.

„Það var mjög ljúft að klára þetta,“ sagði brosmildur Arnar Gunnlaugsson eftir leikinn. „Valsmenn voru gríðarlega sterkir og seinni hálfleikurinn var sérstaklega erfiður. Það fellur ekkert með Valsmönnum þessa dagana. Fyrirfram hefðum við sætt okkur við eitt stig en það var ljúft að stela þessu í lokin.“

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, var ekki í sama sólskinsskapinu og Arnar. „Það er alltaf vont að tapa en ég er samt ofboðslega stoltur af liðinu mínu. Það er sárt að hafa nánast yfirspilað andstæðinginn, eiga urmul af færum en ná ekki að nýta þau. Þegar slíkt gerist er alltaf hætta að maður fái mark í andlitið,“ sagði Willum en var þetta víti að hans mati?

„Ég kalla eftir því að þið fjölmiðlamenn sinnið ykkar hlutverki og farið faglega yfir það hvernig dómarar eru að standa sig. Það er ekki mitt hluverk,“ sagði Willum Þór en það verður einmitt ekki skilið við þennan leik án þess að minnast á klassaframmistöðu Kristins Jakobssonar sem dæmdi frábærlega. Virðist engu skipta þó hann hafi lítið annað gert en að lyfta skiltum síðustu vikur. **- hbg / - hþh**

**Valur 0-1 FH**

Vodafonevöllurinn, áhorf.: 1774 Kristinn Jakobsson (9)

*0-1 Arnar Gunnlaugsson, víti (90.+2)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–7 (2–4) |
| Varin skot | Kjartan 3 – Daði 2 |
| Horn | 9–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–15 |
| Rangstöður | 3–1 |

| **VALUR** 4–4–2 | | **FH** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan Sturluson | 6 | Daði Lárusson | 6 |
| Birkir Már Sævarsson | 6 | Guðmundur Sævarss. | 6 |
| Atli Sveinn Þórarinss. | 6 | ***Tommy Nielsen** | **7** |
| Barry Smith | 6 | Freyr Bjarnason | 7 |
| Rene Carlsen | 5 | Hjörtur Logi Valgarðs. | 6 |
| Rasmus Hansen | 4 | Dennis Siim | 3 |
| (72. Sigurbjörn Hreið. | -) | Davíð Þór Viðarsson | 4 |
| Bjarni Ólafur Eiríkss. | 5 | Bjarki Gunnlaugsson | 4 |
| Pálmi Rafn Pálmason | 6 | (63. Jónas Grani | 4) |
| Hafþór Ægir Vilhjál. | 2 | Atli Guðnason | 2 |
| (82. Guðmundur Ben. | -) | (63. Matthías Guðm. | 4) |
| Albert Ingason | 3 | Atli Viðar Björnsson | 2 |
| (72. Guðm. Hafsteins. | -) | Tryggvi Guðmundss. | 3 |
| Helgi Sigurðsson | 5 | (84. Arnar Gunnlaugss. | -) |

*Maður leiksins




Lið þjálfarans Þorvaldar Örlygssonar síðustu tvö sumur eiga eitt sameiginlegt:

## Fyrsta markið skiptir öllu máli

**FÓTBOLTI** Framarar hafa slegið í gegn undir stjórn Þorvaldar Örlygssonar en eftir átta leiki er Safamýrarliðið í 3. sæti með aðeins fimm mörk fengin á sig.

Líkt og fyrr leggur Þorvaldur upp úr góðum varnarleik og skynsamlegum sóknarleik og það er að skila árangri. Þorvaldur náði einnig frábærum árangri með lið Fjarðabyggðar í fyrra en liðið fékk þá á sig fæst mörk allra í deildinni og endaði í 5. sæti.

Þegar tölfræði liðs Fram í sumar og Fjarðabyggðar í fyrra er borin saman kemur vel í ljós hversu fyrsta markið er mikilvægt fyrir liðin hans Þorvaldar. Fram hefur komist fimm sinnum í 1-0 í sumar og allir þeir leikir hafa unnist með markatölunni 9-1. Fram hefur aftur á móti lent þrisvar sinnum 0-1 undir og allir þeir leikir hafa tapast. Þetta er ekkert nýtt því sömu sögu er að segja frá gengi Fjarðabyggðarliðsins í fyrra. Fjarðabyggð komst þá 17 sinnum 1-0 yfir, vann 16 þeirra leikja, gerði 1 jafntefli og var með markatöluna 23-4 í þeim. Fjarðabyggð tapaði hinsvegar öllum sjö leikjunum þar sem liðið lenti 0-1 undir.

Undanfarin tvö sumur eru lið Þorvaldar Örlygssonar bæði stigalaus og markalaus í þeim tíu leikjum sem þau hafa lent 0-1 undir og markatalan er hálf ótrúleg eða 0-17 þeim í óhag. **-óój**



**GÓÐUR ÞJÁLFARI** Þorvaldur Örlygsson. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**LIÐ ÞORVALDAR 2007-08:**

**Komast 1-0 yfir í leikjum sínum**

| | |
|---|---|
| Leikir | 17 |
| Sigrar-Jafntefli-töp | 16-1-0 |
| Markatala | 32-5 (+27) |
| Stig (hlutfall) | 49 (96%) |

**Lenda 0-1 undir í leikjum sínum**

| | |
|---|---|
| Leikir | 10 |
| Sigrar-Jafntefli-töp | 0-0-10 |
| Markatala | 0-17 (-17) |
| Stig (hlutfall) | 0 (0%) |

*** 3 leikir enduðu með markalausu jafntefli.**


GLÆNÝR GUITAR HERO LEIKUR
40 SJÓHEIT ROKKLÖG MEÐ AEROSMITH, LENNY KRAVITZ,
CLASH, POLICE, RUN DMC, STONE TEMPLE PILOTS OG FLEIRUM...
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið.
GUITAR HERO
AEROSMITH
GLÆNÝR GUITAR HERO LEIKUR
PlayStation.2
BÝR GÍTARHETJA Í ÞÉR?
AÐALVINNINGUR ER
GÍTAR, GUITAR HERO 1, 2 OG 3 ÁSAMT
GUITAR HERO AEROSMITH
SENDU SMS BTL GHA
Á NÚMERIÐ 1900
LENDIR 26. JÚNÍ!
Sony Ericsson
SMS LEIKUR
9. HVER VINNUR!
Aukavinningar: Best of Aerosmith tónlistardiskur, Guitar Hero 1, 2 og 3, Guitar Hero Aerosmith PS2,
Guitar Hero Rocks the 80's, fullt af Pepsi, Tölvuleikir, DVD og margt fleira.

## > Michael Caine

„Munurinn á kvikmyndastjörnu og kvikmyndaleikara er sá að stjarnan segir: „Hvernig get ég breytt handritinu þannig að það henti mér“ en leikarinn segir „hvernig get ég breytt mér svo það henti handritinu“. Caine leikur í myndinni „The Weather Man“ sem sýnd er á stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SITUR PÁLL BALDVIN BALDVINSSON OG BÍÐUR EFTIR AUGLÝSINGU

# *Nýja tojóturöddin selur betur en sú gamla.*

Það væri auðvitað algerlega brilljant hjá þeim í Tojóta að kasta Agli Ólafssyni og fá Megas fyrst Þórsgötubúinn hefur náð því að selja lagstúf í auglýsingu. Þar með er ísinn brotinn segja hinir vandlætingasömu og víðsýnu aðdáendur Magga og hafa síðan þetta kom upp grátið sig í svefn öll kvöld. Nú vantar bara að Maggi selji ímyndina meira og betur: raksápur, augnskuggar, hjól, kynlífstæki, hvað fleira kemur til: Fasteignir?

Hef reyndar oft hugsað það: hvort er Tojóta auglýsing fyrir Egil eða hann auglýsing fyrir umboðið. Aldrei sé ég hann öðruvísi en mér detti eldri Tojóta í hug. Hinar yngri eru svo líkar mörgum öðrum tegundum að ég gæti ekki fest á þær mynd þótt dauðinn lægi við. Ef ég sest í leigubíl af Tojóta-gerð heyri ég í huga mér Egil fara með þreytta frasa úr auglýsingum. Ætli hann átti sig á þessu Grettisgötugarpurinn? Þetta skemmir fyrir manni einföldustu leigubílaferðir. Egill Ólafsson á endalausu „replay“.

Þetta væri skúbb hjá Tojóta-liðinu. Stúta Agli og ráða Magga: þá legði fólk við hlustir, ekki víst að salan myndi aukast en allavega tækju menn eftir auglýsingunum.

Nú má reyndar velta fyrir sér hvort þær fyrirferðarmiklu auglýsingar sem bílainnflytjendur keyra stöðugt til að minna viðskiptavini á tilvist sölugripa sinna hafi eitthvað að segja: þarftu að sjá bílinn æða um landið, mannlaust og mannlausan, blússa gegnum pollana til að finna hjá þér svo sterka löngun til að ganga í faðm lýsingarfyrirtækja að þú hlaupir til. Sama hvaða rödd lokkar þig?



NÝ RÖDD, GAMLA LÚKKIÐ

## EKKI MISSA AF



▶ **20.05** PGA Tour 2008
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** What I Like About You
SKJÁREINN



▶ **20.40** Baldni folinn (Rough Diamond)
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.05** Cashmere Mafia
STÖÐ 2



▶ **21.15** Rolling Stones - The Truth Lie
STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 EM 2008 - Upphitun** Hitað upp fyrir næsta leik á EM í fótbolta.

**18.00 Fréttir**

**18.23 Veður**

**18.25 EM 2008 - Upphitun**

**18.45 EM í fótbolta 2008** Bein útsending frá leik Tyrkja og Þjóðverja í undanúrslitum.

▶**20.40 Baldni folinn** (Rough Diamond) (1:6) Breskur myndaflokkur um tamningamann í Kildare-sýslu á Írlandi sem stendur í stórræðum. Aðalhlutverk: Conor Mullen, Stanley Townsend, Lorraine Pilkington, Eamon Morrissey og Ben Davies.

**21.35 Úr vöndu að ráða** (Miss Guided) (3:7) Bandarísk gamanþáttaröð um konu sem var skotspónn skólafélaga sinna vegna útlits og óframfærni en snýr aftur seinna í skólann sem námsráðgjafi. Aðalhlutverk: Judy Greer, Chris Parnell, Kristoffer Polaha, Earl Billings og Brooke Burns.

**22.00 Tíufréttir**

**22.35 Víkingalottó**

**22.40 EM 2008 - Samantekt**

**23.10 Saga rokksins** (Seven Ages of Rock) (5:7) Bresk heimildaþáttaröð um sögu rokktónlistar frá því um 1960 og til nútímans. Í þessum þætti er fjallað um leikvangarokkið á 8. og 9. áratugnum og áhrif þess á menningu og stjórnmál um allan heim. Við sögu koma Led Zeppelin, Kiss, The Police, U2, Queen, Bruce Springsteen og Dire Straits.

**00.00 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**06.25 The Weather Man**

**08.05 Emil og grísinn**

**10.00 Moonlight And Valentino** (e)

**12.00 Hitch**

**14.00 Emil og grísinn**

**16.00 Moonlight And Valentino** (e)

**18.00 Hitch**

**20.00 The Weather Man** Kvikmynd með Michael Caine og Nicolas Cage um veðurfræðing sem hefur fórnað fjölskyldu sinni og einkalífi fyrir frama og frægð.

**22.00 A Little Trip to Heaven**

**00.00 Life Support**

**02.00 Tristan + Isolde**

**04.05 A Little Trip to Heaven**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Rannsóknarstofa Dexters, Camp Lazlo og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah** (Headline-Making Survivors)

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella**

**10.15 ´Til Death** (13:22)

**10.40 My Name Is Earl** (7:22)

**11.10 Homefront** (12:18) (e)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours**

**13.10 Sisters** (20:24)

**14.00 Grey´s Anatomy** (23:36)

**15.00 Friends** (22:24)

**15.25 Friends**

**15.55 Skrímslaspilið** (Yu Gi Oh)

**16.18 BeyBlade**

**16.43 Könnuðurinn Dóra**

**17.08 Tracey McBean**

**17.18 Ruff´s Patch**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.30 The Simpsons** (7:22)

**19.55 Friends** (10:23)

**20.20 Flipping Out** (3:7)

▶**21.05 Cashmere Mafia** (2:7) Fjórar nánar vinkonur búa allar og starfa í New York. Á yfirborðinu virðist líf þeirra fullkomið. Fallegar, fjáðar og á ofsahraða á framabrautinni. En eins og oft vill verða er það einkalífið sem flækist fyrir þeim, og það allrækilega.

**21.50 Medium** (12:16) Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir óvenjulegum, yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu.

**22.35 Oprah**

**23.20 Grey´s Anatomy** (24:36)

**00.05 Women´s Murder Club** (2:13)

**00.50 Moonlight** (4:16)

**01.35 Perfect Strangers**

**03.10 Flipping Out** (3:7)

**03.55 Medium** (12:16)

**04.40 Cashmere Mafia** (2:7)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Landsbankadeildin 2008** Valur - FH

**17.45 Landsbankadeildin 2008** Valur - FH

**19.35 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst bak við tjöldin.

▶**20.05 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaröðinni í golfi.

**21.00 F1. Við endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.

**21.40 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.

**22.40 Meistaradeildin - Gullleikir** Barcelona - Man. Utd. 25.11. 1998. Félögin mættust í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu keppnistímabilið 1998-99. Eftir 3-3 jafntefli á Old Trafford var búist við miklu en rauðu djöflarnir mættu ákveðnir til leiks og voru staðráðnir í að láta Börsunga ekki slá sig út af laginu.

**00.25 Main Event, Las Vegas, NV - World Series of Poker 2007**

## 2 SPORT 2

**17.50 Football Icon** Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea. Sjö þúsund samningslausir knattspyrnumenn á aldrinum 16-18 ára skráðu sig til leiks og fjórtán voru valdir til þess að taka þátt í þessum vikulegu þáttum.

**18.40 Masters Football** UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

**21.30 10 Bestu - Sigurður Jónsson** Fimmti þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**22.20 PL Classic Matches** Tottenham - Manchester Utd. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.50 Bestu bikarmörkin -** Manchester United Ultimate Goals

**23.45 EM 4 4 2**

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Dynasty** (e)

**09.30 Vörutorg**

**10.30 Óstöðvandi tónlist**

**15.00 Vörutorg**

**16.00 Snocross** (e)

**16.30 Girlfriends**

**17.00 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**18.30 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.

**19.20 Jay Leno** (e)

▶**20.10 What I Like About You** (3:22) Gamansería um tvær ólíkar systur í New York. Þegar pabbi þeirra tekur starfstilboði frá Japan flytur unglingsstúlkan Holly inn til eldri systur sinnar, Valerie. Holly er mikill fjörkálfur sem á það til að koma sér í vandræði og setur því allt á annan endann í lífi hinnar ráðsettu eldri systur sinnar.

**20.35 Top Chef** (7:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu. Kokkarnir sex sem eftir eru þurfa að sanna sig með því að útbúa ljúffenga samloku. Síðan tekur dramatíkin völdin þegar kokkarnir verða að búa til sína eigin veitingastaði.

**21.25 Style Her Famous** (3:8) Jay Manuel heimsækir venjulegar konur sem dreymir um að líta út eins og stjörnurnar í Hollywood.

**21.50 How to Look Good Naked** (6:8) Carson Kressley hjálpar konum með lítið sjálfsálit að hætta að skammast sín fyrir líkamann og læra að meta lögulegar línurnar.

**22.20 Secret Diary of a Call Girl** (6:8)

**22.50 Jay Leno**

**23.40 Eureka** (e)

**00.30 Girlfriends** (e)

**01.00 Vörutorg**

**02.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.20**

### Flipping Out



Bráðfyndnir og sumpart fróðlegir raunveruleikaþættir sem fjalla um Jeff Lewis, sem er sannur furðufugl, framapotari, fjárkúgari, fullkomnunarsinni, fegurðardýrkandi og algjör fantur. Hann býr einn, rekur eigið fasteignafyrirtæki, elskar hundana sína meira en nokkuð annað og rekur starfsfólkið hjá sér nokkrum sinnum á dag. Þrátt fyrir þetta tekst honum að vera sjarmerandi, laðar að sér gott fólk og kann sitt fag betur en flestir aðrir.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**EM í fótbolta BEINT**

**Sjónvarpið kl. 18.45**

Í dag verður bein útsending frá leik Tyrkja og Þjóðverja í undanúrslitum EM. Þorsteinn J. stjórnar upphitun fyrir leik og samantekt úr leik dagsins sem hefst kl. 22.40.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Viltu syngja minn söng?
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bravó, bravó!
**15.03** Útvarpssagan: Múrinn í Kína
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Tímakorn
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Svartfugl
**22.45** Svörtu sönggyðjurnar
**23.30** Loftbelgur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

**16.30 Hollyoaks**

**17.00 Seinfeld** (15:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

**17.30 Special Unit 2** (4:19)

**18.15 Rolling Stones - The Truth Lie**

**19.00 Hollyoaks**

**19.30 Hollyoaks**

**20.00 Seinfeld** (15:22)

**20.30 Special Unit 2** (4:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir um sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.

▶**21.15 Rolling Stones - The Truth Lie** Heimildarmynd um Rolling Stones þar sem 40 ár af tónlist, skandólum, uppgjörum og frábærri sviðsframkoma eru tekin fyrir. (e)

**22.00 Shark** (15:16) Sebastian sækir erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.

**22.50 Traveler** (4:8) Tveir skólafélagar standa skyndilega frammi fyrir því að vera hafðir fyrir rangri sök um að hafa valdið hryðjuverkasprengju á safni. Í fyrstu halda þeir að um einskæra tilviljun sé um að ræða en á flótta sínum komast þeir að því að annað kunni að vera uppi á teningnum.

**23.30 Twenty Four 3** (5:24)

**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Gestir: Ellý Ármanns, Katrín Júlíusdóttir, Sigríður Klingenberg, Hallgrímur Helgason.

**21.00 Birkir Jón** Umsjón: Birkir Jón Jónsson alþingismaður. Gestur: Ólafur Már Björnsson augnlæknir.

**21.30 Óli á Hrauni** Umsjón: Ólafur Hannesson, formaður Jafnréttindafélagsins. Fjallað um ímynd Íslands.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Kontant **10.35** Et godt kvarter **10.50** Vagn på floden **11.30** Det store bryllup **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **13.50** En lille reminder **14.05** Last Exile **14.30** Bernard **14.35** Lucky Luke **15.00** Amigo royal **15.30** Kære Sebastian **15.50** Lisa **16.00** Sommertid **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Sommervejret på DR1 **17.05** Hercule Poirot **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** De store bjørne **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.40** Onsdags Lotto **21.45** OBS **21.50** Seinfeld **22.15** Møde med psykolog Peter Währborg

## NRK 1

**10.15** Fosterhjem for dyr **10.45** Danske vidundere **11.15** Presidenten **12.00** Wimbledon direkte **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Barne-tv **16.10** Gnottene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Kollektivet i Köping **17.55** Kaoskontroll **18.25** Litt som deg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Vikinglotto **19.40** Kriseteamet **20.30** Ekstremsportveko **21.00** Kveldsnytt **21.20** Sport i kveld **21.21** Nachspiel Wimbledon **21.35** Verdensserien i sandvolleyball, Stavanger **21.45** Colditz **23.20** Du skal høre mye jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Himlen över Danmark **10.35** Mitt i naturen **11.05** Orangutangernas räddare **12.40** Trion från Belleville **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** När minnet är borta **15.30** Fantastiska berättelser **16.00** Lilla röda traktorn **16.10** Storasyster och lillebror **16.15** Bosse bogserbåt **16.30** Hej hej sommar **16.31** Planet Sketch **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue water high **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag granskning - sommarspecial **19.00** Plus sommar **19.30** Livräddarnas tips **20.00** Big Love **20.55** Big Love **21.45** Rapport **21.55** Sommartorpet **22.25** Packat & klart sommar **22.55** Baronessan **23.25** Sändningar från SVT24





**„Ég sá það fyrst á visir.is“**

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, stórviðburðir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

VISIR.IS

**...ég sá það á visir.is**

## MORGUNMATURINN



*„Vanalega fæ ég mér hafragraut með sólblómafræjum, heslihnetum, rúsínum og möndlum sem ég legg í bleyti kvöldið áður. Annars fer það eftir hvað er til í hann. Ef ekki fæ ég mér hrökkbrauð með osti eða Cheerios eða jafnvel ekki neitt. Hafragrauturinn er þegar einhver regla er á lífinu.“*

Tinna Lind Gunnarsdóttir, leikkona og flugmaður.

# Viðrar þokkalega til Sigur Rósar



**ÁNÆGÐUR MEÐ AÐ HLJÓMSVEITARGÆJAR HLUSTI Á VEÐRIÐ** Haraldur Ólafsson spáir þokkalegu veðri fyrir Náttúrutónleika Sigur Rósar og Bjarkar.

„Mér sýnist líklegast að það verði norðanátt, þurrt og nokkuð bjart, en frekar svalt,“ segir Haraldur Ólafsson veðurfræðingur um veðurfarið í Reykjavík kvöldið sem Náttúrutónleikarnir með Björk og Sigur Rós verða haldnir í Laugardalnum. „Meginstefið í spá næstu viku er norðanátt með lítilsháttar skúratilbrigðum og þegar læsist í norðanátt vill það endast lengi. Veðrið á laugardaginn verður því líklegast svipað því sem það var hér í gær.“

Í kjölfar loftárása Nato á Belgrad árið 1999 sagði Haraldur í veðurfréttatíma í sjónvarpinu að það „viðraði vel til loftárása“ á þeim slóðum. Strákarnir í Sigur Rós gripu frasann á lofti og nefndu eitt lagið sitt „Viðrar vel til loftárása“ á meistaraverkinu Ágætis byrjun. „Nei, ég hef aldrei hitt þessa stráka,“ segir Haraldur, „en ég er ánægður með að svona hljómsveitargæjar hlusti á veðrið. Ég á ekki plötuna en það kann að vera að sonur minn eigi hana. Ég hef þó heyrt lagið.“

Auk Sigur Rósar og Bjarkar koma fram Ghostigital og Ólöf Arnalds. Listamennirnir vilja með tónleikunum vekja athygli á náttúru Íslands og náttúruvænum atvinnugreinum.



**FÁ GOTT VEÐUR** Drengirnir í Sigur Rós fá góða veðurspá fyrir tónleika sína í Laugardalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ókeypis verður á tónleikana en Reykjavíkurborg styrkir þá um 4 milljónir. **- glh**



**LÁRÉTT**
**2.** gáski, **6.** klafi, **8.** atvikast, **9.** gums, **11.** klaki, **12.** frumefni, **14.** mælieining, **16.** nudd, **17.** frjó, **18.** ennþá, **20.** 999, **21.** betl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** í röð, **4.** baptisti, **5.** prjónavarningur, **7.** hænsnfugl, **10.** blása, **13.** heyskaparamboð, **15.** losa, **16.** tangi, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** ok, **8.** ske, **9.** lap, **11.** ís, **12.** flúor, **14.** karat, **16.** nú, **17.** fræ, **18.** enn, **20.** im, **21.** snap.

**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** rs, **4.** skírari, **5.** les, **7.** kalkúnn, **10.** púa, **13.** orf, **15.** tæma, **16.** nes, **19.** na.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Hjúkrunarfræðingar
2. Helgi Hóseasson
3. Sádiarabískur








**KVIKMYNDAFRAMLEIÐANDI Á SJÚKRABEÐI** Halldór Þorgeirsson liggur nú á Landspítalanum og bíður eftir bjargræði. Hann komst ekki til Moskvu þar sem kvikmyndin Veðramót er sýnd á stórri kvikmyndahátíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HALLDÓR ÞORGEIRSSON: HNÉ NIÐUR VIÐ GARÐSLÁTTINN

# Missir af Moskvu eftir hjartaáfall í garðinum

„Það fór bara allt í vitleysu,“ segir Halldór Þorgeirsson kvikmyndaframleiðandi sem fékk hjartaáfall í garðinum heima hjá sér föstudaginn 13. júní. „Ég var bara að slá blettinn til að hafa hann fínan meðan við værum í Moskvu. Þá hneig ég niður.“

Halldór framleiddi myndina Veðramót en kona hans Guðný Halldórsdóttir leikstýrði myndinni. Hún er ásamt leikurum myndarinnar í Moskvu á kvikmyndahátíð sem Halldór ætlaði einnig að sækja. Hjartaáfallið kemur hins vegar í veg fyrir það. „Það kom ekkert annað til greina en að vera eftir heima,“ segir Halldór sem fer í aðgerð í næstu viku þar sem hann á að fá svokallaðan bjargráð. „Já það er nýyrði. Þetta er hátækni gangráður. Gangráður er víst bara stilltur á einn takt en þessi jafnar út hjartsláttinn eftir því hvað þú ert að gera – svo það líði nú ekki yfir þig meðan þú ert að slá.“

Myndin Veðramót hlaut gríðarlega góðar viðtökur áhorfenda sem og gagnrýnenda. Tilurð og dreifing myndarinnar hefur þó ekki verið sársaukalaus. „Duna [Guðný Halldórsdóttir] fékk lungnabólgu í tökunum. Svo hneig dreifingaraðili myndarinnar niður á sunnudaginn og liggur nú á spítala í München,“ segir Halldór sem hefur verið límdur við símann á Landspítalanum að reyna að finna staðgengil dreifingaraðilans. Stúlka sem starfar hjá dreifingaraðilanum í Þýskalandi var kölluð til úr fríi í Prag og bíður þess nú að komast til Moskvu.

Halldór segir mikilvægt að framleiðandi eða dreifingaraðili sé á staðnum þegar mynd fer á hátíð sem þessa. „Menn segja það sem þeir meina við okkur, en eru kannski ragir við að segja allt við leikstjórann. Ég bind því miklar vonir við þessa þýsku dömu.“

Að öðru leyti lætur Halldór vel af dvölinni á Landspítalanum og eigin líðan. Maturinn fínn en hann hafði þó með sér 1944 lasagne til öryggis, sem hann hefur ekki þurft að grípa til. Hann viðurkennir að sér hafi verið mjög brugðið. „Auðvitað er maður skíthræddur. Sem betur fer var Duna heima og læknirinn var kominn eftir sex mínútur og sjúkrabíll skömmu síðar. Annars veit maður ekki hvernig hefði farið.“

**soli@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tískufyrirtækið Zegna heldur útgáfuparty **Garðars Cortes** á fimmtudag í London vegna nýrrar plötu hans sem beðið er í ofvæni. Garðar er einn af sendiherrum fyrirtækisins ásamt **Michael Caine** og fleiri stórstjörnum. Allar helstu stjörnur í samkvæmislífi stórborgarinnar eru á gestalista og er talið að veislan kosti milljónir. Er öllu til tjaldað og því kemur ekki á óvart þegar heyrist að sjálf **Dorrit Moussaieff** muni verða viðstödd og kynna Garðar þegar hann stígur á stokk og hefur upp raust sína.





**Sigga Dóra** menningarfrömuður á Vopnafirði furðar sig á því að enginn fjölmiðill skyldi minnast aldarafmælis listmálarans sérstæða **Stefáns frá Möðrudal** sem fæddist 24. júní á Arnórsstöðum á Jökuldal. Sjálf ætlar hún að gangast fyrir dagskrá í félagsheimilinu Vopnafirði ásamt **Sigmari Ó. Maríussyni** gullsmiði um miðjan næsta mánuð. Þar verða sagðar sögur af Stefáni og sýnd verk hans. Stefnt er að því að fá Björn Inga Hilmarsson leikara á dagskrána en hann sigraði eftirhermukeppni sem karlaklúbburinn í Skálkaskjóli gekkst fyrir þar sem hann hermdi eftir Stefáni.



Og meira af **Birni Inga Hilmarssyni** leikaranum góða. Hann er nú á leið til sjós og bíður eftir plássi á togaranum Bergi frá Vestmannaeyjum. **- jbg**

# Íslendingar Evrópumeistarar í fótbolta

Fótboltadeild Aspar, sem er íþróttafélag fyrir þroskahefta og fatlaða, tók þátt í Evrópuleikum Special Olympics í fótbolta í byrjun maí. Leikarnir voru haldnir í Sviss og tóku 24 þjóðir þátt. Íslenska liðið sem var í riðli með Belgum, Svisslendingum og Finnum bar sigur úr býtum í sínum riðli. Annar þjálfari fótboltaliðsins, Darri McMahon, segir að keppt hafi verið í sex mismunandi styrkleikaflokkum og keppti Ísland í styrkleikaflokki þrjú. Darri segir liðið hafa tekið mikluml framförum síðastliðin ár. „Æfingarnar sem leikmennirnir gera eru margar erfiðar, en þeir hafa gaman af að takast á við þær. Þeir hafa náð ótrúlegum árangri með ströngum æfingum og mikilli vinnu,“ segir Darri. Liðið æfir tvisvar í viku yfir sumartímann og segir Darri að leikmennirnir séu einstaklega metnaðarfullir margir hverjir, „Þeir vilja vinna leikina og sumir geta verið mjög tapsárir. Ef þeir tapa þá getur það endað með stympingum og orðaskaki. Flestir eru þó mjög drengilegir íþróttamenn.“

Öspin hefur verið starfrækt í 28 ár. Félagið var stofnað af foreldra- og kennarafélagi Öskjuhlíðarskóla með stuðningi frá Íþróttasambandi fatlaðra. „Hjá okkur æfa krakkar úr Öskjuhlíðarskóla og úr sérdeildum annara skóla á höfuðborgarsvæðinu. Félagsmönnum okkar stendur til boða að æfa sund, borðtennis, frjálsar íþróttir og lyftingar svo fátt eitt sé nefnt,“ segir formaður Aspar, Ólafur Ólafsson, en hann hefur gegnt því starfi í 26 ár. Þeim sem vilja kynna sér starf Aspar frekar er bent á heimasíðu félagsins www.ospin.is. **-sm**



**FENGU GULL Á EVRÓPUMÓTI Í FÓTBOLTA** Vinningslið Aspar hampar hér gullinu sem það vann á Evrópuleikum fatlaðra í fótbolta í maí.


appliance
Vandaður blástursofn með 6 eldunarkerfum þ.á.m. grill
Stafræn klukka
Burstað stál
Verð áður kr. 59.900
SETT VERÐ
AFSLÁTTUR 36%
Bæði tækin
69.900
appliance
Vandað keramik helluborð með snertitökkum
Barnalæsing
Verð áður kr. 49.900
KERAMIK HELLUBORÐ MEÐ SNERTITÖKKUM
AFSLÁTTUR 29%
Verð nú
24.900
appliance
60 cm vegghháfur stál með 870 rúmmetra sogafköstum
3 hraðastillingar
Verð áður kr. 34.900
Ískalt Coke & belgískt konfekt í boði
ZANUSSI
Flott eldavél með fjölkerfa blástursofn
Grill + undir- og yfirhiti
Keramik helluborð
Burstað kámfrítt stál
HxBxD: 90x59,6x60 cm
Verð áður kr. 94.900
ÞÚ SPARAR 15.000
STÁL
Verð nú
79.900
175 CM
ZANUSSI
Rúmmál kælis 230 lítrar og 105 lítra frystir
Orkunýtni A
MAXI frystiskúffur með betri nýtingu og nægu rými
Flöskurekki úr stáli
2 stórar grænmetisskúffur
Glerhillur með kanti
Sjálfvirk afþíðing í kæli
Hljóðlátur 38 dB(A)
HxBxD: 175x59,5x60 cm
Verð áður kr. 94.900
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú
74.900
3xA einkunn fyrir orku / þvott & þurrkun
AFSLÁTTUR 25%
Verð nú
59.900
Electrolux
1400 snúninga hraðþvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni
Tekur allt að 6 kg af taui
Hraðval á algengum þvottakerfum
Seinkun á gangsetningu 0-23 klst klst.
A/A einkunn fyrir þvott/orku
Þriggja ára ábyrgð
Verð áður kr. 89.900
1400 snúninga hraðþvottavél með skjá
AFSLÁTTUR 23%
Verð nú
69.900
Electrolux
Hljóðlát uppþvottavél með hraðþvottakerfi, pottakerfi og glasakerfi
Framstillt ræsing möguleg
Breytileg innrétting
HxB 82-91 x 59,5 cm
Verð áður kr. 79.900
DOMO
1800W ryksuga með stillanlegum sogkrafti og HEPA filter
Fylgihlutageymsla
Parkethjól
Stillanlegt skaft
Verð áður kr. 11.900
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú
5.990
Sparaðu allt að 70%
ÚTSALA!
HEFST Í DAG - OPIÐ UM HELGINA!
AFSLÁTTUR 67%
Verð nú 1.290
2.990
Eldhúsvog digital með skál
AFSLÁTTUR 43%
Verð nú 1.990
3.490
Hraðsuðukanna 2000W 1,7 ltr
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 1.490
2.990
Tveggja bolla kaffivél
AFSLÁTTUR 40%
Verð nú 4.490
7.490
Djúpsteikingapottur 3 ltr
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 1.490
2.990
Eggjasjóðari fyrir 1-7 egg
AFSLÁTTUR 40%
Verð nú 2.990
4.990
Flott brauðrist í burstuðu stáli
AFSLÁTTUR 27%
Verð nú 3.990
5.490
Mjög vandað vöfflujárn m/hitastilli
AFSLÁTTUR 43%
Verð nú 1.990
3.490
Gufustraujárn 1800W
OG EINNIG...
Brauðristar............1.490
Kaffivélar...............1.490
Hraðsuðukönnur....1.490
Sítruspressur.........1.490
Töfrasprotar...........1.990
Samlokugrill...........1.990
Hrísgrjónapottar.... 2.990
Mínútugrill.............4.990
Matvinnslutæki...... 2.490
Vöfflujárn...............3.990
Ísgerðarvélar..........4.990
Kaffikvarnir............1.990
Fótanuddtæki........ 3.990
Hárklippisett...........1.490
Sléttijárn keram......1.990
Rakatæki...............7.990
Hitablásarar...........1.990
Handklæðaofnar....3.990
AFSLÁTTUR 15%
Verð nú
15.990
AFSLÁTTUR 40%
Verð nú
5.990
9.990
Dekur & SPA sett - 4 tæki í pakka
AFSLÁTTUR 45%
Verð nú 990
1.790
Ferðahárblásarar - 3 litir
AFSLÁTTUR 40%
Verð nú 2.990
4.990
Örþunn baðvog digital gler
AFSLÁTTUR 20%
Verð nú 3.990
4.990
Olíufylltur rafmagnsofn
Electrolux
Ergorapido 2 í 1 handryksuga og léttryksuga fyrir hleðslu. Undraverð nýjung sem allir verða að eignast.
Verð áður kr. 18.990
Rafha ehf
Opið
Virka daga 9-18
Laugardag 10-18
Sunnudag 13-17
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**


## MEST LESIÐ:

- 240 sagt upp hjá Icelandair
- Barnaníðingurinn Ágúst barinn af hópi manna
- Enginn ísbjörn en spor eftir sauðfé
- Eigandi grafna hundsins fær hann aftur


vísir.is
...ég sá það á visir.is




**BAKÞANKAR**

Þórhildar Elínar Elínardóttur


# Áfallastreiturösku n

Á víðáttum vefsins var nýlega frétt um rannsókn sem segir að áttundi hver nágranni World Trade Center finni enn til streitu eftir atburðina 11. september 2001. Í notalegri fjarlægð er hægt að láta sér fátt finnast um langvarandi eftirstöðvar lífsháska hjá öðrum, en bara Suðurlandsskjálftinn um daginn rifjaði upp frumstæða varnarþörf sem sjálfkrafa lifnar í hættuástandi. Jafnvel þótt ég hafi í það sinn verið akandi og því misst af raunverulegri upplifun jarðskjálftans, spratt upp meðvirknisleg samúðarstreita jafnskjótt og útvarpið sagði fréttirnar. Ég varð strax á varðbergi og fann þörf til að fá börnin til að ræða upplifun sína og tilfinningar til að minnka líkur á hugsanlegri áfallastreituröskun. Sem var jafngott að ég lét vera, því í ljós kom að blessuð börnin höfðu verið upptekin við að róla og renna og alveg misst af náttúruhamförunum.

**LENGI** eftir þjóðhátíðarskjálftann á aldamótaárinu var ég í viðbragðsstöðu af minnsta tilefni. Samt hafði upplifunin verið frekar hugguleg miðað við margra annarra og kostaði ekki svo mikið sem einn kristalsvasa úr hillu. Spurning hvort taugaveiklunin er einkenni á manneskju sem hefur svigrúm til að dúlla við fíngerðari tilfinningar. Að minnsta kosti getur hún skotið upp kollinum við ýmsar aðstæður.

**ÞEGAR** fjölskyldan flutti af heimilinu hér um árið vegna byggingarframkvæmda leið mér eins og dauðans alvöru flóttamanni. Ofurviðkvæmni þess sem alls nýtur í lífinu var slík, að tímabundnir flutningar úr 101 í gestaherbergi hjá mömmu urðu eftirminnileg óþægindi. Samt kom öllum ljómandi vel saman og allt gekk prýðilega. Aðstæður í útlegðinni voru mjög svo mannsæmandi, heitar máltíðir daglega, hreinlætisaðstaða á heimsmælikvarða, umtalsverð aðstoð við barna- og þvottastúss. En rosa pirrandi að búa svona í ferðatöskum og finna hvergi hárblásarann, svo lengi á eftir var ég auðvitað soldið skekin á sálinni.

**ÓTRÚLEGIR** hæfileikar manneskjunnar til að lifa af ítrustu reynslu kristallast kannski frekar í fólki sem stöðugt stendur frammi fyrir raunverulegum lífsháska. Munaðarleysingjar í Úganda, mæður og feður í Palestínu, konur í afskekktum héruðum Afganistans. Kannski hafa þau aldrei heyrt um áfallastreituröskun.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 25. júní, 178. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.58 | 13.30 | 0.02 |
| Akureyri | 1.37 | 13.15 | 0.50 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




Þá smælar heimurinn framan í þig

Við hjá Toyota erum stolt af því að hafa verið hluti af íslensku samfélagi í hartnær 40 ár og hlökkum til að takast á við verkefni morgundagsins, með bros á vör. :-)

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota á Íslandi
Nýbýlavegi 2-8
200 Kópavogi
Sími: 570-5070